



Alma D. Möller landlæknir hvetur alla sem eru í sóttkví og þurfa að vera mikið heima til að huga að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu á tímum COVID-19. Vinkonurnar sem hjóluðu saman um Laugardalinn í gær hafa eflaust kynnt sér heilsuráðin tíu sem Alma hefur birt á vef Landlæknis, en eitt þeirra er röskleg hreyfing á hverjum degi. Mælt er með að fullorðnir hreyfi sig í hálf tíma á dag að lágmarki en börn í klukkutíma. Meðal annarra heilræða landlæknis eru hollt mataræði, góðar svefvenjur, góðvild, þakklæti og samkennd. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skellt í lás í miðbæ Reykjavíkur

Meirihluta verslana í miðborg Reykjavíkur sem reiða sig að mestu leyti á erlenda ferðamenn hefur verið skellt í lás. Bíða af sér erfiðan vetur. Horfur á grisjun á markaðinum. Mörg störf og mikil velta er undir.

EFNAHAGSMÁL Ferðamannaverslunum í miðbæ Reykjavíkur, sem ætla má að hafi verið með á þriðja hundrað starfsmenn þegar hæst stóð og velt samtals milljörðum króna, hefur flestum verið skellt í lás eftir að tilkynnt var um hertar aðgerðir á landamærunum um miðjan ágúst. „Allir sem reiða sig á sölu til erlendra ferðamanna eru í taprekstri eins og staðan er í dag. Í raun er tilgangslaust að hafa opið. Betra er að bíða og sjá hvenær fleiri ferðamenn koma til landsins,“ segir Jóhann Guð-

laugsson, eigandi Geysis sem rekur ellefu verslanir í miðbænum.

Minnst 43 verslanir í miðbænum byggja afkomu sína að langmestu leyti á ferðamönnum. Þetta eru verslanir sem selja íslenskar vörur, svo sem minjagrip, ullarvörur eða annan útivistarfatnað. Þar af eru lundabúðirnar 25 talsins.

Samantekt Markaðarins leiðir í ljós að 30 verslunum hafi verið lokað á síðustu vikum og mánuðum. Ef lundabúðirnar eru teknar sérstaklega fyrir hefur 23 verið lokað og 11



**Í raun er tilgangs-
laust að hafa opið.
Betra er að bíða og sjá
hvenær fleiri ferðamenn
koma til landsins.**

Jóhann Guðlaugsson, eigandi Geysis

hafa verið tæmdar. Í sumum verslunum hafði pappakössum verið komið fyrir og verða þær því tæmdar.

Einn viðmælandi Markaðarins, sem rekur ferðamannaverslanir í

miðbænum, segir að þegar landinu hafi verið lokað hafi tekjurnar verið komnar upp í um 40 prósent af því sem þær voru í fyrra og áætlanir gert ráð fyrir að afkoma ársins yrði við núllið. „Síðan fær greinin rothögg og nú erum við að horfa fram á tugi milljóna í mínus,“ bætir hann við.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst má áætla 5-6 starfsmenn á hverja ferðamannaverslun. Þannig má gróflega áætla að töpuð störf, miðað við fjölda lokaðra verslana, séu um 200 talsins. – þfh / sjá Markaðinn

Norðurál selji Samherja eignir við Helguvík


VIÐSKIPTI Norðurál og Samherji hafa undirritað viljayfirlýsingu um kaup Samherja á eignum Norðuráls við Helguvík, að því er heimildir Markaðarins herma. Samherji hefur nú þegar hafið frumathugun á fýsileika þess að nýta byggingar á svæðinu undir laxeldi á landi.

Um er að ræða fasteignir sem telja samanlagt 23 þúsund fermetra. Landsvæði sem myndi fylgja með í kaupunum er um 100 hektarar. Norðurál hefur þegar óskað eftir leyfi frá Reykjanesbæ til að nýta byggingarnar við Helguvík undir aðra starfsemi en álframleiðslu.

– thg / sjá Markaðinn



Veður



Suðaustan 10-15 og rigning um vestanvert landið í dag, en sunnan 5-10 og áfram bjart veður norð-austanlands. Hiti 4 til 10 stig að deginum. **SJÁ SÍÐU 14**

Ekki verið reynt að leita sátta

DÓMSMÁL Mál K2, umboðsskrifstofu þungarokkshljómsveitarinnar Slayer, gegn núverandi skipuleggjendum hátíðarinnar Secret Solstice var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag. Jón Gunnar Aðalbjörnsson, lögmaður K2, segir enga þörf hafa verið fyrir þetta mál ef krafa á hendur fyrrverandi hátíðarhöldurum hefði fengist greidd.

Í apríl síðastliðnum úrskurðaði héraðsdómur að Friðriki Ólafssyni, eiganda Solstice Productions, bæri að greiða rúmlega 130 þúsund Bandaríkjadali, eða um 20 milljónir króna, vegna vangöldinna launa auk rúmlega tveggja milljóna króna málskostnaðar. Slayer var aðalnumerið á Secret Solstice-hátíðinni sumarið 2018. Friðrik áfrýjaði því máli til Landsréttar en ekki hefur verið ákveðið hvenær það verður tekið fyrir.

Minning Minn umbjóðandi væri opinn fyrir sáttaumleitun en við höfum ekki komist langt með það.

Jón Gunnar Aðalsteinsson, lögmaður K2

K2 gerir sömu kröfu á félögin Live Events ehf., L Events ehf., Lifandi viðburðir ehf. og Guðmund Hreiðarsson Viborg sem tóku yfir hátíðina árið 2019. Það er, að þeir ábyrgist greiðsluna.

Jón segir að sáttaumleitunir hafi ekki verið reyndar í málinu hingað til. „Minn umbjóðandi væri opinn fyrir sáttaumleitunum en við höfum ekki komist langt með það.“ – kfh

FRÉTTABLAÐID

Meira á frettabladid.is

HREKKIAVÖKUNA HEIM AÐ DYRUM

Velkomin í nýja netverslun partybudin.is



PARTÝBÚÐIN

Koma bráðum blessuð jólin?



Frægasta geit landsins, sem fjöldi landsmanna tengir við að stutt sé til jóla, var sett upp við verslun IKEA í Kaupþúni í gær. Geitin er úr hálm og tilheyrir sænskri jólahæfð sem kallast Gävlebocken. Geitin hefur ansi oft orðið brennivörgum að bráð bæði hérlandis og í Svíþjóð, en í sænska bænnum Gävle hefur verið kveikt í geitinni á hverju einasta ári frá því árið 1966. Þess má geta að í dag er 71 dagur til jóla. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Óttast um afdrif útilistaverks

MENNING Listamaðurinn Örn Tönsberg hefur áhyggjur af því að stjórnvöld muni fjarlægja listaverk eftir vin hans, listamanninn Margeir Dire, sem hefur staðið óáreitt á bílaplaninu við sjávarútvegsráðuneytið frá árinu 2015.

Áhyggjur Arnar eru sprottnar af hreinsunaraðgerðum stjórnsvalda á bílaplaninu á mánudaginn. Þá var vegglistaverk með áletruninni „Hvar er nýja stjórnarskráin?“ fjarlæggt en verkið stóð á sama vegg og listaverk Margeirs, sem er hinum megin á veggnum.

„Margeir var einn af okkar fremstu listamönnum og var alveg framúrskarandi á þessu sviði,“ segir Örn, sem þekkti listamanninn vel.

Margeir lést árið 2019 í Berlín og hafa fjölskylda hans og vinir, ásamt götulistamönnum, passað að þau fáu verk sem enn standa eftir hann í Reykjavík fái að vera í friði. – kdi

Prjóna sig í gegnum þriðju bylgju COVID

Ístex þarf að setja á kvöldvaktir til að anna eftirspurn eftir lopa fyrir prjónara. Um 33 þúsund manns eru í Facebook-hópnum Handóðir prjónarar og Sigrún Bragadóttir hannyrðapönkari hefur vart undan að ráðleggja fólki á netinu.

HANNYRÐIR „Við erum að setja á kvöldvaktir til að anna eftirspurninni og skoða fjárfestingar í ákveðnum tækjum sem eru komin á aldur,“ segir Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex, en hann, eins og aðrir sem starfa í ullargeiranum, hefur ekki farið varhluta af því að prjón og annað handverk er mikið notað til að drepa tímann í þriðju bylgju COVID-faraldursins.

Ístex framleiðir handprjónaband úr íslenskri ull eins og Álafosslopa, Einband, Líttlopa og Plötulopa, sem nú selst allt eins og heitar lummur.

„Handprjónabandið, það er á útöfnu og við höfum engan veginn undan. Það er bæði innanlands en líka í útflutningi. Svona 60 prósent af okkar handprjónabandi fer í útflutning og það er mikið að gera í öllu sem því viðkemur,“ segir Sigurður.

Nýverið kom út 72 síðna bók frá Ístex, en hún var gefin út mánuði fyrr en venjulega og stýttist í að það þurfi að endurprenta hana á ýmsum tungumálum. „Bókin rauk út, en hún hefur reyndar alltaf verið vinsæl. Hún hefur selst vel í Skandinavíu og sér í lagi Finnlandi. Einnhverra hluta vegna er Ísland vinsælt í Finnlandi núna. Íslenska lopapeysan er sérstök og þetta er sitt lítið af hverju, held ég: litir, hönnun, sagan, tengingin við bændur og hreint og fagurt land.“

Um 33 þúsund Íslendingar eru í Facebook-hópnum Handóðir prjónarar og Sigrún Bragadóttir hannyrðapönkari segir að hún finni vel fyrir auknum prjónaáhuga, en hún gerði þætti fyrir Rás 1 sem hægt er að nálgast á Spoitfy þar sem hún fer yfir helstu atriði hannyrða. Sigrún fær gríðarlega margar fyrirspurnir



Prjónafólk stundar nú svokallað leyniprjón af miklum móð, þar sem þeir fá uppskrift að einhverju sem þeir vita ekki fyrir fram hvað er. MYND/GETTY

Íslenska lopapeysan er sérstök og þetta er sitt lítið af hverju, held ég: litir, hönnun, sagan, tengingin við bændur og hreint og fagurt land.

Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex



Það er ört stækkandi hópur karlmanna sem er byrjaður að prjóna. Ungir strákar eru að pikka þetta upp sem er frábært.

Sigrún Bragadóttir, hannyrðapönkari



í gegnum heimasíðuna sína og á Twitter og ætlar að bregðast við auknum áhuga með því að gefa út kennslumyndbönd á YouTube. „Ég tek alveg undir það að það er brjáluð uppsveifla í öllu handverki.“

Hún segir það gleðitíðindi að ungir karlmenn séu að átta sig á því að það sé kúl að geta stoppað í sokka og prjónað þá peysu sem

þá langar í. „Það er ört stækkandi hópur karlmanna sem er byrjaður að prjóna. Ungir strákar eru að pikka þetta upp sem er frábært, því heilinn starfar á allt öðru heilahveli þegar unnið er með eitthvað í höndunum, hvort sem það er að prjóna, sauma út, smíða, tálga eða mála. Að vinna með höndunum er bataverkfæri.“ benediktboas@frettabladid.is

LYNGBY
GLAS

GLAS FAGURKERANS FÆST Í VOGUE FYRIR HEIMILIÐ



FALLEGT GLAS GERIR GOTT VÍN ENN BETRA

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | 533 3500 | VOGUE.IS

Gagnrýndi að umskurður væri undanþeginn í intersex-frumvarpi

STJÓRNMÁL Katrín Jakobsdóttir talaði í gær fyrir frumvarpi sínu um bann við ónaðsynlegum aðgerðum á intersex-börnum, eða börnum með ódæmigerð kyneinkenni, eins og það kallast í frumvarpinu. Sagði hún málið viðkvæmt og að í nefnd sérfræðinga hefðu mest ólík sjónarmið. Málið væri þó mikil réttarbot fyrir þennan hóp barna.

Samkvæmt frumvarpinu verða



Guðmundur Ingi Kristinsson

óþarfar aðgerðir, til dæmis óafturkræfar skurðaðgerðir til þess að færa líkama barns í átt að karl- eða

kvenkyni, bannaðar. Samþykki barns sé nauðsynlegt og ef barn sé of ungt til þess að veita upplýst samþykki verði að liggja mjög brýnar heilsufarslegar ástæður fyrir því. Sagði Katrín að skilgreiningin á ódæmigerðum kyneinkennum yrði við, til þess að tryggja betur réttindi barna.

„Hvers vegna í ósköpunum er þetta undanskilið?“ spurði Guð-

mundur Ingi Kristinsson, þingmaður Flokks fólksins, sem gagnrýndi að forhúðarumskurður af trúarlegum eða menningarlegum ástæðum væri undanþeginn í frumvarpinu.

Svaraði Katrín á þá leið að forhúðarumskurður væri ekki skilgreindur til ódæmigerðra kyneinkenna og henni hefði ekki verið falið að móta löggjöf um hann. Það væri önnur umræða, sem hverjum sem er

væri frjálst að brydda upp á og hefði verið gert síðasta vetur.

Hvorki Sigmundur Davíð Gunnlaugsson né annar þingmaður Miðflokksins tóku til máls. En Sigmundur hafði áður lýst frumvarpinu sem „öfluganlegasta þingmáli“ og „í andstöðu við nútíma vísindi“. Börn myndu fæðast með ýmsa fæðingargalla sem bæri að lagfæra og lækna. – khg

VG missa sæti í fastanefndum

STJÓRNMÁL Vinstri græn missa eitt nefndarsæti til Sjálfstæðismanna vegna brothvarfs Rósu Bjarkar Brynjólfssdóttur úr þingflokki. Tilkynnt var um ýmsar breytingar á fastanefndum Alþingis í dag, bæði milli Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna, og innan þeirra flokka.

Við hefðum átt að missa bæði sætin þannig að við erum mjög sátt við þetta.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir þingflokksformaður VG



Rósa var bæði í utanríkis- og atvinnuveganefnd. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna, segir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi átt rétt á báðum sætum samkvæmt D'Hondt reglunni, en hafi gefið eftir annað þeirra. Framsókn hafi ekki átt rétt á þeim. „Við hefðum átt að missa bæði sætin þannig að við erum mjög sátt við þetta,“ segir Bjarkey.

Bjarkey verður sjálf í fjárlaganefnd og allsherjar- og menntamálanefnd. Njáll Trausti Friðbertsson tekur sæti í utanríkis- og Haraldr Benediktsson tekur sæti í atvinnuveganefnd. Þá voru einnig skipti milli flokka hvaða varasæti í nefndum varðar. – khg

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Áhyggjur sagðar réttmætar en væntingarnar séu óraunhæfar

Póst- og fjarskiptastofnun hefur engin lagaleg úrræði til að gera ráðstafanir til að tryggja símasamband í rafmagnsleysi, segir forstöðumaður lögfræðideildar stofnunarinnar. Slikt sé þó afar brýnt. Neyðarlínan hafi í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki og fjarskiptasjóð gert átak í að bæta varaafli á síðustu mánuðum.

FJARSKIPTI „Þessar áhyggjur íbúa Skaftárhrepps eru alveg réttmætar og ekki byggðar á misskilningi,“ segir Björn Geirsson, forstöðumaður lögfræðideildar Póst- og fjarskiptastofnunar, um efasemdir sem sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur af öryggi fjarskiptasambands eftir að fastlínukerfið verður lagt af.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á laugardaginn hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps ítrekað óskað eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) skýri hvernig tryggja eigi fjarskiptasamband á svæðinu eftir að talsímaþjónusta um gömlu koparlínurnar verður hætt.

Björn Geirsson segir í svari til Fréttablaðsins að koparlínukerfinu í Skaftárhreppi verði lokað 15. nóvember. Póst- og fjarskiptastofnun hafi frá í fyrra unnið að mótvægis- aðgerðum vegna þessarar lokunar. Stórum áfanga í því ferli hafi lokið með útnefningu Neyðarlínunnar ohf. sem alþjónustuveitanda.

„Samkvæmt áætlunum Símans er ekki fyrirséð, á þessari stundu, að einhverjir notendur í Skaftárhreppi muni missa allt fjarskiptasamband,“ segir Björn. Komi hins vegar fram upplýsingar um slikt er nær dragi lokuninni, verði „gripið til viðeigandi aðgerða“.

Sem fyrr greinir segir Björn áhyggjurnar í Skaftárhreppi réttmætar. „Hins vegar eru mögulegar væntingar notenda til áframhaldandi reksturs talsímakerfisins (PSTN) ekki raunhæfar,“ svarar hann. Rásaskipt talsímaþjónusta um koparkerfið sé úr sér gengin og varla rekstrarhæf. Þá sé koparlínukerfið komið til ára sinna og fyrirséð að það verði einnig tekið úr notkun í áföngum á næstu árum.



Skaftárhlaup ógna reglulega íbúum á svæðinu sem vilja að símasamband sé tryggt áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í kjölfar óveðursins í desember 2019 hefur Neyðarlínan, í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki og fjarskiptasjóð, gert stóráttak í að betrubæta varaafli hringinn í kringum landið.

Björn Geirsson, staðgengill forstjóra PFS

„Póst- og fjarskiptastofnun hefur skyldum að gegna við að útvega öllum landsmönnum símaþjónustu sem telst til svokallaðrar alþjónustu,“ undirstrikar Björn. Hins vegar

sé rafmagnsfæðing koparheimtauga og/eða tryggt varaafli farnetssenda, ekki hluti af skilgreindri alþjónustu. „Því hefur stofnunin engin lagaleg úrræði til að grípa til ráðstafana til að tryggja símasamband í tilviki rafmagnsleysis.“

Engu að síður segir Björn slíkar ráðstafanir vera mjög brýnar. „Í kjölfar óveðursins í desember 2019 hefur Neyðarlínan, í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki og fjarskiptasjóð, gert stóráttak í að betrubæta varaafli hringinn í kringum landið á síðustu mánuðum,“ segir staðgengill forstjóra PFS.

Í bréfi sem PFS sendi Skaftárhreppi í fyrradag kemur fram að símaþjónusta sé svokölluð alþjónusta. Samkvæmt lögum frá 2018

sé alþjónusta „tæknilega hlutlaus“. Það merki að hægt sé að veita símaþjónustu hvort heldur sem sé með farnetsþjónustu eða með fastnets tengingu. Spár bendi til þess að „það verði eingöngu í algjörum undantekningartilvikum“, sem heimili eða vinnustaðir missi allt fjarskiptasamband.

„Kemur þá til kasta PFS sem er að lögum falið að tryggja alþjónustu fyrir landsmenn alla,“ segir í bréfinu. PFS hafi ákveðið 25. september síðastliðinn að útnefna Neyðarlínuna ohf. sem „alþjónustuveitanda fjarskiptatenginga fyrir síma- og internetþjónustu í þessum sérstöku tilvikum“. Sú útnefning taki þó ekki til ráðstafana til að tryggja varaafli. gar@frettabladid.is

Eldri borgarar sprækir í Garðabæ

GARÐABÆR Eldri borgarar í Garðabæ koma áberandi betur út hvað áhættuþætti heilbrigðis varðar en yngri fólk. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu bæjarins um velsæld og velferð íbúanna, sem notuð verður til að móta velsældarstefnu.

Fólk í hópnum 67 ára og eldra hreyfir sig mest, hefur lægsta tíðni offitu, situr lítið, sefur vel og lengi, er undir lítilli streitu og líður best andlega. Þetta er einnig sá hópur sem einmanaleiki herjar minnst á.

Verst kemur út hópurinn 18 til 44 ára. Þriðjungur Garðabæinga á þessum aldri segist upplifa mikla streitu í daglegu lífi og fjórðungur upplifir vanlíðan. Einmanaleiki er mikill, sérstaklega hjá ungum körlum, og hreyfingarleysi áberandi miðað við aðra hópa.

Offita, hreyfingarleysi, svefnleysi og fleira er algengt vandamál hjá 17 ára og yngri. Þetta er þó sá



Vetrargolf hjá GKG í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þriðjungur ungra Garðabæinga upplifir streitu og fjórðungur vanlíðan.

hópur sem hefur hvað besta möguleika á hreyfingu og tómstundum í gegnum skólastarf og frístundir.

Garðabæingar á miðjum aldri, 45 til 66 ára, falla þarna á milli. Áhættuþættir eru ekki eins alvarlegir og hjá yngri fólki en þó fleiri en hjá eldri borgurum. – khg


Oktoberfest

Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun Laugavegi 69 S. 551-7955



UEFA
NATIONS
LEAGUE™

LEAGUE **A** GROUP 2



ÍSLAND

VS.



BELGÍA

Í KVÖLD ♦ 18:35

LAUGARDALSVÖLLUR

Í OPINNI
DAGSKRÁ



SPORT

VÍKING
BRUGGHÚS

Opin dagskrá á Stöð 2 Sport og Stöð 2

100
NS



Dæmi eru um að vespum sé ekið ógætilega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Verða að skrá vespur fyrir mars

SAMGÖNGUR Samgöngustofa hefur opnað fyrir rafræna skráningu á vespum sem hafa ekki þegar verið skráðar. Um er að ræða bifhjól af léttustu gerð, íðulega rafmagns- vespur, sem ná 25 kílómetra hraða, og voru fluttar til landsins fyrir áramót. Í mars á næsta ári eiga öll slík ökutæki að vera komin með gula númeraplötu, sekt fyrir brot nemur 20 þúsund krónum. Ekki

verður gerð krafa um ökuskírteini. „Það er ekki vitað hversu mörg létt bifhjól eru hér á landi, það er umtalsverður fjöldi. Þessar breytingar munu auðvelda lögreglu að hafa eftirlit með þeim,“ segir Sigfús Þór Sigmundsson, staðgengill samskiptastjóra hjá Samgöngustofu. Eftir að nýskráning hófst um áramót hefur 351 hjól af þessari gerð verið nýskráð. – **ab**



Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fullan aðskilnað ríkis og kirkju

STJÓRNMÁL Þingmenn Viðreisnar, Pírata og Samfylkingar hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að ráðherrum verði falið að aðskilja ríki og kirkju bæði lagalega og fjárhagslega fyrir árið 2034.

Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar og fyrsti flutningsmaður tillögunnar, segir að Þjóðkirkjan hafi ekki lengur þá yfirburði sem hún hafði á síðustu öld og að ekkert bendi til annars en að meðlimum haldi áfram að fækka, því sé óeðlilegt að kirkjan hafi laga-

lega og fjárhagslega yfirburði yfir önnur trúfélög.

Gerir hann ráð fyrir að sóknargjöld verði innheimt eitthvað áfram, en ganga þurfi til samninga til að slíta kirkjujarðasamkomulaginu. „Forsendurnar þarna undir eru orðnar vafasamar en að sama skapi þarf að ganga frá þessu með sanngjörnum hætti,“ segir Jón Steindór. „Þeir samningar þurfa að vera gerðir á forsendum nútímans en ekki þess sem var uppi fyrir hundrað árum.“ – **ab**



Stór snjóflóð féllu á Flateyri í janúar og litlu mátti muna að mannskaði yrði. MYND/HAUKUR SIGURÐSSON

Hættusvæði stækkuð á sex stöðum í haust

Veðurstofa Íslands vinnur nú að nýju hættumati fyrir sex staði á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, vegna snjóflóðanna sem urðu á Flateyri í janúar. Ljóst sé að einhver íbúðarhús munu falla í C-flokk, sem er sá hættulegasti.

NÁTTÚRUVÁ „Snjóflóðin síðastliðinn vetur sýna að gera þarf ráð fyrir því að varnargarðarnir virki ekki jafn vel og menn hafa verið að vona,“ segir Tómas Jóhannesson, fagstjóri á sviði jöklafræði og sérfræðingur í ofanflóðamálum hjá Veðurstofu Íslands. Á þetta ekki aðeins við um garðana við Flateyri þar sem snjóflóðin féllu í janúar síðastliðnum, heldur fleiri staði þar sem leiðigarðar hafa verið reistir.

Veðurstofan vinnur nú að nýju hættumati fyrir sex staði og verður sú vinna kláruð í haust. Umræddir staðir eru leiðigarðar við Flateyri, Ísafjörð, Bíldudal, Siglufjörð, Ólafsfjörð og Neskaupstað. Tómas segir að einnig sé verið að skoða öryggisviðbúnað neðan við varnarvirkin á þessum stöðum. Hættumat fyrir hvern stað var unnið á árunum eftir snjóflóðin mannskæðu á Suðavík og Flateyri árið 1995, en í mörgum tilfellum ekki staðfest fyrr en mörgum árum síðar.

„Það verður áreiðanlega niðurstaðan að hættan verður talin meiri en hún er samkvæmt núverandi hættumati,“ segir Tómas spurður hvort hið nýja mat muni hafa áhrif á núverandi húsnæði í þessum byggðarlögum. „Það er rýmingaráætlun

Snjóflóðin síðastliðinn vetur sýna að gera þarf ráð fyrir því að varnargarðarnir virki ekki jafn vel og menn hafa verið að vona.

Tómas Jóhannesson fagstjóri hjá Veðurstofu Íslands



fyrir alla staði sem eru varðir með varnarvirkjum. Varnarvirkin eru ekki 100 prósent örugg í neinu tilfelli og alltaf áhætta í byggðinni eftir að þau hafa verið reist.“ Með stækkandi hættusvæðum mun þurfa að rýma fleiri hús þegar aðstæður gefa tilefni til, með tilheyrandi óþægindum og fyrirhöfn íbúa og viðbragðsaðila.

Samkvæmt hættumati eru svæði flokkuð eftir bókstöfum, A, B og C og C eru þau hættulegustu. Þegar svæði er flokkað sem C-svæði er takmarkið til lengri tíma að koma byggingum þaðan burt. „Það er ljóst að einhver íbúðarhús á Flat-

eyri munu falla undir C-svæði samkvæmt nýju hættumati,“ segir Tómas.

Í umhverfisráðuneytinu er einnig verið að ræða breytingar á nýtingarreglum um mannvirki undir varnargörðunum. Hingað til hafi nýbyggingar verið heimilar með ákveðnum skilyrðum, en nú er til skoðunar að banna það. Þetta skipti sveitarfélög máli þegar kemur að skipulagi byggðanna til framtíðar. Ekki hafi verið mikið af nýbyggingum á þessum svæðum á undanförunum árum en þó eitthvað, til dæmis á Bíldudal.

Þá hefur umhverfisráðherra lagt inn til umsagnar nýtt frumvarp um ofanflóðavarnir þar sem meðal annars kemur fram heimild lögreglunnar til að sekta þá sem nýta húsnæði á skilgreindu hættusvæði á óleyfilegum tíma ársins. Tómas segir það hafa komið fyrir að húsnæði sem Ofanflóðasjóður hafi keypt og selt aftur með árstíðabundnum kvöðum, hafi verið nýtt á veturna. Lögregluna hafi þá skort lagaheimildir til að þess að grípa inn í. Þetta sé ekki mjög algengt en fyrirhafnarsamt fyrir lögregluna og beinlínis hættulegt fyrir alla viðkomandi efilla fer.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Barrett neitaði að svara spurningum um þungunarrof og heilbrigðiskerfið

BANDARÍKIN Amy Coney Barrett, dómaraefni forseta Bandaríkjanna í Hæstarétt, sat fyrir svörum í dómsmálanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings í gær og verður fundi nefndarinnar með henni fram haldið í dag.

Á fundi nefndarinnar í gær harðneitaði Barrett því að hafa gefið Donald Trump loforð um neina tiltekna afstöðu til máls, sem miði að því að fella úr gildi eða rýra gildi laga sem tryggja láglaunafólki heilbrigðisþjónustu, yrði hún skipuð í réttinn.

Þá neitaði hún ítrekað að svara spurningum þingmanna Demókrata í nefndinni um hvernig hún myndi fjalla um mál af ýmsum toga, allt frá fyrrnefndum lögum um rétt til heilbrigðisþjónustu, til réttar til þungunarrofs og réttar samkynhneigðra til að ganga í hjónaband. Sjálf er Barrett umdeild, meðal



Amy Coney Barret mun aftur sitja fyrir svörum í dag. MYND/GETTY

annars vegna trúarskoðana sinna, og hafa ýmsir áhyggjur af því að siðferðisskoðanir hennar gætu haft áhrif á störf hennar sem dómara. Hún hefur þó þvertekið fyrir það að afstaða hennar muni hafa áhrif á störf hennar.

Barrett kemur til með að sitja fyrir svörum aftur í dag og á morgun lýkur síðan dagskránni, þar sem aðrir en Barrett sjálf mæta fyrir nefndina og svara spurningum um dómaraefnið.


Gert er ráð fyrir að nefndin muni staðfesta tilnefninguna fyrir 22. október næstkomandi og mun þá öldungadeildin greiða atkvæði um skipunina.

Búast má við að allir þingmenn Demókrata leggist gegn tilnefningunni en þar sem Repúblikanar eru í meirihluta innan öldungadeildarinnar er líklegt að skipun Barrett verði staðfest. – **aa, fb**

Styrktu bleiku slaufuna

Þegar þú kaupir *ákveðin Samsung QLED sjónvörp hjá ORMSSON

getur þú valið um að fá tölvuskjá, síma
eða kraftmikla skaftryksugu í kaupbæti!



Galaxy Note10
Lite Black



Jet 70 ofur kraftmikil
skaftryksuga



27" Bogin leikja- og
tölvuskjár Odyssey G7

*Tilboð gildir til 1. nóvember 2020 við kaup á QLED 2020 Q80T, 65" eða stærra ásamt Q90T, Q95T, Q800T, Q900T og Q950T í öllum stærðum.



SAMSUNG Q80T - Stærðir 65" til 85"
Glæsilegt QLED sjónvarp með Direct Full Array tækni
sem gefur enn betri liti á skjá.



SAMSUNG Q800T - Stærðir 65" til 82"
8K Gervigreind tækisins sér um fullkomna uppskölun á
öllu efni.



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU



LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFÖSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

SKOÐUN

Verum á vakt



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Daglegu lífi flestra lifandi manna í heiminum hefur verið slegið á frest en stjórnendur landsins fást við daglegt amstur. Í dag funda þingnefndir um þau frumvörp sem lögð hafa verið fram. Í gær var rætt um kynrænt sjálfræði, jafnrétti kynjanna, mannanöfn og skipun embættismanna í utanríkisþjónustunni. Starfsmenn Stjórnarráðsins vörðu deginum í passa að borgararnir ónáðuðu ekki sjávarútvegsráðherra með óþægilegum spurningum. Þríeykið þuldi upp tölur dagsins og bað okkur öll að standa saman. Þetta er ekki búíð.

Alþingi hefur enn næstum ekkert fjallað um þau skertu mannréttindi sem landsmenn búa við. Hvorki heilbrigðisráðherra né forsætisráðherra hafa verið til svara í sérstakri umræðu í þinginu um mannréttindi og stjórnarfar á tímum COVID.

Fjölmiðlar birta greinar og reiðilestra þeirra sem kvarta undan fólki sem er ann t um frelsi sitt og annarra borgara. Talsmenn mannréttinda lýsa hins vegar áhyggjum af því að enginn sé á vakt.

Við Íslendingar getum prisað okkur sæl fyrir að aðgerðir hér hafa verið mildari en víða annars staðar. Útgöngubann hefur gilt í nokkrum Evrópuríkjum. Á Indlandi fær fólk í sóttkví stimpil með slagorðum stjórnvalda á vinstri höndina. Í Suður-Kóreu birtu stjórnvöld lista með nöfnum þeirra sem sæta sóttkví. Viðtækt rafrænt eftirlit hefur verið tekið upp í fjölda ríkja, undir yfirsýni sóttvarna.

Við höfum sloppið nokkuð vel, en okkur er bæði rétt og skylt að hafa áhyggjur. Við eigum ekki að samþykkja umyrðalaust að gengið sé á grundvallarfrelsi okkar og réttindi sem njóta verndar stjórnarskrárinnar og alþjóðlegra mannréttindsamninga.

Áhyggjur af þessum skerðingum eru sjaldnast komnar til af því að okkur langi svo á djammið, í ræktina eða norður á skiði. Þær varða heldur ekki nema óbeint þær efnahagslegu afleiðingar sem ríða nú yfir með fjölda gjaldþrota og óheyrilegum atvinnumissi. Þær varða ískyggileg langtímaáhrif: viðhorf okkar sjálfra og ungu kynslóðarinnar til mannréttinda og neikvæð áhrif á stjórnarhætti ríkja og ráðandi afla um allan heim.

Við verðum bara einu sinni sextán ára og byrjum flest aðeins einu sinni í framhaldsskóla, þaðan sem við eigum minningar um fyrstu ástina, dýpstu sannfæringu og vini, sem áratugum síðar eiga enn stóran sess í lífi okkar. Þær fórnir sem börnin færa vegna sóttvarnaaðgerða eru risavaxnar og óvíst að þau geri sér sjálf grein fyrir hve lífsbreytandi þær geta verið. Það er ekki verið að slá unglingsárum þeirra á frest, heldur styttu þau, mögulega umtalsvert. Börn og ungmenni sem sett hafa verið í sóttkví og einangrun vegna COVID mega ekki upplifa þá frelsissviptingu sem sjálfsagðan hlut. Þau mega vera reið. Vonandi eru þau reið.

Auðvitað er samstaða mikilvæg. Kjörnir fulltrúar okkar verða þess vegna að setja í forgang að eiga samtal um aðgerðirnar sem sett hafa líf okkar allra á hliðina. Það er ekki hlutverk þríeykisins að svara spurningum um mannréttindi, heldur stjórnmalafólks sem hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni.

Halldór



Frá degi til dags

Hvað heitir þú?

Það verða viðbrigði að líta yfir leikskólalöðina árið 2024. Fjórdá hver stúlka ber nafnið Gríma, það verður Guðrún 21. aldarinnar. Ef mannanafnafrumvarp Áslaugar Örne verður að veruleika þá mun Gríma Líf geta leikið sér við Fjarlægðartakmörk Sól og Samstöðu Sjöfn. Sóttvarður Viðir og Faraldur Grímur verða með þeim á deild. Nafn ársins verður Fordæmalás, útfærsla á Nikulás. Umræður verða um hvort nota megja tölur í nöfn til að styttu megja kvenmannsnafnið Tveggja Metra Regla. Þá mun stór hópur þeirra sem hafa fengið eyrnapinnann oftast en átta sinnum inn í heilann íhuga að taka upp ættarnafnið Skimun.

Loksins

Þingmenn Miðflokksins hafa lagt fram ítarlegar tillögur að námskrá grunn- og framhaldsskóla auk annarra atriða sem snerta nám ungmenna. Ísland verður ekki lengur hluti af Evrópu heldur sér heimsálfa. Skólar mega eingöngu nota rafmagn úr öðrum orkupakkanum, ekki þeim þriðja. Mötuneyti verða aðlöguð að íslenska kúrnum, mun hljótast sparnaður af því að bera hakk fram hrátt og fulltrúum Gídeon verður heimilt að angra nemendur á meðan þeir borða hakkið sitt. Með þessu verða ungmenninn vel undirbúin áður en þau mæta Ybbunum í háskólunum.

Eflum atvinnulýðræði



Kolbeinn
Öttarsson
Proppe
þingmaður
Vinstri grænna

Mikilvægt er að auka lýðræði og gagnsæi á vinnustöðum til að tryggja betur að launafólk hafi aðkomu að ákvarðanatöku á vettvangi atvinnustarfsemi. Í gær var dreift á þingi tillögu minni um að skipa starfshóp aðila vinnu- markaðarins og hins opinbera, um hvernig best megja auka lýðræði á vinnustöðum. Þetta hefur lengi verið baráttumál vinstri flokka og með tilkomu fjórðu iðnbýltingarinnar er þetta enn mikilvægara baráttumál en oft áður, meðal annars í því að tryggja að launafólk njóti virðisaukans af tækniframförum.

Á íslenskum vinnumarkaði hefur vinnandi fólk tryggt aðkomu sína að reglusetningu á vinnu- markaði í gegnum verkalyðsfélög. Í kjarasamningum er samið um kaup og kjör í tilteknum starfsgreinum eða vinnustöðum, við atvinnurekendur eða samtök þeirra. Þó kjarasamningar tryggja almenna aðkomu að reglusetningu tryggja þau ekki aðkomu að ákvarðanatöku innan vinnustaða, sem hafa þó óneitanlega mikil áhrif á líf starfsfólks. Málinu er ætlað að draga ólíka aðila að borðinu, sem gera eiga tillögur um hvernig auka megja lýðræði á vinnustöðum.

Í undirbúningi mínum við tillögugerðina, en fyrstu fundi mína með þeim sem málið snerti átti ég í fyrria, varð ég þess áskynja að innan verkalyðs- hreyfingarinnar hafa sumir varann á sér gagnvart ákveðnum hugmyndum þessu tengdar. Eitt af því sem þarf að hafa í huga er að starfsmenn verði ekki gegn vilja sínum samabyrgir í ákvörðunum sem jafnvel bitna á þeim sjálfum, til dæmis sem óvirkir fulltrúar í stjórn.

Með það í huga og til að svara því hvaða fyrir- komulag henti best, legg ég til starfshóp sem fari yfir þessi mál. Tillögurnar eiga ekki að koma í stað eða grafa undan íslenska vinnumarkaðslikaninu sem hefur þróast í rúma öld, heldur styðja við það. Mikilvægt er að tryggja að samtakamáttur og samstaða launafólks sé í hávegum höfð og efla stöðu verkalyðs- hreyfingarinnar. Atvinnulýðræði verður viðbót við hið íslenska vinnumarkaðslikan og liður í framþróun þess.



Það er ekki verið að slá unglingsárum þeirra á frest, heldur styttu þau, mögulega umtalsvert.



Þekkirðu lyfin þín?

Fáðu faglega aðstoð lyfjafræðings

Komdu eða pantaðu tíma í síma 517 5500 eða sendu póst á lyfsalinn@lyfsalinn.is



LYFSALINN
og þér liður betur

GLÆSIBÆ / OPIÐ 08:30-18:00 mán.- fös.
Sími 517 5500 / lyfsalinn@lyfsalinn.is

VESTURLANDSVEGI / OPIÐ 10:00-22:00 alla daga
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is

URÐARHVARFI / OPIÐ 08:30-18:00 mán.- fös.
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

Tími til að læra og næra



Kristín Ingólfssdóttir
fyrirverandi
rektor Háskóla Íslands

Strætó er með snjalla áletrun á vögnunum þessa dagana, til-mæli til farþega um að nota ferðatímann vel: Nýttu tímann til að læra nýtt tungumál.

Það er ekki bara í strætó sem við eigum aflögu tíma. Í veirufaraldrinum og breyttu lífsmynstri leggst okkur óhjákvæmilega til aukatími því margir vinna heima og ferðum í og úr vinnu hefur fækkað. Við förum ekki til útlanda. Við höfum fækkað vinamótum, förum sjaldnar á samkomur og menningarviðburði. Þá er ótalin tími sem skapast af þungbærari ástæðum svo sem einangrun, sóttkví eða atvinnu-missi. Allt leggur þetta okkur þó til tíma sem við getum að einhverju marki nýtt til að öðlast nýja færni og næra sálina.

Við höfum aðgang að netnámskeiðum á öllum sviðum menningar, vísinda og tækni, fræða og lista hjá kennsluveitum á borð við edX, Coursera og FutureLearn. EdX byrjaði sem samstarfsvettvangur Harvard, MIT og Berkeley háskóla í Bandaríkjunum og Coursera var stofnað við Stanford. Í dag hafa bæst í hóp samstarfsaðila háskólar víða um heim, söfn, alþjóðastofnanir, o.fl. Sama má segja um FutureLearn sem var stofnað af Opna háskól-anum í Bretlandi.

Smithsonian safnið í Washing-ton D.C. hefur þróað opin netnámskeið, m.a. um tækni og menningu (á vegum edX) og Museum of Modern Art í New York býður námskeið um myndlist (á vegum Coursera). Mikið framboð er á námskeiðum til að stuðla að aukinni velliðan, t.d. Science of Well-Being hjá Yale háskóla. Þátttakendum í þessu námskeiði hefur fjölgað mikið á tímum COVID. Yale býður einnig byrjendanám-skeið um klassíska tónlist og Berk-lee College of Music í Boston er með gítarkennslu fyrir byrjendur. Námskeið í bókmenntum, bæði forn- og nútímabókmenntum, er hægt að taka hjá Harvard háskóla. Mikið úrval er af námskeiðum í tölvunar-fræði, stærðfræði og gervigreind, allt frá byrjenda- upp í framhaldsnám-skeið. Sama má segja um viðskipta-fræði, heimspeki og félagsfræði. Námskeið fyrir heilbrigðisstarfsfólk eru fjölmörg hjá FutureLearn. Tæki-færin eru endalaus.

Það getur vissulega reynst erfitt við breyttar kringumstæður og óvissu í lífinu að hafa frumkvæði að sjálfsnámi. En þó maður geri ekki annað en glugga á námsefnið geta opnast nýjar viddir. Sjálf hef ég góða reynslu af afslöppuðu gluggi sem hefur leitt mig inn í heil nám-skeið. Ég hafði sérstaklega gaman af Science of Cooking frá Harvard þar sem vísindafólk og matreiðslufólk sameinar krafta og skýrir leyndar-dóma á bak við velheppnaða – og misheppnaða(!) – matreiðslu.

Mörg námskeiðin eru hugsuð sem framlag til endur- og símenntunar til að gera fólki kleift að styrkja sig í starfi og mæta ákalli vinnumark-aðarins um síaukna og breiðari þekkingu. Mörgum hefur reynst hvetjandi að læra með vinum eða samstarfsfólki. Það hjálpar á tímum félagslegrar einangrunar.

Námskeiðin eru flest endur-gjaldslaus, en ef þátttakendur vilja taka próf og fá skírteini þarf að greiða gjald. Í Bandaríkjunum eru fyrirtæki byrjuð að viðurkenna slík skírteini vegna ráðninga eða starfs-próunar.

Íslendingar eru ekki bara þiggj-endur á þessu sviði. Sérfræðingar heðan hafa komið að gerð netnám-

skeiða þar sem þúsundir nemenda víðs vegar um heim njóta íslenskrar sérfræðiþekkingar. Forseti Lækna-deildar Háskóla Íslands fer um þessar mundir fyrir hópi forsvars-manna læknadeilda norrænna háskóla við þróun netnámskeiðs um einstaklingsmiðaðar lækningar (personalised medicine) í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu og Nor-ræna mannfæðisráðgjafafélagið.

Landgræðsluskóli Háskóla Sam-einuðu þjóðanna, sem er samstarfs-verkefni Landbúnaðarháskóla



Í veirufaraldrinum og breyttu lífsmynstri leggst okkur óhjákvæmilega til aukatími því margir vinna heima og ferðum í og úr vinnu hefur fækkað.

Íslands, Landgræðslunnar og utan-ríkisráðuneytisins, býður ásamt samstarfsaðilum námskeiðið Þróun viðskiptalíkans fyrir endurheimt landgæða.

Háskóli Íslands er aðili að edX-samstarfinu og kennarar skólans miðla þekkingu gegnum námskeið-in Íslendingasögur, Eldfjallavöktun og hreyfingar bergkviku, Menningarnæmi í menntun, Kyngervi og samtvinnun og Sauðfé í landi elds og ísa. Síðast talda námskeiðið er kennt í samstarfi við Landbúnaðarháskól-

ann. Ekki má gleyma námskeiðum í íslensku (sem öðru tungumáli) sem kennarar H.Í. hafa lengi boðið undir heitinu Icelandic Online og hafa laðað að þúsundir nemenda.

Áletrunin á strætó sem ég vísaði til í upphafi er góð áminning um hvernig við getum nýtt tímann og tæknina til uppbyggingar, m.a. til að læra ný tungumál. Í gegnum ofan-greindar kennsluveitur er einmitt hægt að læra ótalmörg tungumál – ensku, frönsku, spænsku, kínversku, norsku...

tl.is

STÓRAUKIÐ ÚRVAL AF SAMSUNG SÍMUM OG TÖLVUVÖRUM



**TÖLVU
LISTINN**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK

AKUREYRI

EGILSSTAÐIR

REYKJANESBÆR

SELFÖSS

SPORT

Markmiðið virðist vera að færast skrefi nær því að búa til ofurdeild

Forráðamenn Liverpool og Manchester United hafa í sameiningu sett fram tillögur sem virðast vera til þess fallnar að auka bilið milli sterkustu félaganna í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla og þeirra minni. Tillögurnar hafa fallið í grýttan jarðveg hjá félögum utan sex sterkustu félaganna, skiljanlega að mati Björns Berg Gunnarssonar, sérfræðings í fjármálum í íþróttum.

ENSKI BOLTINN Tillögur forráðamanna ensku úrvalsdeildarfélaganna í knattspyrnu karla, Liverpool og Manchester United, um breytingar á fyrirkomulagi í ýmsum málum er varða ensku deildarkeppnina hafa hrist verulega upp í umræðunni og sitt sýnist hverjum um ágæti þeirra hugmynda. Fréttablaðið fékk Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóra Greiningar Íslandsbanka og sérfræðing um fjármál í íþróttum, til þess að rýna í þessar hugmyndir.

„Það eru fjórar tillögur sem mér finnast athyglisverðastar. Fyrir það fyrsta er það fækkunin á liðunum í ensku úrvalsdeildinni úr 20 í 18 og um leið á að gera það erfiðara að komast upp úr ensku næstefstu deildinni með því að þröðja neðsta sætið í úrvalsdeildinni fari í umspilið um laust sæti í deildinni.

Svo er það þessi 250 milljóna punda björgunarpakki til félaganna í deildunum fyrir neðan úrvalsdeildina sem er lagður á borðið á þessum tímamarki þar sem ljóst er að þau lið sem eru ekki í úrvalsdeildinni geta mörg hver ekki lifað af núverandi ástand mikið lengur. Þarna er í raun verið að greiða félögum í neðri deildunum og bjarga þeim frá líklegu gjaldþroti fyrir að minnka líkur þeirra á að komast upp í úrvalsdeildina.

Félögin í úrvalsdeildinni eru þannig rekin að þau munu væntanlega lifa af kórónaveirufaraldurinn án teljandi utanaðkomandi aðstoðar að því gefnu að næsta tímabil verði leikið við öðlilegar aðstæður. Þar eru tekjurnar svo miklar að eigendur hafa getað fjárfest í félaginu á undanförunum árum.

Félögin í deildunum þar fyrir neðan eru hins vegar flest öll rekin með tapi og einhver á núlli. Eigendur þeirra félaga eru ekki jafn fjárhagslega sterkir og í úrvalsdeildinni og þar er þörfin fyrir leikdagstekjur miklu meiri. Þar sjáum við fram að

án utanaðkomandi aðstoðar fari mörg þeirra í gjaldþrot ef ekkert verður að gert,“ segir Björn Berg um stöðu mála.

„Með þessum tillögum er verið að freista þess að taka skref í átt að því að breikka bilið á milli úrvalsdeildarinnar og deildanna þar fyrir neðan. Færa úrvalsdeildina nær því að vera einhvers konar ofurdeild. Liður í því er að veita þeim níu félögum sem hafa verið lengst í úrvalsdeildinni, það er Manchester United, Liverpool, Manchester City, Chelsea, Arsenal, Tottenham, Everton, West Ham og Southampton aukið vald við ákvarðanatöku um málefni deildarinnar. Þannig að það nægi að sex af þessum séu með eða á móti breytingatillögu til þess að tillagan nái fram að ganga. Með þessu væri til að mynda einfaldara að breyta því fyrirkomulagi sem nú er um að sjónvarpsréttargreiðslur á innanlandsmarkaði dreifist jafnt á milli félaganna í deildinni og auka muninn sem er á greiðslum til félaganna sem koma til vegna sjónvarpsréttarins erlendis.

Það sem er hins vegar róttækasta tillagan fjárhagslega er að félögin í neðri deildunum fái 25 prósent af þeim sjónvarpsréttargreiðslum sem sameiginlega verður samið um fyrir úrvalsdeildarfélögin og deildirnar þrjár fyrir neðan. Félögin myndu hins vegar í staðinn afsala sér svokallaðri fallhlífargreiðslu sem félögin fá þegar þau falla úr úrvalsdeild í næst efstu deild.

Ef félögin í neðri deildunum myndu fá 25 prósent af sjónvarpsréttargreiðslum fyrir ensku úrvalsdeildina skiptu þau á milli sín greiðslum upp á ríflega 700 milljónir punda sem er umtalsvert herra en þau fá í sinn hlut í núverandi fyrirkomulagi. Til samanburðar má nefna að félög í næstefstu deild fá hvert um sig um fimm milljónir punda í sjónvarpstekjur samkvæmt þeim samningi sem nú gildir. Þarna



Forráðamenn ensku knattspyrnufélaganna Liverpool og Man. United hafa lagt fram róttækar tillögur MYND/GETTY

●● Ef ég væri stjórnarformaður hjá félagi sem er ekki hluti af sex sterkustu félögum úrvalsdeildarinnar sæi ég engan hag í því að samþykkja þessar tillögur.

Björn Berg Gunnarsson



er einnig verið að leggja til að enska knattspyrnusambandið fái í sinn hlut 100 milljónir punda frá úrvalsdeildarfélagunum,“ segir hann.

„Ef ég væri stjórnarformaður hjá félagi sem er ekki hluti af sex sterkustu félögum úrvalsdeildarinnar sæi ég engan hag af því að samþykkja þessar tillögur. Þar með væri ég að gera mér erfiðara fyrir að halda mér í deildinni og komast aftur í hana ef liðið mitt myndi falla. Lið sem fara reglulega á milli ensku úrvalsdeildarinnar og þeirrar næstefstu eru að afsala sér því forskoti sem fallhlífargreiðslan veitir þeim eftir að þau hafa fallið úr úrvalsdeildinni. Lið sem falla þaðan hefja næsta tímabil þar á eftir með

um það bil tvöfalt til þrefalt meiri tekjur en hin liðin í deildinni og eru þar af leiðandi mun líklegri til þess að fara aftur upp í gullnámuna sem úrvalsdeildin er,“ segir Björn Berg um áhrif tillagnanna fyrir félögin sem standa vanalega utan sex efstu sæta deildarinnar.

Svo virðist sem vangaveltur Björns Berg eigi hljómgrunn hjá eigendum þeirra félaga sem eru ekki í hópi sex sterkustu liða úrvalsdeildarinnar. Þannig hefur það heyrst að forráðamenn West Ham United sem er eitt þeirra félaga sem fengi aukið vægi við ákvarðanatöku um málefni deildarinnar sé mótfallið þeim tillögum sem settar hafa verið fram. hjorvaro@frettabladid.is

Íslenska liðið mætir laskað til leiks innan vallar sem utan

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mætir Belgum, sem eru í efsta sæti á heimslista FIFA í fjórðu umferð í 2. riðli A-deildar þjóðadeildarinnar, á Laugardalsvelli í kvöld.

Eins og áður þegar íslenska liðið leikur í þjóðadeildinni eru stór skörð höggvin í liðið en Gylfi Þór Sigurðsson, Jóhann Berg Guðmundsson og Aron Einar Gunnarsson eru farnir aftur til félagsliða sinna og Kári Árnason, Ragnar Sigurðsson, Alfreð Finnbogason og Arnór Sigurðsson eru að glíma við meiðsl og verða ekki með í þessum leik. Þá tilkynnti KSÍ í gær að Erik Hamrén, þjálfari íslenska liðsins, og starfslíð hans væru komin í sóttkví vegna kórónaveirusmits hjá starfsmanni sambandsins. Hamrén og Freyr Alexandersson, aðstoðarþjálfari, munu fylgjast með leiknum í sérstakri lokaðri stúku í kvöld en þetta staðfesti Freyr í samtali við 433.is í gær.



Birkir Bjarnason mun í kvöld leika sinn 89. landsleik þegar Ísland mætir Belgum. Birkir mun bera fyrirliðabandið í fyrsta skipti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

●● Við förum í alla leiki með það að markmiði að standa okkur vel og ná í úrslit. Við gerum okkur hins vegar alveg grein fyrir því að þetta verður erfiður leikur.

Birkir Bjarnason sem verður fyrirliði Íslands í leiknum í kvöld segir vissulega erfitt að mæta jafn sterku liði og Belgar eru án fyrrgreindra leikmanna en það gefi líka öðrum leikmönnum tækifæri til að sýna sig og sanna með landsliðinu.

„Við förum í alla leiki með það að markmiði að standa okkur vel og ná í úrslit. Við gerum okkur alveg grein fyrir því að þetta verður erfiður leikur og það gefur auga leið að við munum sakna þeirra leikmanna sem eru ekki með að þessu sinni.

Fjarvera þeirra gefur öðrum leik-

mönnum færi á að sýna hvað í þeim býr á móti besta landsliði heims. Við viljum allir máta okkur við þá bestu og erum bara spenntir að takast á við þetta verkefni,“ sagði Birkir á blaðamannafundi í gær. Birkir mun í kvöld leika sinn 89. landsleik en þetta verður í fyrsta skipti sem hann ber fyrirliðabandið.

Belgar verða einnig án lykilleikmanna sinna í þessum leik en Kevin De Bruyne, Eden Hazard, Thibaut Courtois, Jan Vertonghen og Dries Mertens eru allir fjarverandi.

Ísland og Belgía hafa mæst tólf sinnum og belgíska liðið hefur ávallt farið með sigur af hólmi og er markatalan 42-7 Belgum í hag. Liðin mættust í Brussel fyrir um það bil mánuði en heimamenn unnu þá sannfærandi 5-1 sigur. Biði Ísland lægri hlut í leiknum í kvöld og Danmörk hefur betur gegn Englandi, er ljóst að Ísland endar neðst stigalaust á botni 2. riðils og fellur niður í B-deild. – hó



MIÐVIKUDAGUR 14. OKTÓBER 2020

Heilsa



Hallbera ber stolt nafn langalangömmu sinnar. Hún var sárþjád af kvölum í hásin en segist nú vera verkjalaus og með fullan tank. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kollagenið gaf nýtt líf og kraft í fótboltanum

Skagakonan Hallbera Guðný Gísladóttir er ein af leikjahæstu landsliðskonum Íslands í knattspyrnu. Hún hafði lengi glímt við meiðsli og þráláta verki í hásin þegar hún fékk bót meina sinna með kollageni frá Feel Iceland. ➔2



Skráðu þig á póstlistann og fáðu Fréttablaðið sent rafrænt í morgunsárið

Þú getur skráð þig á frettabladid.is, á Facebook eða bara skannað QR kóðann



FRÉTTABLAÐIÐ



Hallbera segir gómsætt að hræra Feel Iceland kollageni út í griska jógúrt, skera út á það fersk jarðarber og strá yfir góðu músli og kókosflögum.

Framhald af forsiðu ➔

Við erum ekki margar á landinu sem berum nafnið Hallbera en langalangamma mín var fyrst skirð því nafni í minni fjölskyldu og það er algengt í möðurættinni minni. Ég var ekkert of hrifin af nafninu þegar ég var yngri og þótti það helst til stórt, en í dag ber ég það með stolti,“ segir Hallbera Guðný Gísladóttir, viðskiptafræðingur og landsliðskona í knattspyrnu.

Hallbera er fædd og uppalin á Akranesi.

„Ég er blanda af Skagamanni og KR-ingi, erkiffendum í fótboltanum. Mamma er af Skaganum og pabbi úr Vesturbænum, en hann er þó löngu orðinn gulur í gegn,“ segir Hallbera og vísar í gulan knattspyrnubúning Skagamanna.

Hún kveðst ekki vita hvaðan hún fékk fótboltagenin.

„Foreldrar mínir eru hvorugt frækin í knattspyrnu en frændur mínir, Ríkharður Daðason og Reynir Leósson, voru báðir í boltanum, sem og eldri bræður mínir. Ætli þetta skrifist ekki frekar á andrúmsloftið á Akranesi þar sem fótbolti er langstærsta sportið. Þegar ég var litil voru Skagamenn með gullaldrliðið og því lá beinast við að fara í fótbolta en ég var ekki krakki sem þurfti að pína á æfingar,“ segir Hallbera sem hefur alla tíð haft brennandi áhuga á fótbolta.

„Ég var fimm ára farin að elta boltann með bræðrum mínum úti í garði og fór alltaf á völinn með pabba. Síðan ég var litil hef ég líka verið eldheitur Manchester United-aðáandi. Ég var alltaf ein með köllunum í fjölskyldunni, pabba, bræðrum mínum og frændum, að horfa á enska boltann og hljóp heim af æfingum til að horfa á leikina,“ segir Hallbera sem fór sex ára á sína fyrstu fótboltaæfingu með ÍA og hefur ekki stoppað síðan.

„Mér finnst alltaf jafn gaman að fara á æfingar og hitta liðsfélagana. Þótt það ríki samkeppni úti á vellinum erum við miklar vinkonur utan hans.“

Nam við Hússtjórnarskólann

Hallbera er fyrirliði Íslandsmeistara Vals en á dögunum kom fram að hún væri á förum frá Val til að stunda meistaranám í Svíþjóð.

„Planið var að fara til Stokk-hólms nú í haust, í meistaranám í samskipta- og markaðsfræðum, en vegna kórónaveirunnar fer námið enn sem komið er fram í fjarkennslu. Ég kunni vel við mig í Svíþjóð, þegar ég lék þar með Piteå í Norður-Svíþjóð árin 2012 til 2013 og með Djurgården í Stokk-hólmi 2017 og fann að ég var ekki búin með Stokkhólm þegar ég kom heim. Ég er því mjög spennt að komast út því Stokkhólmur er geggiuð borg og togar í mig,“ segir Hallbera sem hefur undanfarin

þrjú ár starfað sem þjónustufulltrúi á fyrirtækjasviði í Landsbankanum.

Hún er líka útskrifuð húsfreyja úr Hússtjórnarskólanum í Reykjavík.

„Ég ákvað að nota útistandandi valeiningar til stúdentsprófs til að fara í Hússtjórnarskólann og það var áhugaverður tími. Ég er ekki mikil húsmóðir í mér og gekk ekkert allt of vel að þrjóna og sauma en eldamennskan átti vel við mig og hefur nýst mér vel síðan, þótt ég sé ekki svo myndarleg að taka slátur nú í sláturtíðinni. Amma lærði líka við Hússtjórnarskólann á sínum tíma og ég fékk stóran plús í kladdann hjá henni sem þótti gaman að koma í gamla skólann sinn á ný og skoða handverkið.“

Allt frá fæðingu fram á full-orðinsaldur var Hallbera bæjarstjóradóttir en faðir hennar, Gísli Gíslason, var bæjarstjóri á Akranesi frá árunum 1987 til 2005.

„Ég er mjög stolt af pabba og veit að hann sinnti sínu vel, en viðurkenni að hafa notfært mér það sem krakki að vera bæjarstjóradóttir og var eflaust óþolandi á tímabili þegar ég hótaði að reka þennan og hinn úr bænum,“ segir Hallbera og skellir upp úr.

„Fjölskyldan býr enn á Skaganum en ég og elsti bróðir minn í borginni. Við höfum fyrir sið að borða öll saman á sunnudögum og þá fer ég í mat til mómmu og pabba upp á Skaga, sem á stóran stað í hjarta mínu.“

Blómstraði seint í boltanum

Hallbera er með leikjahæstu landsliðskonum Íslands frá upphafi og á að baki 114 landsleiki. Aðeins Sara Björk Gunnarsdóttir, Katrín Jónsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir hafa leikið fleiri leiki og eru allar miklar fyrirmyndir Hallberu.

„Ég blómstraði seint í boltanum og það tók mig tíma að verða góð knattspyrnukona. Ég var þó alltaf frekar góð og í 2. flokki fór ég aðeins að bera af og var valin í 17 ára landsliðið,“ segir Hallbera sem skipti úr ÍA yfir í Val árið 2006.

„Það voru mikil viðbrigði. Í Val þurfti ég að hafa mikið fyrir því að spila og sat fyrsta kastið oft á bekknum. Til að byrja með var ég mjög stressuð að mæta á æfingarnar hjá Val og fannst ég ekki vera komin svo langt í boltanum, enda voru æfingarnar mun erfiðari þar og meiri alvara í hlutunum. En svo náði ég tökum á þessu og gat unnið nokkuð vel úr því sem ég hafði. Ég hef mikið keppnisskap en ef ég hefði ekki haft rétta hugarfarið hefði verið auðvelt að koðna niður og gefast upp,“ segir Hallbera sem var valin í A-landsliðið tveimur árum síðar.

„Fyrir mér er toppurinn í fótboltanum að fá að spila landsleiki. Þegar ég var yngri bjóst ég aldrei við að komast í A-landsliðið og held að landsliðið haldi manni svolítið gangandi. Ég er 34 ára og



“Ég hljóma eflaust eins og predikari en ég get ekki annað en dásamað kollagenið frá Feel Iceland. Ég fór frá því að vera sárþjáð yfir í að vera nær verkjalaus.

hef hugfast hversu mikill heiður það er að spila með landsliðinu. Fyrir suma leiki fæ ég fiðrildi í magann af stressi en þegar ég mæti í klefann og undirbúningur hefst tekur yfir brjálaður fókus sem einkennir stemninguna,“ útskýrir Hallbera.

Undir þjóðsöngnum gleymi hún svo stund og stað.

„Það getur verið viðkvæm stund og mikil geðshræring. Ég spilaði landsleik daginn eftir að amma mín féll frá og þá var erfitt að halda andlitinu. Lofsöngurinn hreyfir við manni og það að standa í hópi og syngja hann, í bland við stoltið og samkenndina sem maður finnur hrislast um sig á vellinum, ekki sist þegar völlurinn er fullur.“

Strákastelpa og puntudúkk

Hallbera fer á tveggja tíma fótboltaæfingar sex til sjö daga vikunnar.

„Mér finnst fótbolti virkilega skemmtilegur. Það er gaman að

ná árangri, keppa og vera hluti af liði sem stefnir að sömu markmiðum. Ég tel það ekki eftir mér að þurfa að mæta oft á æfingar en það reyndi alveg á í samkomubanninu í vor þegar engar skipulagðar æfingar voru og maður þurfti að fara einn út að hlaupa, oft í ömurlegu veðri. Að sama skapi fann maður á fyrstu æfingu eftir kófið hvað allir voru himinlifandi glaðir að hittast á ný og hversu miklu það skiptir að vera með liðsfélögum sínum og á skipulögðum fótboltaæfingum.“

Eftirminnilegast á ferlinum segir Hallbera vera sigur Íslands gegn Þjóðverjum í undankeppni HM 2017.

„Það var risastórt í okkar augum. Við höfðum aldrei unnið Þjóðverja og það var ár og öld síðan þær höfðu tapað leik í undankeppni. Vonbrigði eru líka til staðar, eins og þegar við vorum nálægt því að tryggja okkur umspil fyrir HM en klúðruðum því með jafntefli við Tékká á heimavelli. Það eru mestu vonbrigði sem ég hef upplifað og það er líka erfitt þegar fjölmiðlar eru ekki ánægðir með mann. Þá taka við erfiðir dagar,“ segir Hallbera alvörugefin.

Þegar fritími gefst þykir Hallberu gaman að ganga á fjöll og njóta samveru með fjölskyldu og vinum. Hún hefur líka mikinn áhuga á tísku og útliti.

„Ég er í senn mikil strákastelpa og algjör puntudúkk, hef gaman af því að vera fin, kaupa mér fót og fylgjast með helstu tískufyrirmyndum.“

Dásamar Feel Iceland

Síðastliðin sex ár hefur Hallbera strítt við meiðsli í báðum hásinum.

„Stundum er ég sárþjáð en inni á milli betri. Önnur hásinin var skorin með göðum árangri í fyrra en hin truflaði mig áfram mjög mikið, það var vont að hlaupa og koma sér í gang fyrir leiki. Hins vegar fer maður ekki í aðgerð

nema tilneyddur því batatíminn er langur og ég vildi fyrst prófa allt sem ég gat annað til að freista þess að verða betri,“ segir Hallbera sem í sumar sá fyrir tilviljun auglýsingu frá Feel Iceland.

„Mér leist strax vel á fyrirtækið sem er íslenskt og þá staðreynd að kollagenið er unnið úr íslenskum sjávarafurðum. Ég ákvað því að prófa og sjá hvort kollagen hefði góð áhrif á hásinina,“ segir Hallbera sem byrjaði að taka inn Joint Rewind frá Feel Iceland í júlí.

„Árangurinn var ótrúlegur. Á fimmta degi spurði liðsfélagi hvort mér væri ekki lengur illt í hásininni því það leyndi sér ekki hvað ég var þjáð þegar ég skakklappaðist um á æfingum. Á þeim tímipunkti gat ég hlaupið hratt og sársaukalaust og beitt mér almennilega. Áhrifin voru giganísk, ég hafði prófað svo margt, bæði meðferðir og sprautur, en á endanum var það kollagenið sem hjálpaði mér og það undurfljótt,“ segir Hallbera himinsæl.

„Ég hljóma eflaust eins og predikari en get ekki annað en dásamað kollagenið frá Feel Iceland. Nú finnst mér ég eiga endalaust eftir á tankinum og finn ekki lengur fyrir verkjunum. Kollagenið hefur líka góð áhrif á húðina sem verður oft litlaus og þurr með veðrabreytingum en er nú mjúk og góð.“

Hallbera tekur inn daglega hylki af Joint Rewind ásamt skeið af Amino Marine kollagendufti sem hún setur út í morgundrykkinn.

„Um helgar hræri ég kollageninu út í gríska jógúrt og sker niður fersk jarðarber sem ég set út á ásamt góðu músli og kókosflögum. Ég mundi ekki mæla með kollageninu nema heilshugar og út af muninum sem ég finn. Ég fór frá því að vera sárþjáð yfir í að vera nánast verkjalaus. Kollagenið gaf mér nýtt líf í fótboltanum.“

Sjá nánar á feeliceland.com

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðubundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjórdís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölmenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 14. október 2020

38. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Tangente Update. Made in Germany. The bestselling NOMOS model is now available as Tangente neomatik 41 Update—featuring the patented ring date and an innovative mechanical movement. This automatic timepiece has already received a number of awards, including the Grand Prix d'Horlogerie de Genève. Available now at Michelsen. More information here: michelsen.is and nomos-glashuette.com

MICHELSEN
1909

Hafnartorg • 511 1900 • michelsen.is



175 Years
Watchmaking
Glashütte



NOMOS
GLASHÜTTE

Hver á að kaupa skuldir ríkisins? Markaðurinn er að senda þau skilaboð að Seðlabankinn tali minna um magnbundnar aðgerðir og fari frekar að framkvæma þær.

2

Skella í lás Meirihluti verslana í miðborg Reykjavíkur sem reiðir sig að mestu leyti á erlenda ferðamenn hefur skellt í lás.

4

Matorka klárar fjármögnun Fiskeldisfyrirtækið er að ganga frá endurfjármögnun upp á 1,3 milljarða og auk þess þriggja milljóna dala hlutafjárukningu.

4

Tekur tíu ár að springa út Verðmætustu fyrirtækin í eignasafni vísisjóða bæta mest við virði sitt á síðustu tveimur eða þremur árunum áður en þau eru seld.

10

Fjármálakerfið og fyrirtæki Ríkisstjórnin og Seðlabankinn hljóta að skoða hvernig megi auðvelda fjármálakerfinu að uppfylla skyldu sína til að styðja við fyrirtækin í kórónaveirukreppunni.

12

Tugmilljarða uppbygging

Verne Global gagnaverið á Reykjanesi hefur vaxið um 30 prósent á ári frá 2012. Bílaframleiðendurnir BMW og Volkswagen nýta ofurtölvur í gagnaverinu meðal annars til að gera árekstrarprófanir. ➡6



Það hefur aldrei verið meira að gera hjá okkur en frá því að kórónaveiran blossaði upp.

Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Verne Global á Íslandi

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímappantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



Samherji vill kaupa eignir Norðuráls við Helguvík og hefja laxeldi

Norðurál og Samherji hafa undirritað viljayfirlýsingu um kaup Samherja á lóð og byggingum Norðuráls við Helguvík, samkvæmt heimildum Markaðarins. Áætlanir Samherja snúa að því að hefja laxeldi á landi og nýta til þess byggingar í Helguvík, sem upprunalega var ætlað að hýsa álver Norðuráls.

Samherji hefur þegar hafið frumathugun á aðstæðum til laxeldis í Helguvík, en niðurstöður þeirrar athugunar munu líklegast liggja fyrir áður en árið er úti. Byggingar Norðuráls við Helguvík eru alls 23 þúsund fermetrar og lóðin er um 100 hektarar. Kaupverð liggur ekki fyrir. Norðurál hefur þegar sótt um leyfi til Reykjanesbæjar til að stunda aðra starfsemi en álframleiðslu á svæðinu, en slíkt leyfi hefur ekki verið veitt sem stendur.

Samherji starfrækir þegar fiskeldi á Suðurnesjum. Fyrirtækið rekur tvær áframleiddisstöðvar bleikju skammt frá Grindavík og á Vatnsleysuströnd. Þar að auki rekur Samherji vinnslu í Sandgerði, þar sem bleikju er slátrað og pakkað í neytendaumbúðir.

Ætla má að uppbygging laxeldis við Helguvík falli því harla vel að núverandi starfsemi fyrirtækisins á Suðurnesjum. Samherji stundar þegar laxeldi á landi að Núpsmýri í Óxarfirði.

Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Samherja framleiðir fyrirtækið um 1.500 tonn af eldislaxi á ári, sem gerir Samherja að einum stærsta landeldisframleiðanda á laxi í heiminum.

Gangi þessar áætlanir eftir má teljast algjörlega öruggt að álver muni ekki risa við Helguvík, þó

23

þúsund fermetrar er stærð bygginga Norðuráls við Helguvík og lóðin er samtals um 100 hektarar.



Þorsteinn Már Baldvinsson, annar forstjóri Samherja

segja megi að öll rök hafi að vísu hniðið að þeirri niðurstöðu um skeið. Aldrei tókst að útvega næga raforku til að hleypa álverinu af stokkunum.

Fyrsta skóflustunga fyrirhugaðs álvers var tekin um mitt ár 2008. Gangsetning var fyrirhuguð árið 2010 og framleiðslugeta átti að vera allt að 360 þúsund tonn á ári, en til þess að starfrækja álver af þeirri stærðargráðu hefði þurft allt að 600 megavött af uppsettu afli. Möguleikanum á byggingu álversins var þó haldið uppi á borðum í orði allt til ársins 2016.

Um mitt ár 2016 úrskurðaði síðan gerðardómur að raforkusamningur HS Orku og Century Aluminum, eiganda Norðuráls, vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík væri ekki lengur gildur. – thg

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is


MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

Pessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Austurströnd 14 • Hringbraut 35



Langtímavextir hækka á sama tíma og horfur í efnahagslífinu versna

Óvissa um hvernig hallarekstur ríkissjóðs verður fjármagnaður hefur hækkað vexti á skuldabréfamarkaði. Mun smitast yfir á lánamarkaðinn og auka aðhaldið. Sjóðsstjóri hjá Kviku segir markaðinn vera að senda þau skilaboð að Seðlabankinn tali minna um magnbundnar aðgerðir og fari frekar að framkvæma.

Fjárfestar hafa áhyggjur af innlendra fjármögnunarþörf ríkissjóðs á komandi árum og að hún muni að óbreyttu þrýsta vöxtum á skuldabréfamarkaði til hækkingar á sama tíma og efnahagshorfur fara versnandi. Frá því í lok ágúst hafa vextir á tíu ára ríkisskuldabréfum hækkað um líðlega 0,4 prósentur – úr 2,6 prósentum í tæplega 3 prósent – og eru nú komnir á svipaðar slóðir og í mars þegar stýrivextir Seðlabankans voru 2,25 prósent.

Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri skuldabréfa hjá Kviku eignastýringu, bendir á að nettó innlend fjármögnunarþörf ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpi sé um 500 milljarðar króna til næstu tveggja ára, og líklega talsvert meiri í ljósi versnandi efnahagshorfa. „Hver á að segja að vaxtakjörin verði að vera hærri, á meðan ekki liggur skýrar fyrir um hvernig standa eigi að fjármögnun á þessari gríðarlegu lánsfjárförf ríkisins sem og annarra opinberra aðila, svo sem sveitarfélaga,“ segir Agnar í samtali við Markaðinn.

„Skilaboðin sem markaðurinn er að senda eru líklega á þá leið að Seðlabankinn þurfi að byrja að tala minna um magnbundna íhlutun [kaup á ríkisskuldabréfum] og þess í stað að framkvæma meira,“ útskýrir Agnar. Það gæti þá leitt til þess að verðmyndun á skuldabréfamarkaði yrði eðlilegri og í samræmi við væntingar um þróun peningastefnunnar, en framvirkir vextir á skuldabréfamarkaði benda til þess að vextir byrji að hækka nokkuð hratt á næsta ári, sem gerir peningastefnuna mun aðhaldssamari en sem nemur eins prósentis meginvöxtum bankans. Seðlabankinn boðaði kaup á ríkisskuldabréfum fyrir allt að 150 milljarða í mars, en frá þeim tíma hefur hann hins vegar aðeins keypt ríkisbréf fyrir um 900 milljónir.

Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arion banka, telur að þessi hækking á langtímavöxtum eigi eftir að smitast yfir á lánamarkaðinn. „Hún gæti hægt á [vexti í] íbúðalánunum og gerir fjármögnun fyrirtækja og sveitarfélaga dýrari. Aðhaldið færir [þá] í aukana,“ segir hann í fréttabréfi

Próunin hér er því að einhverju marki sérislensk og ekki eitthvað sem við erum að sjá í öðrum vestrænum ríkjum með háa lánshefiseinkunn.

Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri skuldabréfa hjá Kviku eignastýringu



sem var sent til valinna viðskiptavina í lok síðustu viku og Markaðurinn hefur undir höndum.

Hækkun á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa á undanförunum vikum má meðal annars rekja til umfangsmikillar sölu erlendra fjárfestingarsjóða. Þannig hefur BlueBay Asset Management, einn stærsti eigandi íslenskra ríkisbréfa, selt fyrir vel á þriðja tug milljarða frá því í ágúst, að sögn þeirra sem þekkja vel til.

Agnar segir áhugavert að bera saman stöðuna á Íslandi við önnur minni ríki sem eru með sinn eigin gjaldmiðil og eru á verðbólguþrýðingum, eins og til dæmis Noreg, Nýja-Sjáland, Pólland og Ísrael. Þar hafa langtímavextir haldist mjög lágir og ekki fjarri stýrivöxtum viðkomandi ríkja – tíu ára vextir á bilinu 0,5 til 1,2 prósent – en öll þessi ríki byrjuðu framkvæmd á magnbundinni íhlutun fljótlega eftir að heimsfaraldurinn hófst, eða gáfu mjög sterka, framsýna leiðsögn um vaxtastigið í tilfelli Noregs.

„Þróunin hér er því að einhverju marki sérislensk og ekki eitthvað sem við erum að sjá í öðrum vestrænum ríkjum með háa lánshefiseinkunn,“ að sögn Agnars. Hann segir ljóst að ekki sé hægt að halda því fram að Seðlabankinn sé að gera litid – bankinn hefur lækkað vexti úr 3 prósentum í 1 prósent á árinu – en skýringin liggir einkum í því að peningamálayfirvöld hér á landi eru að gera minna en annars staðar í magnbundnum aðgerðum. Þá hefur framsýn leiðsögn bankans með vaxtastigið frekar verið í þá átt að þeir kunni að hækka fyrr en seinna, en að þeir muni haldast lágir meðan efnahagslífið er að jafna sig.

Spurður segir Agnar það ekki vera rétt, eins og oft sé haldið fram í umræðunni, að Ísland sé í ein-

stakri stöðu til að skuldsetja ríkissjóð vegna lágra vaxta og bendir hann á að fjármögnunarvextir hafi hækkað talsvert að undanförunu. „Ísland er auk þess að borga hlutfallslega mun meira en aðrar vestrænar þjóðir fyrir sína skuldsetningu og að mínu mati er meiri óvissa um hagvaxtarhorfur fyrir næstu ár hér en víða annars staðar, þar sem ferðaþjónustan spilar svo hlutfallslega stórt hlutverk í viðspyrnunni,“ segir Agnar, en samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar verður hagvöxtur á bilinu 3 til 4 prósent á árunum 2021 og 2022.

Þá bendir Agnar á að ríkissjóður geti dregið úr innlendra lántökuþörf sinni með því að skoða frekar erlenda fjármögnun, annaðhvort beint með skuldabréfaútgáfu eða nýta gjaldeyrissinnstæður ríkisins í Seðlabankanum sem nema um 220 milljörðum. Annað sem Seðlabankinn gæti gert, að mati Agnars, er að gera bönkum auðveldara að eiga endurhverf viðskipti við Seðlabankann með traust íbúðalán að veði, til lengri tíma en í dag. „Í dag er þetta aðeins til skamms tíma á næstum tvöföldum meginvöxtum bankans og bankarnir nýta þetta ekki. Það myndi þá draga verulega úr útgáfu sértryggðra bréfa og beina þá fjármunum til ríkis og annarra opinberra aðila sem þurfa að fjármagna sig á markaði.“

Í fréttabréfi til valinna viðskiptavina Arion á mánudag kemur fram að fjármögnun ríkisins til styttri tíma gangi vel og það sama megi segja um fjármögnun þess erlendis. „En að fá langtíma innlenda fjárfesta að borðinu er ekki að gera sig,“ segir Stefán Broddi. „[Það er] skelfileg skilaboð til ríkisins, sem á eftir að fjármagna um 15 milljarða á mánuði næstu fjögur árin miðað við hallann í fjármálaáætluninni.“

Þá segir hann í fréttabréfinu að þegar lítið er til þess hvernig Seðlabankinn hafi ætlað að standa að magnbundinni íhlutun í vor, þá hafi bankinn „gert mistök og misst kröfuna of langt upp – bæði fyrir fjármögnun á halla ríkissjóðs og fyrir fjárfestingu fyrirtækja. Ríkið og langtímafjárfestar eru ekki að mætast. Þangað til það gerist virðist ríkið bara fjármagna sig stutt eða Seðlabankinn kemur á kauphliðina,“ segir Stefán Broddi.

hordur@frettabladid.is

Auglýsing

Opinn rafrænn kynningarfundur

Föstudaginn 16. október 2020, kl. 14.00.Í tengslum við hlutafjárútboð í **Reitum fasteignafélagi hf.**

Reitir fasteignafélag býður til opins kynningarfundar föstudaginn **16. október 2020 kl. 14.00** í tengslum við forgangsréttar- og almennt útboð á nýjum hlutum í félaginu sem fer fram dagana 20. og 21. október, og fyrirhugaða töku hinna nýju hluta til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi sem nálgast má á vef Reita, **www.reitir.is/hlutafjarutbod/kynningarfundur**. Upptaka af fundinum verður ekki aðgengileg eftir að honum lýkur.

Um útboðið

Hlutafjárhækkunin mun fara fram á grundvelli almenns hlutafjárútboðs til að safna áskriftum að hinum nýju hlutum þar sem hluthafar Reita njóta forgangs að hinum nýju hlutum, en að forgangsrétti frágengnum verða hinir nýju hlutir boðnir almennum fjárfestum í almennu útboði sem fram fer samhliða forgangsréttarútboðinu.

- Áskriftir skulu skráðar rafrænt á sérstöku formi á **www.arctica.is/reitir-utbod**
- Boðnir verða til sölu hlutir að nafnvirði 120.000.000 kr.
- Útboðsgengi hinna nýju hluta er 43 kr. á hlut.
- Engin lágmarksfjárhæð er á áskriftum í forgangsréttarútboðinu.
- Hver áskrift í almenna útboðinu skal vera að lágmarki 100.000 kr.
- Forgangsréttarhafar að hinum nýju hlutum Reita eru þeir aðilar sem skráðir eru hluthafar Reita í hlutaskrá félagsins í lok dags 19. október 2020 og þeir aðilar sem fengið hafa forgangsrétt framseldan til sín samkvæmt reglum útboðsins.
- Tekið verður við áskriftum frá kl. 10.00 (GMT), þann 20. október 2020 til kl 16.00 (GMT) þann 21. október 2020.
- Fjárfestar þurfa að eiga eða stofna vörslureikning. Hægt er að stofna vörslureikning hjá Íslandsbanka.
- Áætlað er að niðurstöður útboðsins verði tilkynntar 21. október 2020.
- Áætlaður eindagi kaupverðs í útboðinu er 28. október 2020.
- Stefnt er að afhendingu og töku nýrra hluta til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq eins fljótt og auðið er eftir hækkun hlutafjár og útgáfu hlutabréfa hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð. Áætlað er að hinir nýju hlutir verði teknir til viðskipta eigi síðar en 16. nóvember 2020.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Reitum fasteignafélagi eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar um Reiti fasteignafélag og útboðið á vef Reita, **www.reitir.is/hlutafjarutbod**.

Arctica Finance hefur umsjón með útboðinu.



Fyrirtækjaráðgjöf Arctica Finance
Sími 513 3300, reitir@arctica.is

Ferðamannaverslanir skella í lás

Meirihluta verslana í miðborg Reykjavíkur sem reiða sig að mestu á erlenda ferðamenn hefur verið skellt í lás. Mörg störf og mikil velta undir. Mikið framboð var fyrir COVID-19 og eru því líkur á uppstökkun á markaðinum. Horfurnar góðar fyrir lokun landsins.



Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Ferðamannaverslunum í miðbæ Reykjavíkur, sem ætla má að hafi verið með á þriðja hundrað starfsmenn þegar hæst stóð og velt samtals milljörðum króna, hefur flestum verið skellt í lás eftir að tilkynnt var um hertar aðgerðir á landamærunum um miðjan ágúst. „Allir sem reiða sig á sölu til erlendra ferðamanna eru í taprekstri eins og staðan er í dag. Í raun tilgangslaust að hafa opið. Betra er að biða og sjá hvenær fleiri ferðamenn koma til landsins,“ segir Jóhann Guðlaugsson, eigandi Geysis, sem rekur ellefu verslanir í miðbænum. Minnst 43 verslanir í miðbæ Reykjavíkur byggja afkomu sína að langmestu leyti á ferðamönnum. Þetta eru verslanir sem selja íslenskar vörur svo sem minjagrip, ullarvörur eða annan úti-vistarfatnað. Þar af eru lundabúðirnar, eins og þær eru oft kallaðar, 25 talsins.

Samantekt Markaðarins leiðir í ljós að 30 verslunum hafi verið lokað á síðustu vikum og mánuðum. Ef lundabúðirnar eru teknar sérstaklega fyrir hefur 23 verið lokað og 11 hafa verið tæmdar. Í sumum verslunum hafði pappa-kössum verið komið fyrir og verða þær því tæmdar á næstunni. Einn viðmælandi Markaðarins, sem rekur nokkrar ferðamannaverslanir í miðbænum, segir að þegar landinu hafi verið lokað hafi tekjurnar verið komnar upp í um 40 prósent af því sem þær voru í fyrra og áætlanir hafi gert ráð fyrir að afkoman yrði nokkurn veginn við núllið. „Síðan fær greinin rothögg og nú erum við að horfa fram á tugi milljóna í mínus,“ bætir hann við. Jóhann hjá Geysi segist hafa verið höflega bjartsýnn í sumar. „Júli og ágúst lofuðu góðu, en eftir að landamærunum var svo gott sem lokað hefur verið mjög erfitt að sigla í gegnum þetta. Maður er með skuldbindingar gagnvart starfsfólki og öðrum en veit ekki nema með kannski litlum fyrirvara hvaða aðgerða verður gripið til.“ Átta fyrirtæki reka verslanirnar sem samantekt Markaðarins náði



Verslunareigendur ganga út frá því að landamærin verði ekki opnuð aftur fyrr en í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ferðamannaverslanir í miðbænum

Staðsetning		Staða	Staðsetning		Staða
Geysir			Icewear		
Geysir karlmenn	Skólavörðust.		Icewear	Laugavegi	
Geysir konur	Skólavörðust.		Icewear	Laugavegi	
Geysir heima	Skólavörðust.		Icewear	Ingólfsstræti	
Fjallræven	Skólavörðust.		Icewear	Bankastræti	
Lundinn	Skólavörðust.	Lokað	Icewear	Austurstræti	
Lundinn	Laugavegi	Lokað	Icewear	Grófinni	Lokað
Lundinn	Laugavegi	Lokað			
Lundinn	Hafnarstræti	Lokað	Penninn		
Óðinn	Laugavegi	Lokað	Islandia	Bankastræti	
Thor	Laugavegi	Lokað	The Viking	Skólavörðust.	Lokað
Jólahúsið	Hafnarstræti	Lokað	The Viking	Skólavörðust.	Lokað
			The Viking	Hafnarstræti	Lokað
Sjóklæðagerðin			Rammagerðin		
66° Norður	Laugavegi	Lokað	Rammagerðin	Skólavörðust.	Lokað
66° Norður	Laugavegi		Rammagerðin	Skólavörðust.	
			Rammagerðin	Laugavegi	Lokað
Bolasmíðjan			Arctic Workshop		
Woolcano	Laugavegi	Lokað	Arctic Workshop	Laugavegi	Lokað
Woolcano	Laugavegi	Lokað	Arctic Workshop	Laugavegi	Lokað
Ísbjörninn	Laugavegi				
I don't speak Ice.	Laugavegi	Lokað	Nordic Store		
I don't speak Ice.	Laugavegi	Lokað	Shop Icelandic	Laugavegi	Lokað
Reykjavik T-shirts	Laugavegi	Lokað	Shop Icelandic	Laugavegi	Lokað
Reykjavik T-shirts	Laugavegi	Lokað	Nordic Store	Laugavegi	Lokað
Reykjavik Gift St..	Laugavegi	Lokað	Álafoss	Laugavegi	Lokað
Reykjavik Gift St..	Skólavörðust.	Lokað	Álafoss	Lækjargötu	Lokuð
Reykjavik Gift St..	Skólavörðust.	Lokað			

Matorka að ganga frá umfangsmikilli fjármögnun

Fiskeldisfyrirtækið Matorka er langt komið með að ganga frá endurfjármögnun upp á 1,3 milljarða króna, sem mun haldast í hendur við þriggja milljóna dala hlutafjárukningu, jafngildi rúmlega 400 milljóna króna, samkvæmt heimildum Markaðarins. Matorka sérhæfir sig í umhverfisvænu fiskeldi á laxfiskum á landi. Félagið er með eldisstöðvar í Grindavík, seiðaeldi að Fellsmúla í Landsveit á Suðurlandi og jafnframt fiskvinnsluhús í Grindavík sem sinnir flökun, frystingu og pökku. Fjármögnun Matorku er ætlað að standa undir verulegri aukningu á framleiðslugetu félagsins. Uppbygging á eldiseiningu í Grindavík, sem tvöfaldar framleiðslugetuna úr 1.500 tonnum upp í 3.000 tonn á ári, er mjög langt á veg komin. Þá hefur félag-

ið einnig nýlega fengið leyfi til að tvöfalda framleiðslugetuna aftur upp í 6 þúsund tonn. Aðaltegund Matorku er bleikja, en félagið hóf einnig slátrun á urriða í febrúar síðastliðnum, og er einnig með leyfi til laxeldis. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Kvika banki veitt Matorku ráðgjöf í fjármögnunarferlinu og Arion banki stendur á bak við endurfjármögnun skulda fiskeldisfélagsins. Tekjur Matorku á síðasta ári námu rétt tæplega 700 milljónum króna og jukust um 28 prósent á milli ára. EBITDA félagsins – rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var jákvæð um 76 milljónir króna. Eignarhald í Matorku skiptist nokkurn veginn jafnt milli innlendra og erlendra fjárfesta. Stærsti



Fiskeldisfyrirtækið Matorka er með eldisstöðvar í Grindavík. MYND/ÆSEND

Júli og ágúst lofuðu góðu en eftir að landamærunum var svo gott sem lokað hefur verið mjög erfitt að sigla í gegnum þetta.


Jóhann Guðlaugsson, eigandi Geysis

var með tíu verslanir í miðbænum, sem flestar eru lokaðar. Einnig má nefna Nordic Store, sem rak fimm verslanir í miðbænum sem allar eru lokaðar, Pennann, sem rak fjórar og Rammagerðina sem rak þrjár. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst má ætla 5-6 starfsmenn á hverja ferðamannaverslun. Þannig má gróflega ætla að töpuð störf, miðað við fjölda lokaðra verslana, séu hátt í 200 talsins. „Við hefðum ekki sagt upp þessum 30 sem misstu vinnuna ef landinu hefði ekki verið skellt í lás,“ segir viðmælandi Markaðarins, sem þurfti að segja upp öllum nema nokkrum lykilstarfsmönnum. Margir verslunareigendur ganga út frá því að landamærin verði ekki opnuð aftur fyrr en í vor. Ef sú spá gengur eftir missa verslanirnar út desember og janúar sem hafa áður verið veltumiklir mánuðir.

„Jólaverslun verður alltaf mikil í miðbænum en það verður sjálf-sagt ekki mikið verslað í þeim verslunum sem byggja afkomu sína að langmestu leyti á ferðamönnum,“ segir Þröstur Þórhalls-son, fasteignasali hjá Mikluborg, sem sérhæfir sig í atvinnuhús-næði. Ástandið geti þó breyst á skömmum tíma ef samfélagið nær utan um bylgjuna sem riður yfir. Offramboð fyrir COVID Leiða má líkur að því að grisjun á markaðinum hafi verið óhjákvæmileg, jafnvel þó að kórónaveiran hefði ekki komið til sögunnar. Sem dæmi má nefna að fimm ferðamannaverslanir voru opnaðar í miðbænum á árinu 2019 þrátt fyrir að fall WOW air hefði valdið töluverðum samdrætti í komu ferðamanna til landsins. „Á næsta ári má búast við mikilli uppstökkun á þessum markaði, þar sem mörgum verslunum verður lokað og sum fyrirtæki fara í þrot,“ nefnir einn viðmælandi.

Öflugur búnaður skiptir öllu máli þegar unnið er að heiman

Náðu forskoti með HP EliteBook x360 1000 Series



Opin Kerfi



„Keppinautar okkar eiga erfitt með að bjóða viðskiptavinum langtímasamninga um verð, því annars staðar í heiminum sveiflast verð á rafmagni eftir aðstæðum á markaði,“ segir Helgi Helgason.

Mun meira að gera eftir COVID-19

Gagnaverið er orðið býsna stórt, segir framkvæmdastjóri Verne Global á Íslandi. Íslensk veðrátta sparar um 20-30 prósent af fjárfestingu í tækjabúnaði. Gagnaver eru í raun fjöldi ofurtölva með griðarlegt reikniafl. Snýst að litlu leyti um hýsingu gagna.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Gagnaverið Verne Global, sem staðsett er á Reykjanesi, hefur vaxið að meðaltali um 30 prósent á ári frá árinu 2012, segir Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Verne Global á Íslandi.

Hann segir: „Verulegar líkur eru á að gagnaverið haldi áfram að stækka,“ og byggt verði við það á næsta ári. Eftirspurnin sé til staðar. „Gagnaverið er orðið býsna stórt. Þegar lokið verður við yfirstandandi stækkun eftir um það bil tvo mánuði verður til samanburðar stærð gagnavers Verne Global um það bil 15 sinnum stærð gagnaversins við Korputorg í Reykjavík, sem sinnir einkum innanlandsmarkaði. Stóran hluta gagnaflutninga til og frá landinu okkar má rekja til okkar viðskiptavina,“ segir Helgi.

Fjögurra milljarða stækkun
Nýlega var upplýst um að verja ætti 27 milljónum dala, jafnvirði 3,7 milljarða króna, til að stækka gagnaverið. „Hér er því um tugmilljarða heildarfjárfestingu að ræða og afar spennandi næsta áfanga í stækkun gagnaversins sem knúin

er áfram af eftirspurn frá nýjum og núverandi viðskiptavinum,“ segir hann.

Fjárfestingafélagið General Catalyst, sem kom fótunum undir tölvuleikjafyrirtækið CCP, var fyrsti kjölfestufjárfestir Verne Global, ásamt Novator. Wellcome Trust, sem er góðgerðarsjóður á sviði heilbrigðisrannsókna með aðsetur í London, er nú stærsti hluthafinn en sjóður á vegum Stefnis, dótturfélags Arion banka, sem fjármagnaður er af lífeyrissjóðum, er einnig á meðal hluthafi.

Helgi segir að gagnaver reki innviði á borð við fasteignir, kæli- og rafkerfi. „Við hvorki eigum né rekum tölvubúnað viðskiptavina,“ segir hann og bætir við að viðskiptavinir kaupir nettengingar af þeim sem bjóði slíka þjónustu. „Við stöndum fyrir utan það. Það skiptir þó öllu máli að hafa góðar nettengingar til og frá landinu. Án þeirra væru engir viðskiptavinir.“

Aðspurður segir hann að tölvubúnaður viðskiptavina sé almennt afskrifaður á þremur til fimm árum.

Hugmyndin frá CCP
Að sögn Helga vaknaði hugmyndin að rekstri alþjóðlegs gagnavers á Íslandi innan veggja CCP, þar sem General Catalyst var stór hluthafi. „Það hefur tekið tíma að ýta rekstrinum úr vör,“ segir Helgi.

Undirbúningur hófst árið 2007 en fjármálahrunið 2008 gerði það að verkum að uppbyggingin fór ekki á „fullt skrið“ fyrr en árið 2011 þegar hafist var handa við að reisa fyrsta áfanga gagnaversins. Starfsemin hófst í ársbyrjun 2012.

Helgi, sem starfað hefur hjá Verne Global frá árinu 2008, segir að í upphafi hafi tilbúin gagnaverslausn verið keypt. Það var talið áhættuminnst, enda hafði ekki verið reist jafnstórt gagnaver á Íslandi áður. „Það var hannað og smíðað í Bretlandi og sett saman á Íslandi. Það virkaði í sjálfu sér ágætlega, en það var ekki hannað miðað við íslenskar aðstæður heldur breskar.“

Hvaða vanda skapaði það?
„Vandinn lýtur fyrst og fremst að kælingunni. Það er ekki verið að færa sér í nyt hve kalt er á Íslandi. Veðurfarið á Íslandi er nefnilega ákjósanlegt fyrir stór gagnaver. Hérlandis er hvorki sérstaklega heitt á sumrin né of kalt á veturna. Viða erlendis er hvorki breytileiki í veðurfari, til dæmis á Norðurlöndunum verður mun heitara á sumrin og mun kaldara á veturna. Þessi breytileiki gerir það að verkum að hafa þarf yfir að ráða innviðum sem geta tekist á við öfgar í loftslagi. Því fylgir umtalsverður viðbótarkostnaður við kaup á búnaði sem viðskiptavinir verða að standa undir.“

Stórfyrirtæki á borð við Apple hafa byggt gagnaver í Danmörku. Stjórnvöld þar í landi hafa unnið markvisst að því að laða gagnaver til landsins með skýrri stefnumörkun, skattalækkunum og fleiri þáttum.

Sparar 20-30 prósent
Hvað sparar íslensk veðrátta gagna-verum mikið fé?
„Ef til vill sparar það um 20-30 prósent af fjárfestingu í tækjabúnaði. Það getur skipt verulegu máli enda er um stórar fjárhæðir að ræða við slík kaup. Erlendis rennur auk þess stór hluti af rafmagnskaupum í að knýja kælikerfi.“

Fyrstu tvö árin í rekstri Verne Global voru keyptar tilbúnar tæknilausnir. „Það helgaðist að stórum hluta af því að viðskiptavinir okkar treystu umræddum lausnum. Undanfarin fimm ár höfum við nýtt sérhannaðar lausnir sem færa sér í nyt þær aðstæður sem hér eru fyrir hendi.“

Verne Global á tvær skemmur á

gamla varnarsvæðinu á Reykjanesi. Önnur er um 10 þúsund fermetrar og hin nær 13 þúsund fermetrar að grunnfleti. „Við erum að klára annan áfanga af þremur í seinni byggingunni. Að framkvæmdum loknum mun starfsemin þekja um 20 þúsund fermetra. Hún tekur umtalsvert pláss en salirnir sem hýsa tölvubúnað eru einungis hluti af þessu. Kælikerfin taka mikið pláss og svo erum við með vinnu-svæði.“

Ekki eins og álver
Helgi segir að gagnaver sé ekki eins og álver. „Það er ekki hægt að reisa gagnaver, þrýsta á hnapp og allt fer á flug. Álagið og umsvifin aukast jafnt og þétt. Viðskiptavinir leigja til dæmis fyrst einn sal en fylla hann ekki samstundis af tækjabúnaði heldur vaxa inn í rýmið á einhverjum tíma. Loks kemur að þeim tímamarki að þeir verða að leigja annan sal. Það hefur verið þróunin hjá okkur, viðskiptavinir vaxa með okkur.“

Öryggi gagnavera skiptist í fjóra flokka, frá einum upp í fjóra. Mesta öryggið felst í fjórum. „Verne er Tier 3 og sum tækin nálgast Tier 4. Fáir byggja allra öruggustu gagnaverin, þau eru einkum nýtt til að gæta hernaðarlega mikilvægra gagna. Við getum tekið kerfi úr notkun án þess að það bitni á rekstri við-

Endurskoðun og bókhald

MIÐVIKUDAGUR 14. OKTÓBER 2020

Kynningar: dk hugbúnaður, Aðalbókarinn, Fastland, KPMG, Quarter, Uniconta, Múlalundur



Dagbjartur Pálsson, framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar, og Hafsteinn Róbertsson, sérfræðingur afgreiðslukerfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Áreiðanlegt og sveigjanlegt bókhaldskerfi í tuttugu ár

Íslenska bókhaldskerfið frá dk hugbúnaði er mjög sveigjanlegt og býður upp á hentugar sérlausnir fyrir ótal gerðir reksturs. Bókhaldskerfið er áreiðanlegt og fjölbreytt. Þúsundir fyrirtækja nýta sér fjölmarga kosti kerfisins og viðskiptavinum dk hugbúnaðar fjölgar hratt og örugglega. ➔2



dk hugbúnaður leggur áherslu á jafnrétti innan fyrirtækisins og er stolt af öllum þeim hæfileikaríku konum sem starfa hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Framhald af forsiðu ➔

Fyrtækið dk hugbúnaður framleiðir og selur langútbreiddasta viðskiptakerfið á Íslandi fyrir allar greinar atvinnulífsins og býður upp á alls kyns sérlausnir fyrir fyrirtæki. „dk hugbúnaður er leiðandi í viðskiptahugbúnaði hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja, þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður,“ segir Dagbjartur Pálsson, sem er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni. „Fyrirtækið framleiðir alhliða viðskiptahugbúnað og varð 20 ára á síðasta ári.“

Útbreiddasta viðskiptakerfið

„Þetta er alíslenskur hugbúnaður sem var þróaður og smíðaður frá grunni af okkur,“ segir Hafsteinn Róbertsson, sérfræðingur afgreiðslukerfa. „Það hefur verið reglulegur og góður vöxtur í allri starfseminni okkar nánast frá fyrsta degi og í dag eru yfir 6.500 fyrirtæki með kerfi frá okkur. Af þeim eru mörg af stærri fyrirtækjum landsins sem og meðalstór og lítil fyrirtæki. dk viðskiptahugbúnaðurinn er langútbreiddasta viðskiptakerfið á íslenskum markaði, með um 55% markaðshlutdeild,“ segir Hafsteinn.

„Í dag vinna 73 starfsmenn hjá fyrirtækinu og hefur þeim fjölgað um 9 á þessu ári,“ segir Dagbjartur og heldur áfram: „Svo reukum við einnig stóra og mikla skýjaþjónustu undir nafninu dk Vístun og erum leiðandi á því sviði. Ekkert fyrirtæki sinnir hýsingarþjónustu fyrir annan eins fjölda fyrirtækja hérlandis og við, en það eru nú um 4.500 fyrirtæki.“

Mörg samverkandi kerfi

„Hugbúnaðurinn okkar er seríu af alls kyns samverkandi kerfum, mörgum einingum sem vinna



Dagbjartur og Hafsteinn segja að dk sé leiðandi í viðskiptahugbúnaði hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Síðar í þessum mánuði setur dk nýja útgáfu í prófunarferli. Það sem notendur dk taka fyrst eftir er gerbreytt valmynd og skjáborð sem á eftir að koma þægilega á óvart. Í útgáfunni eru auk þess fjölmargar aðrar nýjungar. Eins eru öll rafræn samskipti orðin einfaldari og þægilegri. Nýja útgáfan verður komin í almenna dreifingu fyrir lok ársins 2020. „Við ætlum að halda áfram að vera leiðandi á markaðinum og fyrirmynd annarra kerfa,“ segir Dagbjartur.

saman til að mynda eitt samfellt kerfi. Kerfin sjá um ólíka hluta rekstrarins. Það eru sér kerfi fyrir skrifstofuna (bakvinnsluna), svo sem fjárhags-, launa-, sölu- og innkaupakerfi, og svo er annar hluti kerfisins sem sér um framendann, svo sem afgreiðslu og veitingasölu. Sá hluti kerfisins kallast dk POS afgreiðslukerfi,“ segir Dagbjartur.

Sjálfsafgreiðsla með dk

Sjálfsafgreiðsla er farin að ryðja sér til rúms á Íslandi. „Við erum með sérsniðnar sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu og af þeim fyrirtækjum sem hafa tekið upp sjálfsafgreiðslukerfi dk POS, til að stytta biðraðir á háannatíma, má nefna Læknavaktina Austurveri og Perluna. Þar er líka dk iPOS sjálfsafgreiðslukerfið sem keyrir

á iPad og er beintengt bókunarvél Bókunar,“ segir Hafsteinn. „dk mun svo koma með fleiri sérhæfðar sjálfsafgreiðslulausnir á næstu vikum og því eru svo sannarlega spennandi tímar fram undan“.

Pappírslaut og sjálfvirk

„Kosturinn við að vera hjá dk hugbúnaði er að öll vinna við bókhaldið er mjög fljótleg, sjálfvirk og skemmtileg. Sjálfvirkni í móttöku og sendingu rafræna reikninga, hvort sem er á PDF- eða XML-formi, einfaldar líf bókarans, dregur úr villuhættu og tryggir rétta meðhöndlun gagna,“ segir Dagbjartur. „Bankakerfið annast sjálfvirka afstemmingu banka-reikninga og sýnir raunstöðu bankareikninga á einum stað. Öll vinnsla á sér stað inni í kerfinu og ekki þarf lengur að skrá sig inn í netbanka til að greiða og móttaka reikninga sem og sækja greiðslur. PDF-reikningar til viðskiptavina og frá birgjum eru sendir og mótteknir og tengdir við færslur þar sem við á. Við bjóðum líka upp á tengingar við allar helstu vefverslanir og sérsniðnar sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu,“ segir Hafsteinn. „Allt er þetta liður í að gera dk viðskiptahugbúnaðinn sem mest pappírslausan og sjálfvirkan.“

dk í áskrift

„Á dk.is er val um áskriftarleiðir og verð og hægt er að panta aðgang að hugbúnaðinum. Það tekur aðeins einn dag að afgreiða leyfi og nýtt bókhald með grunnkerfum dk sem duga fyrir flest fyrirtæki,“ segir Dagbjartur.

Fyrirtækið er með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Nánari upplýsingar má finna á dk.is



Við yfirfærum þekkingu okkar og reynslu til þín

EY á Íslandi er alþjóðlegt
endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki
sem veitir viðskiptavinum sínum
persónulega þjónustu m.a. við

- ▶ Endurskoðun og reikningsskil
- ▶ Bókhald og launavinnslur
- ▶ Innri endurskoðun
- ▶ Upplýsingakerfi og upplýsingaöryggi
- ▶ Skatta- og lögfræðiráðgjöf
- ▶ Rekstrar- og viðskiptaráðgjöf

www.ey.is

Ernst & Young ehf., Borgartúni 30,
105 Reykjavík. Sími 595 2500.

Vilja láta hugsa vel um sig

Fastland sér um laun og skilagreinar, fjárhagsbókhald, skattskil, ársreikningagerð, greiðslubjónustu, reikningagerð, VSK uppgjör og að gera stofnpappíra fyrir stofnun fyrirtækja.

Við vinnum fyrir allar tegundir affyrirtækjum en oftast fyrir viðskiptavinum sem vilja láta hugsa um sig,“ segir Silja Ósvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Fastlands.

„Bókhaldið er hjartað í fyrirtækjunum. Ef það er ekki í lagi þá gengur ekkert upp. Upplýsingar verða að vera réttar og vera ávallt tiltækar. Það er svo mikið um að frábær fyrirtæki ganga ekki upp vegna þess að það er ekki haldið nógu vel utan um upplýsingarnar og fjármálin. Þar komum við inn. Við höldum utan um þetta allt fyrir viðskiptavinum okkar. Það er misjafnt hversu mikla þjónustu viðskiptavinir okkar vilja. Allt frá því að sjá eingöngu um launa-bókhald og ársreikninga upp í að sjá um fjármálastjórnun, gjaldkeravinnu, launabókhald, fjárhagsbókhald, skattskil og ársreikninga. Stundum er allri fjármáladeildinni úthýst til okkar. Sérstaklega virkar það vel í minni fyrirtækjum þar sem ekki er hægt að hafa teymi í vinnu. Betra er að verkefni skiptist niður á nokkra sérfræðinga hjá okkur svo sameiginlega verður til sterkt teymi sérfræðinga sem vinnur samt bara lítinn hluta úr degi í verkefninu. Við það nýtist úthýsingin best og viðskiptavinurinn fær þjónustu og umhyggju. Það er nefnilega okkar vinna að sjá til þess að fólk í rekstri geti nýtt sína hæfileika sem best og án þess að hafa áhyggjur af því að þurfa að ráðast



Silja Ósvaldsdóttir framkvæmdastjóri er hér á skrifstofu Fastlands.

Hópur sérfræðinga hjá Fastlandi.

MYND/ÆSEND

„Það sem okkur hefur fundist skipta mestu máli er að tala mannamál við okkar viðskiptavinum og leysa hratt og örugglega úr málum þeirra.“

svo í bókhalds- og fjármálavinnu á kvöldin.“

Hjá Fastlandi vinna nú 13 sérfræðingar hver á sínu sviði og nýlega bættist við endurskoðandi í hópinum, en Sturla Jónsson, löggiltur endurskoðandi, er kominn inn til samstarfs og veitir nú Fastland því fulla endurskoðun til þeirra sem hana þurfa.

„Það sem okkur hefur fundist skipta mestu máli er að tala mannamál við okkar viðskiptavinum og leysa hratt og örugglega úr málum þeirra. Það hefur enginn áhuga á að hlusta á sérfræðinga tala í frósum sem enginn skilur eða hefur áhuga á. Einnig að það séu alltaf sömu einstaklingarnir sem viðskiptavinir okkar eru í samskiptum við, þá sem vinna verkin. Þannig vinnst þetta best og fólk finnur að það getur treyst því að allt verði í lagi. Það getur orðið mjög dýrt ef mistök eru gerð í okkar bransa, því er nauðsynlegt að vanda sig og sinna öllum verkefnum af alúð.“

Viðskiptavinir Fastlands nýta sér mismunandi leiðir í samstarfinu. „Í mörgum tilfellum sjáum við eingöngu um launamálin. Það er algengt að fyrirtæki vilji sérstaklega úthýsa því, ekki síst fyrirtæki sem hafa tekið jafnlaunavottun og vilja aðstoð við að halda þeim vottunum úti og staðla vinnubrögð.“

Hægt er að fá frekari upplýsingar um Fastland á fastland.is

Sjö þúsund ára saga leggur grunninn

Það kemur eflaust einhverjum á óvart að vita til þess að sögu endurskoðunar og bókhalds má allt í senn rekja til Mesópótamíu til forna, Ítalíu miðalda og Bretlands stuttu fyrir iðnbyltinguna.

Upphaf endurskoðunar sem fags má í raun rekja langt aftur í aldri til forn Mesópótamíu fyrir 7.000 árum og tengist hún sterklega þróun í ritmáli, talningu og peningum sem og ævafornum endurskoðunarferfum Egypta og Babýloníumanna.

Kushim, fyrsti nefndi maðurinn?

Fyrstu rituðu heimildirnar sem til eru almennt eru einmitt frá þessum tíma, í formi leir- og síðar steintafla sem ristar voru með skrift sem kallast cuneiform. Cuneiform var notað í yfir 3.000 ár og er í sjálfu sér ekki tungumál heldur eins konar upplýsingaform sem fjöldi menningarheima nýtti sér, eins konar „lingua franca“ samskiptamál assýríska og babýloníska heimsveldisins. Súmerískir ritarar í fornu borginni Uruk, sem í dag samsvarar því landsvæði þar sem Írak er, voru þá fyrstir til þess að próa cuneiform árið 3200 f. Kr.

Langflestar ritaðar heimildir með cuneiform voru í formi bókhalds eða skriftaræfinga. Til gamans má geta að fyrsta nefnda manneskjan í rituðum heimildum er líklega maður að nafni Kushim. En Kushim nafnið er að finna á hinni svonefndu „Kushim-töflu“ frá Uruk-tímabilinu, sem stóð frá 3400-3000 f. Kr. Á þessari sömu töflu var að finna upplýsingar um kaup og sölu á byggi. Þó er óljóst

hvort Kushim sé nafn á einstaklingi, titill manns eða stofnun. Á töflunni stendur „29.086 mælingar bygg 37 mánuðir Kushim.“ Halda sumir að Kushim sé undirskrift þess sem ritaði töfluna, en Kushim kemur fram á átján mismunandi leirtöflum frá tímabilinu.

Aukin þörf á bókurum í Evrópu

Þegar Evrópa miðalda fór að þróast í átt að fjármálaveldi á 13. öld, óx þörfin á bókhaldi hjá kaupmönnum til þess að halda utan um viðskipti sem voru fjármögnuð af bankanum. Ítalski munkurinn Luca Pacioli er stundum nefndur faðir endurskoðunar og bókhalds, en hann gaf út fyrstu útskýringar á reikningshaldi árið 1494. Um er að ræða aðferðir, sem nefndar eru tvíhliða bókhald, sem kaupmenn á Ítalíu höfðu að öllum líkindum þá þegar notað í hálfa öld. En tvíhliða bókhald, þar sem haldið var utan um bæði debet- og kreditfærslur, var töluverð bylting þegar það kom fram.

Iðnbyltingin í Bretlandi

Fyrstu endurskoðendurnir voru í raun bókarar sem aðstoðuðu stjórnendur við þróun kerfisbundinna aðferða á skráningu viðskipta, og efnahagslegar afleiðingar verkefna hverju sinni. Nútímaendurskoðun má þó segja að sé upprunnin að mestu leyti í Bretlandi. Á 19. öld voru Bretar helst boðberar kaupauðgisstefnu og það var einmitt þar sem iðnbyltingin hófst. Uppruni hins hefðbundna bók-



Leirtafla þessi sem rist er cuneiform ritmáli fannst í uppgreftri á Nippir í Mesópótamíu. Taflan er líklega frá 2600–2350 f. Kr. Upplýsingarnar segja til um dreifingu koparhnifa og tilgreinir hnifaúthlutun til einstaklinga.

MYNDIR/GETTY.

haldara í Bretlandi byggist á ævagömlum hefðum sem rekja má allt aftur í miðaldir. Þá voru bókarar ekki endurskoðendur eins og við þekkjum þá í dag, heldur starfsmenn fyrirtækjanna. Þrátt fyrir að sjá um fjármál fyrirtækisins hafði bókhaldari enga getu til þess að veita vinnuveitanda sínum aðhald í fjármálum, líkt og endurskoðendur í dag.

Á þrettándu öld var síðan orðin til hugmynd um nútímallegri endurskoðanda, sem var þá kosinn einstaklingur sem fór yfir það hvort opinberu fé væri ekki örugglega varið á skynsamlegan

hátt. Þar með var sá aðili orðinn að eins konar málsvara fyrir íbúa ríkisins.

Við upphaf iðnbyltingarinnar í Bretlandi voru gildandi lög um stofnun nýrra fyrirtækja sem hömluðu mjög þróun og nýstofnun út öldina og lengur. Lögin sem höfðu verið sett árið 1720 kröfðust þess að við stofnun nýrra fyrirtækja þyrfti að liggja fyrir sérstakt leyfi frá krúnunni. En ástæða þess að lögin höfðu verið sett, var fyrsta efnahagsbólán á hlutabréfamarkaði í kringum fyrirtækið South Seas í upphafi 18. aldar. Árið 1825 var lögunum breytt þannig að

» **Þróunin hefur verið hröð í geiranum og nýjasta þróunarstökkið er væntanlega hið raf-ræna.**

ekki þurfti lengur sérstakt leyfi frá krúnunni til að stofna fyrirtæki.

Fjölgun endurskoðenda

Árið 1844 voru enn fremur sett ný lög í Bretlandi um stofnun og rekstur fyrirtækja. Lagasetningin kom til vegna nýrrar efnahagsbólú vegna uppbyggingar járnbrauta og sölu á hlutabréfum til fjármögnunar á þeim. Lagasetningin gerði kröfu um að notaðir yrðu endurskoðendur sem væru kosnir af hluthöfum til að staðfesta fjárhagsupplýsingar. Lögin juku mjög eftirspurn eftir endurskoðendum, langt umfram framboð. En árið 1799 voru starfandi ellefu endurskoðendur í London og fimmtíu árum seinna voru þeir orðnir 210.

Þróunin hefur verið hröð í endurskoðunar- og bókhaldsgeiranum og nýjasta þróunarstökkið er væntanlega hið rafræna, enda lætur það í té allt í senn hraða, skilvirgni, nákvæmni og veitir yfirsýn, sem allt eru lykilatriði í farsælum fyrirtækja- og stofnana-rekstri.

Einfalt, skilvirkt og öruggt

Aðalbókarinn ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem býður viðskiptavinum fast verð án aukareikninga. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu sem jafnframt er þægileg, fagleg og einföld.

Aðalbókarinn veitir alhliða bókhaldsþjónustu sem gerir rekstraraðilum kleift að einbeita sér að rekstrinum. Árni er viðurkenndur bókar og Arnar Þór, sonur hans, er með MS-gráðu í reikningshaldi og endurskoðun og á að baki langan starfsferil í rekstri og fjármálastjórn.

„Við sjáum um að bókhaldið sé fært, laun reiknuð og þeim skýrslum skilað sem skila á,“ útskýrir Arnar og heldur áfram: „Við leggjum allan okkar metnað í að veita persónulega og faglega þjónustu, sinnum bókhaldinu af öryggi, tölum einfalt mannamál svo allir séu á sömu blaðsíðu.“

Arnar segir það grundvallaratriði að viðskiptavinir viti alltaf hversu mikið bókhaldsþjónustan kostar. Þess vegna sé Aðalbókarinn með fast mánaðarlegt verð eftir umfangi viðskiptavinarins. Ekki sé rukkað sérstaklega fyrir símöl og önnur viðvik.

Traust, öruggt bókhald

„Hjá okkur eru hlutirnir einfaldir, skýrir, traustir og öruggir. Bókhald snýst um debet og kredit og við bjóðum upp á fasta mánaðargreiðslu fyrir að færa það, ganga frá öllum gjöldum, reikna launin, senda inn virðisaukaskattsskýrslur og gera árið upp. Við skilum síðan inn ársreikningi og skatt-



Feðgarnir Arnar Þór og Árni Sigurðsson starfa saman hjá Aðalbókarinum. MYND/GÍSLI HJÁLMAR SVENDSEN

skýrslu fyrir okkar viðskiptavini. Við vitum hvað þarf til og það er óþarfi að flækja það. Einfalt, skilvirkt og öruggt,“ segir Arnar.

Ekki eingöngu færslur

Hann segir bókhaldsþjónustuna

ekki snúast eingöngu um að færa bókhaldið heldur einnig samskipti við viðskiptavini. Þjónustan við viðskiptavini sé þeim mikilvæg, að tryggja að viðskiptavinir finni að Aðalbókarinn sé með þeim í liði og sé ein af stóðum rekstursins.

Bókhaldið á tímum COVID-19

„Við erum alltaf reiðubúin að aðstoða okkar viðskiptavini í hviðvetna og nú á tímum veiru og fjarvinnu erum við vakandi fyrir því að leita lausna til að mynda vegna fjárhagslegrar endurskipulagning-

”Hjá Aðalbókarinum leggjum við áherslu á að bókhaldsþjónustan sé einföld og þægileg.

ar eða greiðsluskjóls,“ segir Arnar og bætir við að lykillinn að því að taka réttar ákvarðanir í slíkum kringumstæðum sé að byggja á rétt uppfærðum bókhaldsgögnum. „Þar komum við til sögunnar.“

Þróun bókhaldsþjónustu

Á þessu ári hefur Aðalbókarinn verið að þróa þjónustuna, meðal annars með lausnum vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar eða greiðsluskjóls en einnig boðið upp á að sækja gögn til viðskiptavina sem Arnar segir að hafi mælst vel fyrir. Þá séu rafrænar lausnir og bókhaldsský næstu skref sem unnið er með viðskiptavinum eftir þörfum hvers og eins.

„Hjá Aðalbókarinum leggjum við áherslu á að bókhaldsþjónustan sé einföld og þægileg. Það er okkur í hag að viðskiptavinir gangi að snurðalausum samskiptum og finni stuðning sem og skilning á sínum bókhaldsþörfum,“ segir Arnar að lokum.



Traust, öruggt bókhald



Fjarfundabúnaður hefur komið sér vel á COVID-tímum. Starfsmenn geta unnið um allt land án nokkurra vandræða og viðskiptavinir kunna sannarlega vel að meta það. MYND/ÞSEND

COVID-19 hefur sýnt að við vorum tilbúin til fjarvinnu

Á síðustu árum hefur KPMG fylgst grannt með þeirri miklu tækniþróun sem orðið hefur í faginu og verið virkur þátttakandi í þróuninni. Starfsmenn KPMG eru sammála um að tæknin hefur hjálpað mikið við að takast á við áskoranir sem COVID hefur fært þeim og viðskiptavinum þeirra.

Birna Mjöll Rannversdóttir er sviðsstjóri bókhaldssviðs KPMG og Magnús Jónsson tók nýlega við hlutverki sviðsstjóra endurskoðunarsviðs hjá félaginu. Bæði eru þau meðeigendur og hafa starfað lengi hjá KPMG. Á síðustu árum hafa Birna og Magnús fylgst grannt með þeirri miklu tækniþróun sem orðið hefur í faginu og verið virkir þátttakendur og drifkraftar í þróuninni. Þau eru sammála um að tæknin hefur hjálpað mikið við að takast á við áskoranir sem COVID-faraldurinn hefur fært þeim og viðskiptavinum þeirra. Nýlega hittust þau, ásamt blaðamanni, á fjarfundi og ræddu málin.

„Við hjá KPMG vorum fyrst á Íslandi til að bjóða upp á algjörlega rafræna bókhaldsþjónustu og þar með pappírslaut bókhald. Fyrir nokkrum árum þróuðum við og hleyptum af stokkunum KPMG Bókað, meðal annars með það að markmiði að auka rafræn skil á gögnum, nýta starfskrafta um allt land óháð staðsetningu og lágmarka notkun á pappír,“ segir Birna. „Að vera með þessi ferli klár og vel smurð gerði það að verkum að það varð ekkert hökt á starfsemi síðastliðið vor þegar starfsfólk okkar fór strax að vinna heima. Við vorum tilbúin og þannig er staðan hjá okkur líka núna. Gögnin frá viðskiptavinum berast með rafrænum hætti og starfsfólk okkar getur unnið heima.“



Birna Mjöll Rannversdóttir er sviðsstjóri bókhaldssviðs KPMG. MYND/ÞSEND

” Við hjá KPMG vorum fyrst á Íslandi til að bjóða upp á algjörlega rafræna bókhaldsþjónustu og þar með pappírslaut bókhald.

Fjarfundir góð lausn

Magnús tekur undir og segir það hafa reynst vel óháð heimsfaraldri að geta dregið að og stýrt verkefnum óháð staðsetningu. Sjálfur býr hann og starfar að miklu leyti á Egilsstöðum og starfsfólk hans er dreift vítt og breytt um landið og flestir í Reykjavík. „Í raun opnaði þetta augu okkar og viðskiptavinum okkar fyrir þeim kostum sem fjarfundatæknin býður upp á, nú þegar allir fundir og samskipti fara meira og minna fram á Teams eða með öðrum rafrænum leiðum. Þá sitja allir við sama borð og þetta gengur bara ljómandi vel hjá okkur,“ segir hann.

En hvað með viðskiptavinina? Hefur þeim gengið eins vel að til-einka sér tæknina?

„Flestir eru sammála um að þetta COVID-ástand hefur flýtt

fyrir því ferli að tileinka sér tæknina, en við höfum verið í þessu tæknilega umhverfi í talsverðan tíma,“ segir Magnús. „Kúltúr og verklag í endurskoðun hefur þróast mikið á síðustu 10-15 árum. Áður var nauðsynlegt fyrir okkar að verja miklum tíma hjá viðskiptavinum til að afla upplýsinga og yfirfara gögn sem oftar en ekki voru eingöngu á pappirsformi. Yfir þessu var dálítill rómantik og vertíðarstemming þegar endurskoðandinn og hans fólk mætti og allt var undirlagt hjá viðskiptavininum í einhvern tíma. Nú hefur þetta breyst og í stað þess að byggja nálgun okkar á úrtaksprófunum á pappírsgögnum þá hefur tæknin gert okkar mögulegt að vinna með stór gagnasöfn með stafrænum hætti. Flestir viðskiptavinir okkar eru með öflug fjárhagsupplýsingakerfi þar sem öll bókhaldsgögn liggja skönnuð í kerfinu og gera okkar kleift að vinna ítarlegar greiningar þar sem allar fjárhagshreyfingar eru undir. Þetta er mögulegt með öflugri tækni og lausnum og sérhæfðu starfsfólki sem getur sinnt þessari vinnu óháð staðsetningu. Viðskiptavinir okkar kunna almennt vel að meta þessa þróun enda eru samskipti þeirra við endurskoðandann markvissari en áður og fókusinn er á þeim atriðum sem raunverulega máli skipta.“

Birna er sammála þessu en segir jafnframt að margir af hennar viðskiptavinum hafi verið búnir að tileinka sér tæknina fyrir COVID og hafi bara eflst enn frekar í því núna. „Snertilaus þjónusta er eitt-hvað sem fólk þiggur fegins hendi þessa dagana og það er auðvitað ekkert vit í því að þvælast milli húsa með möppur og gögn þegar aðrar lausnir eru í boði.“ Birna er samt á því að ekkert komi alveg í staðinn fyrir bein mannleg samskipti þegar þau eiga við. „Stundum þarf maður og vill ræða við fólk augliti til auglitis og ef viðskiptavinur okkar óskar eftir að hitta starfsmann okkar þá látum við að sjálfsgöðu verða af því ef það er mögulega hægt.“

Tímasparnaður

„Annar vinkill á þessu,“ segir Magnús, „er tímasparnaður við fundahald. Tími sem fer í fund í Hafnarfirði eða Mosfellsbæ getur verið býsna drjúgur ef fara þarf úr Borgartúni á háannatíma og oft er fundarefnið þess eðlis að fjarfundur væri skilvirkari og þægilegri fyrir alla. Þetta gerir það að verkum að viðskiptavinir fá okkur nú jafnvel til að koma inn á fundi sem við vorum ekki að koma á áður. Þetta er jafnvel stutt og bara til að vera með innlegg



Magnús Jónsson, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs hjá KPMG. MYND/ADSEND

Við búum líka svo vel að hafa sérfræðinga á öllum sviðum viðskipta innan seilingar og því óþarfi að leita á marga staði eftir þjónustu.

undir einstökum liðum en aðkoma sem þessi getur verið verðmæt og skilvirk fyrir viðskiptavini. Þegar hlutirnir fara svo að færast í eðlilegt horf þá geta menn svo farið að velja fundarformið eftir efni funda þannig að fjarfundaformið sé nýtt þegar það á við en annars sé boðað til hefðbundinna funda.“

Bæði nefna þau sömuleiðis möguleikana sem felast í rafrænum undirritunum sem hafa verið nýttar í auknum mæli hjá KPMG, bæði við afgreiðslu ársreikninga, undirritun samninga og fleira sem gera allar staðfestingar bæði einfaldari og áreiðanlegri.

„Það er ekki spurning að þessi rafrænu skil og rafrænu samskipti spara okkur tíma og hjálpa okkur þar með að svara betur kalli viðskiptavina um hagkvæma þjónustu. Við sláum hins vegar ekkert af gæðunum enda finnum við betur fyrir því en áður að fólk vill hafa allt sitt á hreinu. Tími rassvasabókhaldsins og vafa-samra viðskiptahátta er sannarlega á undanhaldi sem betur fer,“ segir Birna. „Við búum líka svo vel að hafa sérfræðinga á öllum sviðum viðskipta innan seilingar og því óþarfi að leita á marga staði eftir þjónustu. Við trúum því og heyrum frá viðskiptavinum okkar að í því felist ákveðið hagræði. Sem dæmi má nefna að ef viðskiptavin, sem er hjá mér í bókhaldi, vantar skattaráðgjöf eða tæknilega ráðgjöf í viðskiptagreiðningi þá hringi ég bara eitt eða tvö simtöl til samstarfsfélaga minna á öðrum sviðum og redda því.“

Alþjóðlegt samstarf

Magnús bendir jafnframt á að aðgengi að góðum samstarfsfélögum sé ekki bara innan landsteinanna. „Við höfum alltaf getað

leitað í alþjóðlega KPMG-netið en heimurinn hefur minnkað enn meira núna upp á síðkastið. Samstarf KPMG á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum er alltaf að aukast og með bættri samskiptatækni hafa opnast möguleikar á samstarfi á ýmsum sviðum. Það er ekki lengur nauðsynlegt að fljúga fólki milli landa með þeim kostnaði og fyrirhöfn sem það hefur í för með sér þó að það verði eflaust gert í einhverjum tilfellum þegar blessað „köfið“ er gengið yfir. Þetta hefur líka hjálpað okkur að standast eigin markmið varðandi sjálfbærni og umhverfissvæna starfshætti.“

Um allt land

Birna og Magnús segjast bæði finna fyrir því að hart sé í ári hjá mörgum viðskiptavinum þeirra en þau eru líka sammála um að í ástandinu geti falist tækifæri fyrir KPMG. „Það er styrkur félagsins að hafa fjárfest í lausnum sem gera okkur kleift að þjónusta viðskiptalífið í heild á þessum krefjandi tímum óháð stærð eða staðsetningu. Við sjáum að þótt KPMG sé stórt félag þá er aðlögunarhæfnin

Það er styrkur félagsins að hafa fjárfest í lausnum sem gera okkur kleift að þjónusta viðskiptalífið í heild á þessum krefjandi tímum óháð stærð eða staðsetningu.

og sveigjanleikinn til staðar og hefur verið það lengi, en faraldurinn hefur ýtt á okkur og kennt okkur að nýta þessa styrkleika okkar enn frekar. Viðskiptavinir okkar spanna alla flórana, allt frá stærstu fyrirtækjum landsins til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og einstaklinga. Við rekum starfsstöðvar um allt land og getum með sanni sagt að við séum í stakk búin til að takast á við þær áskoranir sem biða okkar með viðskiptavinum okkar.“

Tækifæri í nýjum veruleika

Peir sem geta aðlagð sig breytingum standa frammi fyrir raunverulegum tækifærum. En hvar skal byrja? Hjá KPMG starfa sérfræðingar sem aðstoða fyrirtæki við að fóta sig og mæta nýjum veruleika.

Endaði eiginlega óvart í hagfræði

Erna Björg Sverrisdóttir er yfirhagfræðingur hjá Arion banka. Hún segir mikilvægt að hagfræðingar séu fróðleiksfúsir og viðsýnir, ásamt því að geta starfað í óvissu og sætt sig við ólíkar skoðanir.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir

hjordiser-na@frettabladid.is



Erna Björg nýtur sín best á hestbaki og undir berum himni. „Ég er 30 ára hagfræðingur, Árbæingur, hestakona og áhugamanneskja um útivist. Ég og kærastinn minn búum saman í litilli íbúð í Árbænum, barnlaus og gæludýralaus, en höfum fjóra hesta til skiptanna á milli þess sem við förum í fjallgöngur og útilegur.“

Praktíkin réði fyrst för

Erna Björg segir það hafa verið hálfgerða tilviljun að hún hafi ákveðið að leggja stund á hagfræði. „Það gerðist alveg óvart. Í menntaskóla skræði ég mig upphaflega í náttúrufræði en eftir samskiptaörðugleika milli mín og eðlisfræði skipti ég yfir í viðskiptafræði. Þegar kom að háskólanámi varð síðan hagfræði fyrir valinu, ekki vegna brennandi áhuga – þvert á móti – heldur vegna þess að námið var praktískt, bauð upp á ýmsa möguleika og opnaði dyr inn í aðrar greinar. Þrátt fyrir að grunnnámið í Háskóla Íslands hafi verið allt í senn frábær, krefjandi og lærdómsríkur tími, kviknaði hagfræðiáhuginn ekki fyrr en ég tók til starfa í greiningardeild Arion banka. Eftir hálft ár hjá deildinni var ég loksins komin með smávægis hugmynd um hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór.“

Eftir að hafa lokið grunnnámi hérlandis var förlinn heitið á meginlandið. „Ég var alla tíð ákveðin í að halda utan í framhaldsnám. Erasmusháskólinn í Rotterdam varð fyrir valinu þar sem uppbygging námsins hentaði mér vel, valmöguleikarnir margir og áhugaverðir og skólinn með



Erna Björg segir hagfræðina vera fjölbreytta og lifandi fræðigrein sem bjóði upp á marga starfsmöguleika. MYND/ADSEND

góðan orðstír á alþjóðavettvangi. Námið var krefjandi og það varð minna um helgarferðir á meginlandinu en upphaflega stóð til. Lífsreynslan og lærdómurinn voru hins vegar ómetanleg og eitthvað sem ég á eftir að búa að alla ævi.“

Erna Björg var ráðin inn sem yfirhagfræðingur hjá Arion Banka

á síðasta ári, þá ekki nema 29 ára gömul. Hún segir ráðninguna fyrst hafa komið sér á óvart en svo hafi hún fundið fyrir miklu þakklæti. „Í fullri hreinskilni, þá var það dálítið sjokk til að byrja með. Eftir að hafa meðtekið fréttirnar var ég hins vegar upp með mér að bankinn væri reiðubúinn að veita mér

„Sem hagfræðingur er gott að vera talnaglökkur og skilja hvernig litlir hlutir koma saman og mynda stór, flókin fyrirbæri.“

Flókið en áhugavert

Erna Björg segir óneitanlega sérstakt að starfa sem hagfræðingur á umbrotatímum sem þessum. Atburðarás undanfarinna mánaða hafi vissulega sett sinn svip á hennar starf. „Hún hefur gert það mun meira krefjandi, enda flóknara að spá fyrir um efnahagsframvinduna en áður, en á sama tíma er þetta ótrúlega áhugaverður tími til að starfa sem hagfræðingur.“

Mikil óvissa fylgi ástandinu, bæði hér á landi og á heimsvísu. „Öll hagkerfi heimsins eru að ganga í gegnum miklar efnahagsþrengingar um þessar mundir af völdum faraldursins, þar sem buið er að raska bæði framboðs- og eftirspurnarkröftum. Ísland fer ekki varhluta af þessari þróun og er fyrirséð að efnahagssamdrátturinn verði mikill með tilheyrandi áhrifum á heimili, fyrirtæki og ríkisfjármál.“

Erna Björg segist binda vonir við að áhrifanna gæti ekki of lengi en þó sé útilokað að segja til um þau að svo stöddu. „Vonandi verða áhrifin skammvinn en eins og staðan er í dag ræðst efnahagsþróun af framvindu faraldursins og því ómögulegt að leggja mat á tímalengdina eins og sakir standa.“

Blaðamaður spyr Ernu Björg hvort hún hafi lært eitthvað í náminu um hugsanleg áhrif farsóttá hagkerfi. „Nei, ekki svo ég muni, ekki nema í sögulegu samhengi, til dæmis í kringum spænsku veikina. Þá var örlítið dreypt á svona svörtum svönum í tölfræði, það er að segja ófyrirsjáanlegum, sjaldgæfum viðburðum sem hafa alvarlegar afleiðingar.“

Erna Björg mælir hiklaust með hagfræðináminu og hvetur þau sem hafi áhuga á henni að gefast ekki upp. „Ekki gefast upp þótt fögin séu misskemmtileg, lestu hagfræðigreinar, lærðu að tengja námið inn í raunveruleikann og góðir lærdómsfélagar eru gullsígildi.“

Þetta tækifæri og treysti mér fyrir starfinu, það var mikill heiður.“

Mikilvægt að vera viðsýnn

Erna Björg segir hægara sagt en gert að lýsa starfi hagfræðings. „Það er ómögulegt að lýsa starfi hagfræðings, einfaldlega vegna þess að hagfræðingar vinna við svo fjölbreytt störf – sem er ein stærsta ástæðan fyrir því að ég valdi námið. Það opnar svo margar dyr. Líklega er hægt að finna hagfræðinga í flestum fyrirtækjum, bæði opinberum og einkareknum, í háskólum, stofnunum, samtökum og svo framvegis.“

Hvaða eiginleikar eru eftirsóknarverðir í fari hagfræðings?

„Sem hagfræðingur er gott að vera talnaglökkur, skilja hvernig litlir hlutir koma saman og mynda stór, flókin fyrirbæri, fróðleiksfús, hafa áhuga á efninu og geta komið því frá sér á skiljanlegan hátt. Ekki skemmir fyrir að sætta sig við óvissu, vera viðsýnn og meðvitadur um að einhverjir verði alltaf ósammála þér, enda hagfræðin sem fræðigrein í stöðugri mótun.“



RÉTTSKIL


Bókhaldspjónusta

Bryndís Björk Karlsdóttir

Suðurlandsbraut 2. hæð til vinstri.

Sími 562 7777 og rettskil@simnet.is

Deloitte.



Endurskoðun og reikningsskil

Við hjálpum þér að koma auga á tækifærin
og skilja áhætturnar

deloitte.is

Þekkingin nýtist í fjölbreytt störf

Hanna Kristín Skaftadóttir er doktorsnemi í upplýsingatækni í endurskoðun og kennir í Háskóla Íslands. Hún segir námið í endurskoðun hafa nýst sér á fleiri vegu en hún hefði ímyndað sér.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Hanna Kristín er með mast-ersgráðu í endurskoðun frá Háskólanum í Reykjavík. Hún segir að áhuginn hafi kviknað þegar hún var að ljúka grunnnámi í viðskiptafræði og Þróstur Olaf, sem starfar núna í Háskóla Íslands, kom í tíma hjá henni og kynnti fagið.

„Mér fannst það áhugavert og sló strax til,“ segir Hanna Kristín. Hún segir að það sem hafi komið henni mest á óvart við námið hafi verið hvað mikil rannsóknarvinna er fólgin í endurskoðun.

„Persónulega þótti mér sjálfri endurskoðunarkúrsarnir skemmtilegastir. Einnig kom á óvart hvað felst mikill skilningur og þekking á mannfólki við endurskoðun, það nefnilega er heilmikill þáttur endurskoðunarferilsins mannleg samskipti,“ segir hún.

Hanna Kristín leggur nú stund á doktorsnám í endurskoðun. Nánar tiltekið í upplýsingatækni í endurskoðun, sem kallast á ensku Accounting Information Systems (AIS).

„Ég er að vinna verkefni þar sem rannsakar er viðhorf og notkun á þjörkum, eða Robotic Process Automation, í endurskoðunarferlum,“ útskýrir Hanna Kristín.

Samhliða doktorsnáminu kennir Hanna Kristín nokkra kúrsa í HÍ, á meistarastigi við Viðskiptafræðideild.

„Ég hef mikinn áhuga á kennslu og finnst alltaf jafn gaman að detta inn í kennslutímabil. Það hefur sett örlítið strik í reikninginn að hafa allt á Zoom eða Teams upp á síðkastið, því maður missir svolítið tengslin við nemendur þegar maður er ekki með þeim á staðnum. En maður hefur auðvitað reynt að gera það besta úr því. Ætli það séu ekki á bilinu 30-35 nemendur í kúrsunum sem ég kenni,“ segir Hanna Kristín.

„Ég hef einnig verið að kenna



Hanna hefur fengist við fjölbreytt störf eftir að hún lauk námi. MYND/HARALDUR

”Námið mitt hefur nýst mér afskaplega vel á margfalt fleiri vegu en ég hafði ímyndað mér þegar ég byrjaði í náminu.

við Tækniskólann, frumkvöðla-áfangi sem heitir Frá hugmynd að framkvæmd síðan árið 2016.“

Hanna Kristín segir að námið í endurskoðun sé vissulega krefjandi en bætir við að ef maður hafi gaman af því sem maður er að gera verði allt auðveldara. Hún segir að námið sé fyrir alla sem hafa áhuga á reikningsskilum og endurskoðun, hafa gaman af að vinna með tölur og vilja kynnst rekstri fyrirtækja vel. Hún segir að eins og með allt annað nám fari það algjörlega eftir einstakling-

um hvort námið henti honum.

„Ég var mjög ánægð með mína vegferð í námi og námið mitt hefur nýst mér afskaplega vel á margfalt fleiri vegu en ég hafði ímyndað mér þegar ég byrjaði í náminu. Eftir að hafa starfað á endurskoðunarskrifstofu í nokkur ár fór ég að starfa í nýsköpun og menntunin kom sér mjög vel þá, því það sem frumkvöðla skortir oft er einmitt þekking á reikningshaldi og fjármálum.“

Aðspurð að því hvernig störf endurskoðendur geta unnið segir

hún eitt að taka löggildingu sem endurskoðandi og annað að klára nám í reikningshaldi og endurskoðun.

„Það eru manni ansi margir vegir færir með reynsluna að baki því að klára nám í endurskoðun og mjög fjölbreytt störf sem þekkingin nýtist í. Margs konar rekstur sem er hægt er að fara í, nýsköpunar- og frumkvöðlastarf, fjármál og fleira. Maður stendur ansi vel að vígi við að kunna hvernig eigi að sinna fjármálum og rekstri fyrirtækis.“

Quarter brúar bilið

Sérstaða Quarter er sú að bjóða upp á heildarþjónustu á fjármálasviði fyrir lítil en jafnframt ört vaxandi fyrirtæki.

Að sögn Erlu Simonardóttur, stofnanda Quarter, hefur þörfin fyrir þjónustu af þessu tagi alltaf verið til staðar þó hún hafi aukist síðastliðin ár. „Að mínu mati er ástæðan tvíþætt, það er hraði og yfirsýn. Atvinnuumhverfið í dag er hraðara og allt þarf að vera á hreinu mun fyrr. Þjóðfélagið er líka að breytast með aukinni heilsuvitund og styttingu vinnuvikunnar.

Þjónusta Quarter er hentugur kostur fyrir framkvæmdastjóra í litlu fyrirtæki sem hefur margt á sinni könnu. Við aðstoðum meðal annars við áætlanagerð, greiningar, stofnun fyrirtækja, val á fjárhagskerfum og uppsetningu þeirra, tiltekt í eldra bókhaldi, ráðgjöf um fjármögnun og samskipti við fjármálastofnanir vegna slíks. Mín reynsla er sú að viðskiptavinir vilja hafa aðila í þessu með yfirsýn, sem er einmitt það sem við bjóðum. Við erum eins konar „one stop shop“

í öllu sem við kemur fjármálum lítilla og stækkandi fyrirtækja.“

Lítið verður stórt

Quarter er ekki gamalt fyrirtæki en að baki liggur gríðarleg reynsla og margra ára þekking. „Á einu starfsári höfum við tekið við fjármálaþjónustu fimm fyrirtækja og sífellt fleiri bætast í hópinn. Markmiðið er að kynnst hverju og einu fyrirtæki og sérþörfum þess og er ætlunin að stofna til langtímasambands. Lausnir okkar henta best minni fyrirtækjum sem eru ekki enn komin á það stig að ráða inn fjármálastjóra í fullt starf. Okkar þjónusta er hagkvæmari og markmiðið er að brúa bilið fyrir viðskiptavinum frá því að reka lítið fyrirtæki yfir í að taka afskarið og stækka.“

Skilvirkni og beinn aðgangur

„Við leggjum mikið upp úr því að spara viðskiptavinum tíma og auka

skilvirkni. Þá kappkostum við að fjármál viðskiptavina okkar verði eins lítið vesen fyrir stjórnendur fyrirtækjanna og hægt er. Við kennum stjórnendum áhrifaríkar aðferðir sem spara tíma í bókhaldsvinnu og fleiru. Í þjónustu okkar notumst við mikið við rafrænan samskiptamáta til þess að minnka óþarfa skutl, sem er sérstaklega mikilvægt um þessar mundir. Einnig notum við nýjustu fjárhagskerfi til þess að setja upp beinan aðgang að bókhaldsupplýsingum og sjálfvirkum skýrslum fyrirtækja. Þessu fyrirkomulagi fylgja margir kostir eins og hraður svartími ásamt beinum aðgangi líkt og viðskiptavinurinn væri sjálfur með fjármálastjóra eða deild.“

Markmiðið er svo að halda reglulega ókeypis námskeið og ráðgjafartíma á netinu. Fyrir þá sem vilja fylgjast með þeim er gott að fara inn á heimasíðu Quarter, quarter.is, og skrá sig á póstlistann.



Erla, stofnandi Quarter, segir að með rafrænum samskiptum megi lágmarka skutl og samskipti í eigin persónu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRÝGGUR ARI.

Unimaze er íslenskt sprota-fyrirtæki sem gengur út á það að miðla stafrænum viðskiptaskjölum, sem er það ferli að flytja rafræna reikninga og skjöl milli fyrirtækja. Einar Geir Jónsson, sölu- og markaðsstjóri Unimaze, segir ekki skipta máli hvað bókhaldskerfið heiti. Unimaze komi gögnum á milli kerfa.

„Stöðluð viðskiptaskjöl geta verið meira en reikningar, það geta líka verið pantanir, greiðslu-tilkynningar eða ýmis önnur viðskiptaskjöl,“ útskýrir Einar.

„Unimaze horfir á innkaupa-ferilinn sem getur hafist með tilbóðsbeiðni og endar með greiðslu. Við flytjum þá ekki peningana heldur greiðslutilkynninguna. Við styðjum allt ferlið frá innkaupum til greiðslu.“

Nýlega hóf Unimaze samstarf við Uniconta sem er bókhaldskerfi í skýinu. Uniconta er upprunalega danskt kerfi sem hefur verið staðfært fyrir íslenskan markað.

„Uniconta byrjaði hérna á Íslandi árið 2016 og við byrjuðum með fyrstu viðskiptavinina árið 2017, þeim hefur fjölgað hratt síðan þá,“ segir Ingvaldur Thor Einarsson, framkvæmdastjóri Uniconta Íslands.

„Uniconta bókhaldskerfið kemur úr smíðju Danans Erik Damgaard, sem hefur 35 ára reynslu í bransanum og skrifaði meðal annars kerfi eins og Concorde XAL og Dynamics AX. Uniconta er öflug viðskiptalausn í skýinu þar sem notendur færa inn bókhald og halda utan um tímaskráningar, birgðir, pantanir, innkaup og svo framvegis.“

Handavinnan úr sögunni

Ingvaldur útskýrir að þegar Uniconta byrjaði á Íslandi fyrir fjórum árum hafi fyrirtækið lagt áherslu á umhverfisvænt bókhald. Það er að segja að viðskiptavinir gætu sent og mótttekið reikninga með tölvupósti.

„Þá var áherslan að senda reikninga með pdf-skjöllum í viðhengi og að reikningarnir tengdust öllum færslum í kerfinu. Núna sjáum við vaxandi áhuga á að senda þessi skjöl rafrænt milli kerfa án þess að nota tölvupóst. Þá þarf enginn að slá neitt inn, það eru engir pappírar eða möppur og notendur lausnarinnar geta sparað sér gríðarlega mikinn tíma,“ segir hann.

Einar bætir við að það að senda reikning með pdf-skjöllum sé ekki það sem þeir kalla rafræna reikninga. Tæknin sem um er að ræða er mun fullkomnari en svo.

„Þegar þú sendir rafræna reikninga í gegnum Unimaze þá getur bókhaldskerfi móttakandans lesið reikninginn. Það þarf ekki mann til þess. Bókhaldskerfið getur svo flutt reikninginn beint á bókhaldslykil. Ef reikningurinn kemur frá bakarii þá er hann fluttur beint undir bókhaldslykilinn mótuneytiskostnaður, sem dæmi. Þetta er ekki hægt að gera með pdf-skjöllum,“ útskýrir Einar.

Ingvaldur bætir við: „Þegar við sendum pdf-skjöl milli kerfa þá köllum við þau stafræn fylgiskjöl til aðgreiningar frá rafrænum fylgiskjöllum. Ef ég sendi þér reikning á pdf-skjali þá geturðu tekið hann inn í kerfið þitt en þú þarft að slá inn allar upplýsingar á reikningnum, bókunardagsetningu, upphæðir, stofna lánaðrottina og svo framvegis. Þetta þarf allt að gera handvirkt. Stóra skrefið fram á við með rafrænum reikningum er að þessar upplýsingar skila sér, eins og Einar segir, sjálfkrafa inn í bókhaldskerfi viðtakanda. Öll þessi handavinna við að skrá inn upplýsingar með tilheyrandi villuhættu tilheyrir sögunni og svo eru umhverfisáhrifin mjög jákvæð.“

„Þá erum við að minna mati komin að kjarnanum í því sem Unimaze selur,“ segir Einar. „Unimaze er vissulega að selja það að



Einar Geir Jónsson og Ingvaldur Thor Einarsson segja að samstafið milli Uniconta og Unimaze skapi hagræðingu fyrir viðskiptavinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bylting í bókhaldi með rafrænum reikningum

Samstarf Uniconta og Unimaze miðar að því að spara notendum kerfanna verðmætan tíma í bókhaldsvinnu. Villuhætta í bókhaldi verður nánast engin við notkun kerfanna og umhverfisáhrifin eru mjög jákvæð.

Það er ekkert sem notandinn þarf að gera. Þetta gerist bara sjálfkrafa í bakgrunni. Þegar notandinn móttækur reikninga frá sínum birgjum þá koma þeir sjálfkrafa inn í Uniconta kerfið.

senda skjöl á milli, en kjarninn í því sem Unimaze er að selja er hagræðingin sem felst í því að þegar pöntun og reikningur stemma saman þá getur bókhaldskerfið sjálfkrafa samþykkt reikninginn. Þá gefum við okkur það að sá sem pantaði hafi haft heimild til að gera ákveðin vörukaup. Þú getur sett starfsmönnum skorður eins og að sá sem vinnur í mótuneyti geti bara keypt mótuneytisvörur og að starfsmaður á plani geti bara keypt vörur upp að vissri upphæð. Þá þarf ekki lengur þetta samþykktakerfi sem er mjög þunglamalegt og tímafrekt.“

Einar bætir við að það sem sé enn betra sé að afstemming er orðin sjálfvirk.

„Ef við tökum sem dæmi byggingarfyrirtæki sem er að byggja

hús út um allar trissur. Það þarf að stökkva út í búð og kaupa skráfur hér og þar. Ef fyrirtækið borgar reikningana í einni summu þá eru þetta kannski 2-300 reikningar sem eru upp á, segjum eina milljón. Þegar þú sendir greiðslu-tilkynningu með heildarupphæðinni ertu raunverulega að segja að upphæðin sé út af öllum þessum reikningum. Það er gríðarlegt hagræði og sparnaður sem felst í því að vinna vinnuna með þessum hætti en ekki með símötölum og tölvupóstum. Við segjum að tíminn eigi að fara í það að skoða skýrslur og samþykkja og hafna en ekki slá inn og leiðrétt.“

Reikningarnir fara sjálfkrafa inn í kerfið

Þeir Einar og Ingvaldur segja að samstarf Uniconta og Unimaze gangi mjög vel. Eins og kom fram í upphafi þá er Uniconta bókhaldskerfi og Unimaze skeytamiðlari, þannig að notendur Uniconta kerfisins senda og móttaka viðskiptaskjölín í gegnum skeytamiðlun Unimaze.

„Það er ekkert sem notandinn þarf að gera. Þetta gerist bara sjálfkrafa í bakgrunni. Þegar notandinn móttækur reikninga frá sínum birgjum þá koma þeir sjálfkrafa inn í Uniconta kerfið. Bókarinn getur merkt reikninga samþykkt eða gert athugasemdir, en ef engar athugasemdir eru gerðar er reikningurinn fullbokaður,“ segir Ingvaldur.

„Ef við miðum þetta við gamla

tíma þegar fólk fékk reikningana í umslagi, þá þurfti að opna póstkassann, taka við umslagin, slá inn upplýsingarnar, merkja reikninginn, gata hann, setja hann í möppu og geyma möppuna í sjö ár. Allt það ferli raunverulega er úr sögunni, þetta er gríðarlegur vinnu- og tímasparnaður.“

Einar bætir við að oft hugs fólk ekkert um það af hverju hlutirnir eru gerðir eins og þeir eru gerðir.

„Þessi 30 daga greiðslufrestur sem er úti um allan bæ í dag er bara af því þetta hefur alltaf verið svona. Hann miðast við það þegar þurfti að handskrifa alla reikninga og senda þá með pósti. Sá sem tók við reikningnum þurfti að handskrifa hann inn í dagbókina sína og setja hann í möppur og leiðrétt, þetta tók 30 daga. Það sem við erum að gera, gerir það að verkum að þú getur borgað samdægurs, allavega þurfa þetta ekki að vera 30 dagar, vika er meira en nóg. Þannig að þú getur snarbreytt peningaflæðinu hjá fyrirtækinu. Það eru ekki lengur þessar forsendur sem voru í gamla daga, til þess að gera hlutina eins og þeir eru gerðir, það er svo margt sem getur breyst.“

Uniconta og Unimaze vinna á Evrópustaðli sem kallast TS-236. Það þýðir að fyrirtækin geta sett upp skeytamiðlun á móti öllum aðilum innan evrópska efnahags-svæðisins.

„Ef ég er, svo dæmi sé tekið, með birgi og kaupmiðlari frá Þýskalandi og sel til Skandinavíu, þá get á átt þau viðskipti rafrænt,“ segir Ing-

valdur og Einar bætir við:

„Við erum fyrst á Íslandi til að taka upp þennan staðal. Þetta er miklu meiri bylting en hefur komið upp í umræðuna og gerir þessa sjálfvirkni sem við höfum verið að tala um miklu aðgengilegri. Við erum með styrk frá Evrópusambandinu til að taka þennan staðal inn.“

Um 300 fyrirtæki á Íslandi nota Uniconta daglega en kerfið er á markaði í fleiri löndum og notendur Unimaze eru fjölmargir. Einar segir að líklega séu þeir með flesta notendur á Íslandi, en þó ekki þá stærstu.

„Samstarf Uniconta og Unimaze gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að taka á móti rafrænum reikningum. Við erum að gera þessa þjónustu aðgengilega fyrir fyrirtækin með mjög litlum tilkostnaði,“ segir Ingvaldur og Einar tekur undir:

„Við sjáum að hjá þessum aðilum losnar um þann tíma sem fer í að sjá um gögn og hægt er að nota tímann í annað. Litil fyrirtæki eru oft með færri fólk og þá er kannski enn mikilvægara fyrir þau að fá þessa sjálfvirknivæðingu inn í sína ferla.“





Framkvæmdastjóriinn Sigurður með nýju Egla-möppurnar sem eru úr pappa og pappir og því plastlausar og enn umhverfisvænni kostur.

Röð og regla með Egla

Múlalundur vinnustofa SÍBS í Mosfellsbæ býður nú nýja gerð Egla-bókhaldsmappa. Nýju möppurnar eru plastlausar og henta því vel til endurvinnslu að loknum notkunartíma.

Egla-möppurnar eru mikilvægur þáttur í starfsemi Múlalundar, vinnustofu SÍBS, sem veitir árlega um 80 manns með skerta starfsorku vinnu. Hefðbundnar Egla-möppur hafa haldið utan um gögn einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi í áratugi við góðan orðstír, og eru líklega vinsælustu bókhaldsmöppur á Íslandi.

Umhverfisvænni án plasts

Nýju Egla-möppurnar eru eingöngu úr pappa og pappír, auk járnsins, og er pappírskápan límd utan á endurunnninn pappa. Þær eru því án plasts og henta vel til endurvinnslu í lok notkunar.

„Nýju möppurnar eru sérstyrktar, járnin eru þau sömu og áður, og við vonumst til að þær endist jafn vel og hefðbundnar Egla-möppur. Það er þó klárt að þær þola til dæmis bleytu síður en gömlu möppurnar, sem yfirleitt er ekki vandamál. Pappírinn í möppunum er evrópskur, vottaður pappír. Þær eru því enn umhverfisvænni kostur en eldri gerðin,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar.

Mikil ending fyrir umhverfið

Hefðbundin Egla-mappa er samsett úr sterkri plastkápu sem er límd utan á endurunnið pappaspjald og hún síðan járnúð. Það þýðir að við lok notkunar-tíma möppunnar þarf að flokka möppuna sem almennt sorp. Það jákvæða er að Egla-möppur eru mjög sterkar og endingargóðar.

„Fjölmörg fyrirtæki og einka-aðilar nýta sömu möppurnar aftur og aftur, ár eftir ár. Við teljum að þessi langa ending geri þær mjög umhverfisvænar þegar allt er talið. Plastið sem notað er í möppurnar er evrópskt plast sem tryggir að öll íblöndunarefni eru skráð og þekkt,“ segir Sigurður.

Tvær stærðir og tveir litir

Hefðbundnar Egla-möppur fást í nokkrum stærðum og átta litum, en til að byrja með verður boðið upp á nýju möppurnar í fjórum útfærslum, svörtum og hvítum, með 5 cm eða 8 cm breiðum kili.

„Svartir og hvítir litir passa við alla aðra liti á skrifstofunni og hafa lengi verið vinsælustu litirnir á meðal viðskiptavina Egla,“ segir Sigurður. „Verðið verður lítið eitt hærra á nýju möppunum sem orsakast af hærra innkaupsverði.“

Límdir eða engir kjölmiðar

Til að losna alveg við plast á nýju möppunum er kjölmiðum ekki lengur rennt ofan í plastvasa á kili, heldur eru þeir límdir á möppuna. Hægt er að fá aukamiða sem límdir eru yfir þá gömlu eða þeim eldri skipt út fyrir nýja.

„Vilji fyrirtæki framleiða eigin kjölmiða til að líma á sínar möppur getur Múlalundur séð um það fyrir viðskiptavini. Þá er nú í fyrsta skipti hægt að fá Egla-möppur án kjölmiða og þá annað hvort að láta lettra upplýsingar eða merki á kjölinn, eða hafa hann alveg auðan. Sumum viðskiptavinum finnst það flottara og



Gömlu og góðu Egla-möppurnar fást í átta fallegum litum og mismunandi stærðum.



Múlalundur selur einnig geymslubox úr endurvinnanlegum pappa.

nútímalegra, og þá bjóðum við að sjálfsögðu upp á þann möguleika,“ segir Sigurður Viktor.

Þess má geta að Múlalundur býður áfram upp á aukakjölmíða á nýju og eldri möppugerðir, til að renna í plastvasana eða líma á nýju möppurnar. Það skapi enn meiri vinnu á Múlalundi.

Áletrun fyrir öryggi gagna

Margt er í boði þegar laga þarf Egla-möppur að sérþörfum viðskiptavina. Staðlaðar möppur eru tveggja gata, en óski viðskiptavinnir eftir því eru í boði bæði þriggja og fjögurra gata Egla-möppur. Múlalundur býður einnig upp á að lettra fyrirtækjamerki og upplýsingar á Egla-möppur, sem skapar enn meiri vinnu á Múlalundi.

„Töluvert margar stofnanir og fyrirtæki nýta sér þetta. Með því auka þær upplýsingaöryggi, því þá er skýrt ef mappa frá þeim er komin þangað sem hún á ekki að vera. Merkingarnar eru fallegar og möppur oft áletraðar útlitsins vegna. Sumir viðskiptavinir láta gera eigin kjölmiða og setja þannig sinn svip á rýmið sem mappan er í,“ bætir Sigurður við.

Box í sama útliti fyrir allt hitt

Hluti af Egla-línunni eru svokölluð

tímaritabox sem hægt er að nota undir skýrslur og gögn sem ekki er hægt að gata og setja í möppur.

„Kjölurinn á þeim lítur út eins og Egla-mappa og því verða hillur mjög snyrtilegar þegar einungis sést í kilina og engar lausar skýrslur eru á við og dreif um hillurnar. Hefðbundnar Egla-möppur má einnig fá minni, fyrir A5-gögn, bæði standandi og liggjandi, og fleiri stærðir. Þá býður Múlalundur gatapoka sem passa í allar möppurnar svo vel fari um gögnin,“ útskýrir Sigurður en þess má geta að Múlalundur býður einnig upp á geymslukassa og geymsluteina.

Gott fyrir umhverfið

Múlalundur framleiðir fjölbreyttar vörur, þar með talið möppur af öllum stærðum og gerðum, plastmöppur í skóla, auk þess að selja allar skrifstofuvörur sem fyrirtæki þurfa á einum stað, þar með talið penna, fundarbækur, dagbækur og margt fleira.

„Undanfarin misseri hefur verið unnið að umhverfismálum á Múlalundi. Plastið sem Múlalundur notar í möppur, plastvasa, barmmerki og fleira er evrópskt plast sem er vottað og skráð í evrópska gagnagrunna. Það tryggir að öll íblöndunarefni eru þekkt. Plastið

er einnig vottað til notkunar í leikfangaframleiðslu þar sem gert er ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. Til að fá slíka vottun í Evrópu þarf hreinleikinn að vera mjög mikill,“ segir Sigurður.

„Glæra plastið sem við notum í plastvasa, gatapoka og möppur er að stórum hluta endurunnið plast sem annars hefði endað í ruslinu. Með þessu minnkar umhverfisþorðið verulega. Með því að framleiða gæðavöru sem endist um árabíl og úr endurunnu hráefni, teljum við okkur leggja töluvert af mörkum til betri heims. Við það bætist svo að vörurnar skapa störf fyrir fjölda fólks með skerta starfsorku og hafa þannig enn meiri jákvæð samfélagsleg áhrif.“

Vefverslunin vinsæl

Á vefsíðunni mulalundur.is, er rekin stór vefverslun með skrifstofuvörur, pappír, sóttthreinsivörur og margt fleira.

„Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali og bæði verð og úrval kemur flestum á óvart. Það er einfalt að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir,“ útskýrir Sigurður, en fari þóntun yfir 20 þúsund krónur er frí heimsending um allt land. Fyrir minni pantanir er lágt sendingargjald, 2.650 krónur.

Virkir á vinnumarkaði

Á Múlalundi er aðstaða til að taka á móti mun fleirum með skerta starfsorku, en forsenda fjölgunar eru aukin viðskipti og verkefni.

„Þetta er hörkuduglegt fólk og það þarf að hafa nóg að gera. Vinnudagur og verkefni eru löguð að getu hvers og eins. Á Múlalundi er sífellt leitað nýrra verkefna. Nýjar og enn umhverfisvænni Egla-möppur styðja við starfsemi Múlalundar og tryggja að í fyrirtækjum sé „röð og regla með Egla“, eins og við segjum á Múlalundi, í góðri sátt við umhverfið,“ segir Sigurður ánægður.

Múlalundur, vinnustofa SÍBS, er við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Netfang: mulalundur@mulalundur.is. Sjá mulalundur.is

Múlalundur tekur að sér fjölbreytt verk efni og vörurnar skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

skiptavina. Það er gert til að tryggja rekstraröryggi þeirra. Það þýðir að keypt eru kerfi sem eru ekki nýtt nema þörf krefur.“

BMW og VW
Hvernig eru viðskiptavinir ykkar?
„Sumir eru þekkt stórfyrirtæki og get ég nefnt BMW og Volkswagen í því samhengi. BMW hefur verið með okkur nánast frá upphafi. Bílaframleiðendurnir nýta ofurtölvur í gagnaverinu til að gera árekstrarprófanir og loftflæðislíkön. Á meðal annarra viðskiptavina má nefna fjármálastofnanir, fyrirtæki í liftækni- og loftflæðislíkön. Öll þessi starfsemi krefst mikils reikniafls. Þess vegna er gagnaver í raun villandi nafn, enda hverfist starfsemin ekki nema að litlu leyti um að hýsa gögn, heldur er um að ræða fjölda ofurtölva með gríðarlegt reikniafl.“
Eru margir viðskiptavinir að grafa eftir rafmyntum?
„Einhverjir viðskiptavinir eru af þeim toga en það hefur aldrei verið í brennidepli hjá okkur að sinna þeim. Slíkur viðskiptavinur fer hægt og bitandi fækkandi. Við einblinum á stór, alþjóðleg fyrirtæki, það er kjarninn af okkar viðskiptavinum. Þar liggur okkar áhersla.“
Hvers vegna viljið þið ekki þjónusta þá sem eru að grafa eftir rafmyntum í miklum mæli?
„Í því er fólgin áhætta sem okkur hugnast ekki.“
Aðspurður segir Helgi að greiðslugeta fyrirtækja í námugreftri fylgi oft verðþróun á rafmyntum sem sveiflist.

Langir samningar
Allur heimurinn er undir hjá erlendu viðskiptavinum. Til hvers horfa

Fagnar netstreng til Írlands

„Það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin hafi ákveðið í haust að leggja netstreng til Írlands. Í því felst aukið rekstraröryggi fyrir okkar viðskiptavini. Við það verða þrír gagnastrengir til landsins. Í raun fjórir ef við teljum strenginn til Grænlands með,“ segir Helgi.
„Fram að þessu hefur vandinn ekki lotið að flutningsgetu strengjanna heldur einkum að rekstraröryggi þeirra. Nú eru tveir strengir frá Íslandi, annar til Skotlands og hinn til Danmerkur, og þeir eru ekki fullnýttir. Aftur á móti er áhætta í því fólgin ef annar bílar. Jafnframt má nefna að eldri strengurinn er kominn á tíma vegna aldurs.
Kosturinn við það að leggja streng til Írlands er að við það

færist Ísland nær Dublin, en þar er klasi af gagnaverum. Sum þeirra eru á vegum Amazon og Microsoft. Tengingin hjálpar okkur að selja þjónustuna og hún stýttir leiðina til Bandaríkjanna. Eftir því sem gögn þurfa að ferðast um styttri vegalengd, því hraðari er tengingin. Nú er ekki bein tenging við Bandaríkin og það hefur hamlað okkur að hluta til að selja til Bandaríkjanna.“
Helgi segir að viðskiptavinir horfi til tveggja þátta þegar horft sé á netstrengi, annars vegar rekstraröryggis og hins vegar kostnaðar. „Við erum í veikri stöðu þegar horft er til kostnaðar enda er Ísland eyja á miðju Atlantshafi. Þess vegna verður flutningskostnaður hérlandis meiri en á meginlandi Evrópu.“

Það þarf ekki að stífla stóra dali eða hálendi fyrir gagnaver.

Þeir þegar þeir hefja viðskipti við ykkur?
„Það má segja að viðskiptavinir horfi til tveggja þátta. Annars vegar leggja þeir ríka áherslu á að raforka er framleidd með vistvænum hætti á Íslandi. Hins vegar er Verne Global með langtímasamninga um kaup á raforku frá Landsvirkjun, sem hefur lagt sig fram við að skilja markaðinn sem við störfum á og brugðist við breyttum aðstæðum. Í því felst samkeppnisforskot sem skiptir okkur verulegu máli. Keppinautar okkar eiga erfitt með að bjóða viðskiptavinum langtímasamninga um verð, því annars staðar í heiminum sveiflast verð á rafmagni eftir aðstæðum á markaði. Verðið er til dæmis ekki hið sama á sumrin og veturna. Við getum hins vegar sagt okkar viðskiptavinum hvað kílóvattstundin muni kosta eftir tíu ár. Það geta keppinautar okkar ekki. Viðskiptavinir sækjast eftir þessum stöðugleika, því þeir vilja vita hver kostnaður er til lengri tíma.“
Verður þú ekkert óánægður þegar rafmagn er ódýrara í Svíþjóð og Norge en á Íslandi?
„Við viljum að sjálfsögðu að vera samkeppnishæfir í verðum alla daga, en Landsvirkjun hefur verið á tánum og brugðist við breyttum aðstæðum. Rafmagn og dreifing er stór hluti af rekstrarkostnaði viðskiptavina. Verð nettenginga er einnig stór hluti af þeim kostnaði.“

Skoðað rekstur erlendis
Hafið þið horft til þess að opna gagnaver á hinum Norðurlöndunum?
„Við höfum horft út fyrir landsteinana. Sumir viðskiptavinir hafa verið það ánægðir með þjónustuna og hafa því viljað vinna með okkur á breiðari grundvelli. Við erum alltaf að skoða slík tækifæri en það hefur ekkert orðið af því.“
Hvar annars staðar í heiminum þykir gott að reka gagnaver?
„Á hinum Norðurlöndunum. Veðrið er hagstætt í þeim löndum þótt það sé ekki eins hagstætt og á Íslandi. Við það verður kostnaður við kælingu lægri.
Danmörk hefur til að mynda komið sterk inn á þessum vettvangi. Stórfyrirtæki á borð við Apple hafa byggt gagnaver í Danmörku. Stjórnvöld þar í landi hafa unnið markvisst að því að laða gagnaver til landsins með skýrri stefnumörkun, skattalækkunum og fleiri þáttum.“
Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, sagði í viðtali við Kjarnann í haust að Google hefði nýlega staðfest að fyrirtækið ætlaði sér að ráðast í starfsemi í Danmörku sem myndi skila um 740 milljónum evra inn í

danskt hagkerfi á uppbyggingartímanum og 80 milljónum evra á ári eftir það. Ísland gæti að hans mati verið að sækja svona tækifæri.
Á Íslandi eru einungis þrjú önnur gagnaver í rekstri: Advania Data Centers, Reykjavík Data Centers og Etis á Blönduósi.
Hvað gæti ríkið gert til að auðvelda ykkur að laða að viðskiptavinum?
„Það þarf að auðvelda viðskiptavinum að flytja inn tækjabúnað, tryggja samkeppnishæf verð í raforku og nettengingum. Fylgjast þarf vel með breytingum á mörkuðum og aðlagast þeim. Það er eftir miklu að slægjast enda myndi rekstur gagnavera skjóta annarri stoð undir hagkerfið. Starfsemin skapar góð og örugg störf. Auk þess er það jákvætt að ekki þarf að virkja til að knýja gagnaver. Það þarf ekki að stífla stóra dali eða hálendi fyrir reksturinn. Þetta er því góð viðbót við efnahagslífið á Íslandi.“
Er rekstur Verne Global farinn að standa undir sér?
„Reksturinn er farinn að standa undir sér. Hann skilar hagnaði fyrir skatta, fjármagnsliði og skatta (EBITDA). Reksturinn batnar eftir því sem við stækkum. Það er talsverð stærðarhagkvæmni fólgin í rekstrinum. Starfsmenn eru á vakt allan sólarhringinn til að aðstoða viðskiptavinum ef á þarf að halda. Það er því töluverður fastur kostnaður sem fylgir rekstrinum.“

30 starfsmenn á Íslandi
Hvað starfa margir hjá Verne Global?
„Á Íslandi eru tæplega 30 starfsmenn sem annast rekstur gagnaversins. Til viðbótar þjónustar fjöldi manns tækjabúnað viðskiptavina. Það eru nánast öll helstu tölvufyrirtæki landsins sem koma að því með einum eða öðrum hætti. Til að veita innsýn í þá stærðargráðu má nefna að við höfum gefið út 1.500 til 2.000 aðgangskort til verktaka sem þjónusta viðskiptavini okkar. Sá fjöldi er fyrir utan alla gesti sem hingað koma af ýmsum ástæðum.“
Hvaða starfsemi er erlendis á vegum Verne Global?
„Móðurfélagið er breskt. Við einblinum á að þjónusta erlenda viðskiptavini, einkum í Evrópu og þess vegna er sölustarfsemin erlendis. Fjármálasviðið er líka í Bretlandi.“
Aðspurður segir hann hluta af skýringunni á að viðskiptavinir séu einkum í Evrópu en ekki í Norður-Ameríku, að nettengingin frá Íslandi til Evrópu sé mun hraðari en til Bandaríkjanna.

Aldrei meira að gera
Hvaða áhrif hefur COVID-19 haft á rekstur Verne Global?
„Það hefur aldrei verið meira að gera hjá okkur en frá því að kórónaveiran blossaði upp. Viðskiptavinir ferðast nú ekki til landsins til að sinna tölvubúnaði sínum og því höfum við tekið að okkur að sinna þeim verkefnum í meira mæli. Við það geta viðskiptavinir sparað kostnað við ferðalög.“

FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR

KREISÍ

TAKE AWAY

HÁDEGISTILBOÐ

11.30 –15.00



Réttir á

1.500 kr.

og gosdós fylgir með!

Grillað blómkál

Granatepli, perlubygg, spínat- & basilmauk, skyr-tahini, pistasiur

Brokkólíní Charmoula

Grillað brokkólíní, harissa kjúklingabaunir, hvítlaukskem, grillaður kúrbítur, furuhnetur, græn Charmoula

Grænmetisborgari

Svartbauna- og hnetubuff, parmesan, hoisin sveppir, rauðlaukur, reyktur ostur, trufflu-mæjó, franskar

Lambaborgari

Beikon, sveppa & döðlu duxelle, pikklaður rauðlaukur, pikkluð gúrka, rucola, relish-mæjó, reyktur ostur, franskar

Þú velur svo Pepsi, Appelsín eða Kristal í dós með!

Fleiri réttir á 1.900 kr.

Skoðaðu Take Away seðilinn > [fjallkona.is](#)

Pantaðu í síma **555 0950**

FJALLKONAN FAGNAR PÉR!

[fjallkonan.rvk](#)

[fjallkonan](#)

Hafnarstræti 1–3 > [fjallkona.is](#)

Tekur sprota 10 til 15 ár að springa út

Verðmætustu fyrirtækin í eignasafni vísisjóða bæta mest við virði sitt á síðustu tveimur eða þremur árunum áður en þau eru seld. Reiknað er með að fyrirtæki í eigu Frumtaks muni fjölga störfum um 70 til 100 á ári. Sprotar eru uppspretta vel launaðra starfa.

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



A lgenzt er að það taki 10 til 15 ár fyrir sprotafyrirtæki að springa út. Fjárfestingar í slíkum fyrirtækjum krefjast því þolinmæði. Þær eru að sama skapi uppspretta nýrra, vel launaðra sérfræðistarfa og eru forsenda fyrir hagvexti til framtíðar. Þetta segir Svana Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Frumtaks Ventures. Frumtak Ventures rekur tvo vísisjóði sem fjárfest hafa í 21 fyrirtæki, svo sem Controlant, SidekickHealth og Meniga. Sjóðirnir, sem fjármagnaðir eru af lífeyrissjóðum, hafa fjárfest fyrir sjö milljarða króna í þessum fyrirtækjum og fengið meðfjárfesta með sér sem hafa fjárfest fyrir um 11 milljarða þannig að heildarfjárfesting í fyrirtækjunum er um 18 milljarðar. Heildarverðmat fyrirtækja í eignasafni Frumtaks-sjóðanna er um 32 milljarðar í dag. Nýsköpunarfyrirtæki sem sjóðir Frumtaks eru hluthafar í eru með 660 starfsmenn og er reiknað með að starfsmönnum þeirra muni fjölga um 70 til 100 á ári.

Svana segir að þegar rekstur sprotafyrirtækja sé kominn á skrið verði veldisvöxtur í ráðningum. Almennt starfi tveir til tíu hjá fyrirtækjunum fyrstu þrjú árin, næstu þrjú ár fari fjöldi starfsmanna í tíu til 20, þeir verði svo 20-50 næstu þrjú ár og loks taki veldisvöxtur í ráðningum við samhliða því að virði fyrirtækis margfaldist, að því gefnu að reksturinn gangi að óskum.

„Verðmætustu fyrirtækin í eignasafni vísisjóða bæta mestu við virði sitt á síðustu tveimur eða þremur árunum áður en þau eru seld. Þess vegna geta þessar eignir sýnt litla virðisaukningu í mörg ár áður en þau verða afar verðmæt. Þetta hefur endurspeglast greinilega í þróun á verðmati Frumtakssjóðanna síðustu ár. Gott dæmi er Controlant en sjóðurinn fjárfesti fyrst árið 2011 og var verðmatið þá tæpar 300 milljónir, í dag er félagið metið á tæpa 13 milljarða,“ segir hún.

Svana segir að þumalfingursreglan um afkomu vísisjóða sem fjárfesti í tíu félögum sé að allt að þriðjungur nái ekki að skila höfuðstól til baka og jafnvel tapist, allt að þriðjungur nái rétt að skila höfuðstól til baka með litilli ávöxtun, allt að þriðjungur skili einhverri ávöxtun að ráði og loks sé talið mjög gott ef eitt félag skili mikilli ávöxtun.

Íslenska hagkerfið stendur á tímamótum. „Stoðir þess byggja á náttúruauðlindum eins og fiski, orku og náttúrufegurð sem dregur að ferðamenn. Það er ekki sjálfbært til lengri tíma. Hagvöxtur til framtíðar þarf að byggja á hugviti. Nýsköpun eykur verðmætasköpun og stuðlar að sjálfbærum hagvexti til lengri tíma, hún er einnig undirstaða áframhaldandi lífsgæðasóknar Íslendinga. Helstu fjárfestingatækifæri vísisjóða í nýsköpun á Íslandi eru í tæknifyrirtækjum sem geta vaxið hratt,“ segir Svana.

Vísisjóðir hafa gegnt mikilvægu hlutverki í að brúa bilið á milli sprotafjármögnunar, sem er samsett af styrkjum frá Tæknipróunarsjóði, fjárfestingum frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og viðskiptaenglum, og síðan sjóða sem fjárfesta í þroskuðum rekstrarfélögum.

„Hlutverk þeirra er mikilvægt því ef ekki er tryggt fjármagn til sprota til að vaxa þá ná fyrirtækin ekki að



Svana Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Frumtaks Ventures, segir að ef lífeyrissjóðir nýti ekki heimild til að kaupa 35 prósentu hlut í vísisjóði heldur haldi sig við 20 prósentu hlut eins og reglurnar kváðu áður um verði vísisjóðir ekki stærri en fimm til sex milljarðar króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Annmarkar á heimild lífeyrissjóða

Það er mikil áskorun að fjármagna vísisjóð í íslensku umhverfi. „Það eru fyrst og fremst lífeyrissjóðir sem fjárfesta í þeim,“ segir Svana.


„Heimild lífeyrissjóða til fjárfestinga í þessum eignaflokki skiptir því höfuðmáli við fjármögnun vísisjóða. Mjög mikilvægt skref var tekið þegar heimild þeirra til fjárfestinga í vísisjóði var hækkuð úr 20 prósentum í 35 prósent fyrir á þessu ári,“ segir hún.

Að hennar sögn virðast laga-legir annmarkar valda því að lífeyrissjóðir muni ekki nýta heimildina. Það sem standi í vegi sé einkum tvennt. Annars vegar að heimildin sé tímabundin og gildi aðeins til 1. janúar 2025.


Hins vegar að heimildin sé skilyrt því að innlaun skuli ekki fara fram fyrstu fimm árin. „Tilgangurinn með þessu skilyrði er óljós,“ segir Svana. Hún segir að ef fyrirtæki sé selt innan fimm ára megi ekki greiða andvirði sölunnar til hluthafa. Hefðu reglurnar verið með þessum hætti þegar Frumtak 1 seldi DataMarket hefði sjóðurinn ekki mátt skila fjármunum til hluthafa um leið.

„Á meðan íslenskir lífeyrissjóðir eru jafn stórir hluthafar í vísisjóðum og raun ber vitni hefur takmörkun á fjárfestingaheimild þeirra mikil áhrif á stærð íslenskra vísisjóða. Ef lífeyrissjóðirnir halda sig við 20 prósent í stað 35 prósent heimild, þá verða íslenskir vísisjóðir ekki mikið stærri en fimm til sex milljarðar þar sem fram að þessu hafa ekki nema tveir til þrír lífeyrissjóðir nýtt heimildina að fullu. Aðrir lífeyrissjóðir hafa fjárfest um þrjú til tíu prósent í hverjum sjóði. Það sem gæti breytt þessu er að mengi fjárfesta stækkaði ef til dæmis bankar og tryggingafélög myndu taka frekari þátt en þeir gera í dag,“ segir hún.

/// Dæmi um þróun verðs á hlut í sprotafyrirtæki sem nær árangri



/// Eignarhald á vísisjóðum Frumtaks



verða burðarstólpi í atvinnulífinu sem æskilegt er í samfélagi sem vill fjölbreytt atvinnulíf, vel launuð störf og fyrirtæki sem skapa gjaldeyri.

Stærstu fjárfestar í vísisjóðum á Íslandi eru lífeyrissjóðirnir og gegna þeir mikilvægu hlutverki því það er nánast ógerlegt að safna í sjóð án þeirra þátttöku. Það má þakka þeim fyrir hugrekkið að stiga skrefið með þátttöku í Frumtak 1 eftir hrúnið í lok 2008 og í aðra vísisjóði í framhaldi af því. Þessar fjárfestingar, hugvitsdrifnar fjárfestingar, geta

orðið grunnstoð í okkar hagkerfi á næstu áratugum með þessu framhaldi,“ segir hún.

Að sögn Svönu skiptir eftirfylgni með sprotafjárfestingum lykilmáli svo að þær geti tekist vel. „Þrátt fyrir að nýsköpunarfyrirtæki séu komin með tekjur og viðskiptavinir ríkir oft á tíðum áfram óvissa um tekjur þeirra og framtíðarvöxt þar sem hann byggir á nýrri vöru, tækni eða markaði. Hér er ekki aðeins um óvissu að ræða er varðar það hvort tekjur skili sér heldur einnig hvaða

Heildarvirði aukist um 13 milljarða frá áramótum

Svana segir að ýmis tæknifyrirtæki geti vaxið hratt á tímum COVID-19 þótt vissulega fylgi ástandinu miklar áskoranir. Frá áramótum hafi heildarvirði eignasafns Frumtakssjóðanna aukist um tæpa 13 milljarða króna. Það varpi ljósi á áhættu-dreifinguna sem fólgin sé í því að fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Mörg þeirra, eins og Controlant og SideKickHealth, séu í örum vexti.

„Þessi fyrirtæki geta stækkað hratt í svona árferði þar sem sala og markaðssetning er ekki háð ferðalögum og fundum. Fyrirtækin í eignasafni Frumtaks eru með öflug teymi og skýran möguleika á skalanlegum alþjóðlegum vexti. Það eru mikil tækifæri í til dæmis fjártækni, heilsutækni, menntatækni, matvælatækni, orkutækni og umhverfistækni,“ segir hún.

tíma það tekur og því mikilvægt að fyrirtækjum sé veittur stuðningur í formi ráðgjafar og eftirfylgni.

Aðalsmerki starfsins eru árangursrík samskipti við frumkvöðla og stjórnendur fyrirtækja þar sem reynsla fjárfestingastjóranna í Frumtak Ventures í rekstri fyrirtækja skilar sér, ekki aðeins í úrlausn tækifæra heldur einnig í erfiðum málum sem fylgja fjárfestingum sem þessum. Það þarf einnig að búa yfir því úthaldi og þrautseigju sem þarf til og með faglegum vinnubrögðum sem má sjá í ferlum, hlítinu við stefnur, góða stjórnarhætti og skýrslugjöf til hluthafa.

Eftirfylgni sjóðsins með fjárfestingum sínum og fjárfestingaferillinn sem sjóðurinn hefur þróað hafa sýnt sig að vera afgerandi árangursþættir fyrir það hvernig hefur tekist til við starfsemi sjóðsins. Náið samstarf með stjórnendum fyrirtækja og stjórnarseta veitir aðhald, þekkingu og aðgang að öflugum tengslaneti,“ segir hún.

Bestu hugmyndirnar fæðast oft í biluðum átökum á reiðhjólinu

Svipmynd

Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir

Nám: MBA-gráða frá Háskóla Íslands, stundaði viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík og lauk námi við Leiðsöguskóla MK.

Störf: Var sölustjóri hjá Frjálsri fjölmiðlun fyrir sameiningu við Torg og þar áður í þrettán ár hjá auglýsingamiðlum tengdum Morgunblaðinu. Einnig vann ég við leiðsögn og rak saumastofu samhliða námi. Er einnig formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur.

Fjölskylduhagir: Er í sambúð með Hannesi A. Hannessyni og er móðir Birnu Rósar 25 ára og Ýmis Arnars 23 ára og hundurinn Dimma býr á heimilinu líka en hún er orðin rúmlega þrettán ára.

Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir tók nýverið við sem sölustjóri Billboard, sem rekur meðal annars þrettán LED-skjái staðsetta víða um land. Hún er formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur og hóf nýverið kajaksiglingar. Hún segir mikil tækifæri í útimiðlum og að þeir muni verða æ veigameiri í birtingu auglýsinga.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég elska hreyfingu, útiveru og fjölskylduna. Ég hjóla mikið og hef gert undanfarin ár og er formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur. Ég hleyp líka, stunda sjósund, geng á fjöll, er á fjallaskiðum og gönguskiðum. Bætti svo við nýju áhugamáli í sumar, kajak. Það er einstakt að sigla á fallettu vatni eða fjörðum við Íslandsstrendur og upplifa hafið og náttúruna. Fylgjast með hvólum

og selum nálægt sér, kriunni stinga sér í sjóinn við bátinn og það hversu kröftugur sjórinn er. Hver árstími hefur sinn sjarma og það er dásemd að nálgast náttúruna á mismunandi hátt.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Venjulega vakna ég 05.10, grip mér kaffi og fer upp í Veggspott þar sem ég stýri hjólatíma sem byrjar klukkan 6.00. Er svo mætt í vinnu klukkan 8.00.

Núna þegar allt er lokað þá eru það tveir bollar af kaffi í rúmið og huggulegt spjall með kæró. Veit ekki alveg hvernig skiptin yfir í hjólið fara í mann aftur fyrstu vikuna þar sem það er vel hægt að venjast svona huggulegheitum. En að mæta í vinnu eftir átök morgunsins er einstaklega nærandi.

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Já og nei. Ég elska að ná árangri hvort sem það er í vinnu eða áhugamálum. Ég hef mikið af áhugamálum og næ að sinna þeim vel í frítíma sem og fjölskyldunni. Börnin stunda sumt af því með mér en venjulega hittumst við alltaf heima í kvöldmat á sunnudögum. Ég hef mikið keppnisskap sem skilar sér í því að það er alltaf stutt í vinnuna og bestu hugmyndirnar fæðast oft þar sem maður er úti í náttúrunni eða í biluðum átökum á hjólinu einhvers staðar. Það hefur ekki truflað okkur þar sem frítíminn er hlaðinn spennandi verkefnum.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförnum miss-erum?

Rekstur sóludeildar Frjálsrar fjölmiðlunar var krefjandi og skemmtilegt verkefni sem var mjög lærdómsríkt. Hjólreiðafélag Reykjavíkur heldur eitt stærsta fjallahjólamótið, Bluelagoon challenge. Þetta er stærsta og eitt skemmtilegasta fjallahjólamót sem haldið er ár hvert með um 800 keppendum sem endar í huggulegheitum í Bláa lóninu. Það er mikið starf sem fer í að skipuleggja það og tryggja öryggi kepp-



Kolbrún Dröfn segist von að rísa úr rekkju klukkan rúmlega fimm á morgnana. MYND/ANTON BRINK

enda og nær það yfir nokkurra mánaða tímabil. Í ár þurfti að fella niður mótið vegna samkomutakmarkana en um 800 manns voru skráð í mótið. Það er miður að þurfa að fella niður stærstu fjáröflun félagsins þar sem hagnaður mótsins fer allur í að reka barna- og unglingastarfið.

Hver er helstu verkefni fram undan?

Kynnast nýju fólki á nýjum stað, það eru mikil tækifæri í útimiðlum og mjög spennandi tímar fram undan við að kynna það. Útimiðlar taka við af prenti sem sá miðill sem hefur mestu þyngd í dekkun innan dagsins á íslenskum auglýsingamarkaði. Uppbygging vörumerkjavitundar er nauðsynlegur hluti markaðsstarfs hvers fyrirtækis og með minnkandi blaðalestri eru útimiðlar orðnir enn mikilvægari þáttur í þessari uppbyggingu. Útimiðlar bjóða upp á möguleika sem ekki er hægt að ná fram í öðrum miðlum. Hægt er að sníða auglýsingarnar

að mismunandi hverfum og markhópum og vera með margvísleg skilaboð innan dags. Útimiðlar hafa alltaf verið mikilvægir í markaðsstarfi stórra vörumerkja erlendis og eru núna orðnir raunverulegur valkostur fyrir íslensk fyrirtæki.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Fyrsta vinnan mín var að selja heimatilbúnar karamellur og popp á smiðó til að eiga fyrir nöglum í kofann okkar systkina sem við vorum að smíða þegar ég var 8 ára. Annar starfsframi væri alltaf sölu-tengdur þar sem ástríðan mín liggur þar.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Ég verð í sölustýringu í góðum hópi fólks sem elskar að skara fram úr og ég hef tekið miklum framförum á skiðum.

Hvers hlakkarðu mest til þessa daga?

Ég verð að fá að nefna fleiri en einn hlut, það er svo margt sem er

spennandi í lífinu. Ég er gríðarlega spennt fyrir starfinu mínu hér hjá Billboard. Fá að þróa sölna áfram hér og sjá starfsfólkið og miðilinn vaxa og blómstra áfram. Í haust erum við búin að vera að vinna í garðinum, helluleggja, smíða, og ég get ekki beðið eftir því að komast út í garð og halda áfram. Vera með börnunum mínum, tengda- og stjúp börnum, borða góðan mat og eiga yndislegan tíma með þeim.

Svo verð ég að viðurkenna að ég fékk pínu í hnén þegar Esjan hvítnaði um daginn. Styttist í skiðatímabilið og það er mikil tilhlökkun í því.

Hvers konar stjórnunarstíl hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?

Styðja við starfsfólkið þannig að það nái framúrskarandi árangri í sínum störfum er það sem fær mig til að mæta í vinnu á hverjum degi. Að fólk fái að hafa frumkvæði og nái að vaxa sem einstaklingar í starfinu.

Mikilvægt hlutverk lífeyrissjóða



Björn Z. Ásgrímsson starfar í Seðlabanka Íslands við áhættugreiningu á lífeyrismarkaði

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er fyrirferðarmikið á innlendum fjármálamarkaði. Mikilvægi þess við öflun lífeyristekna eykst með hverju árinu sem liður og vægi almanna-trygginga minnkar á sama tíma. Lífeyrissjóðirnir eru í raun fyrsta og mikilvægasta stoðin þegar lítið er til greiðslu ellilífeyris og Íslendingar eru eina aðildarþjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, þar sem meirihluti ellilífeyrisins er greiddur af lífeyrissjóðum en ekki af almannatryggingum hins opinbera. Lífeyrissjóðakerfið er stórt og að mestu fullfjármagnað. Það ætti að vera gleðiefni og tilefni jákvæðrar umfjöllunar.

Gagnrýnisraddir Umræða um lífeyriskerfið hefur þrátt fyrir þetta almennt verið fremur neikvæð. Það er einkennilegt í ljósi þess að íslensku lífeyrissjóðirnir eru vel fjármagnaðir og með þeim stærstu í erlendum samanburði

miðað við landsframleiðslu. Við gagnrýni á kerfið hefur verið fleygt fram ýmsum fullyrðingum sem standast ekki skoðun, meðal annars að lífeyrissjóðakerfið sé komið í þrot, að sjóðirnir hafi neikvæð áhrif á gengi krónunnar og að kostnaður kerfisins sé of hár. Talað er um „varðhunda“ kerfisins, að afnema beri tekjutengingar við almannatryggingar og fleira í þessum dúr. Lítið hefur hins vegar borið á raunhæfum tillögum og uppbyggilegri umræðu um hvernig endurbæta megi okkar öfluga kerfi sem auðvitað er ekki gallalaust, enda má lengi gott bæta.

Sjóðsöfnun eða gegnumstreymi Hverri þjóð er nauðsyn að koma á fót öflugum lífeyriskerfi, hvort sem það er fjármagnað með sköttum til hins opinbera og/eða með sjóðsöfnun. Ekki verður komist hjá þessari fjármögnun og gjaldtakan, í formi iðgjalda eða skatta, verður að öllum líkindum sú sama hvor leiðin sem valin er. Með sköttum greiða launþegar á vinnumarkaði lífeyri til eftirlaunaþega á hverjum tíma og er slíkt kerfi oft nefnt gegnumstreymiskerfi. Með sjóðsöfnun sparar hver kynslóð til eftirlaunaáranna með sínum iðgjöldum til lífeyrissjóðanna. Þær þjóðir sem við berum okkur helst saman við vinna að því að auka vægi sjóðsöfnunar í fjármögnun framtíðarlífeyris og draga á sama tíma úr mikilvægi gegnum-

●● **Íslendingar eru eina aðildarþjóð OECD þar sem meirihluti ellilífeyrisins er greiddur af lífeyrissjóðum.**

streymis almannatrygginga. Í flestum löndum eru lífeyrissjóðir hugsaðir sem viðbót við gegnumstreymiskerfi hins opinbera og hafa umþætur snúið að því að auka vægi sjóðanna í lífeyristekjum. Þetta hefur verið gert með skattalegum hvötum til lífeyrissparnaðar og mótframlögum frá hinu opinbera. Á sama tíma hefur markvisst verið unnið að því að draga úr ábyrgð launagreiðenda á skuldbindingum lífeyrissjóða. Hvergi annars staðar en hér á landi hefur þó verið gripið til algjörar skylduaðildar að lífeyrissjóðum.

Skylduaðild Samkvæmt kjarasamningum er iðgjald til lífeyrissjóðanna komið í 15,5% hjá allflestum launþegum og er þá miðað við markmið um 72% lífeyrishlutfall[1], þó að lagaskylda kveði enn aðeins á um 56% hlutfall. Mörgum þykir þetta hátt iðgjald en það er í samræmi við áðurnefnt markmið sem sett hefur verið. Iðgjaldið hérlendis þykir ekki hátt

ef miðað er við samanburðarlönd okkar og þar tekin saman iðgjöld til lífeyrissjóða og skattar vegna gegnumstreymis almennatrygginga. Sem dæmi má nefna að í Hollandi og Noregi fer stór hluti tekjuskattsins til fjármögnunar á gegnumstreymiskerfi hins opinbera[2] (e. pay as you go). Í slíkum kerfum er yfirleitt um réttindaávinnslu að ræða en þó með skerðingum gagnvart þeim tekjuhæstu.

Frá árinu 2004 hefur stærri hluti ellilífeyris komið frá lífeyrissjóðum en frá almennatryggingum hins opinbera og mun hlutdeild sjóðanna halda áfram að aukast á næstu árum. Vegna mikilvægis lífeyrissjóðanna og algjörar skylduaðildar, sem að vissu leyti er hægt að líkja við opinbert kerfi, hefur íslenska lífeyrissjóðakerfið verið undanþegið tilskipun ESB um starfstengda lífeyrissjóði. Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að lágmarkssamræmingu meðal starfstengdra lífeyrissjóða innan evrópska efnahagssvæðisins (EES). Miðað við samfélagslega stöðu og hlutverk lífeyrissjóðanna eru þeir að flestu leyti mikilvægasta stoð lífeyris hérlendis. Almennatryggingar hins opinbera hafa svo meðal annars það hlutverk að bæta stöðu þeirra sem ekki hafa náð að afla sér nægjanlegra réttinda innan lífeyrissjóðakerfisins og veita að einhverju leyti öryggisnet (e. social security).

Samfélagslegt vægi íslenskra lífeyrissjóða er alltumlykjandi, einstakt í alþjóðlegum samanburði og ábyrgð þeirra því mikil.

Lokaorð

Ljóst er að lífeyrissjóðakerfið er á tímamótum um þessar mundir. Það er stórt, með mikla fjárfestingarþörf og samtímis mikilvægasta uppspretta lífeyristekna núverandi lífeyrisþega og næstu kynslóða. Nú hefur ríkisstjórnin boðað umbætur á lífeyriskerfinu í nánu samstarfi við hagsmunaaðila. Nauðsynlegt er að ná góðri samstöðu meðal hagsmunaaðila um framtíðarsýn og mikilvægt að forðast skammtímalausnir sem taka mið af núverandi aðstæðum í þjóðfélaginu.

Höfundur starfar í Seðlabanka Íslands við áhættugreiningu á lífeyrismarkaði. Skoðanir sem settar eru fram í greininni eru hans eigin og lýsa ekki endilega afstöðu Seðlabanka Íslands.

[1] Lífeyrishlutfall: Ellilífeyrir sem hlutfall af meðalævitekjum m.v. 40 ára starfsævi

[2] Iðgjald launþega til gegnumstreymiskerfis í Hollandi nema 18% af launum og 7,5% í Noregi (Folkestrygden). Iðgjöld vinnuveitenda til lífeyrissjóða í þessum löndum eru háð kjarasamningum og fleiri þáttum og geta numið allt frá 2-20%.

Skotsilfur



Tímamót

Það hefur farið fyrir brjóstið á ýmsum hve fyrirferðar-miklir Norðmenn eru í hluthafahópi íslenskra fisk-eldisfyrirtækja. Þau tímamót urðu að íslenskur lifeyrissjóður mun í fyrsta skipti eiga hlut í fiskeldi. Gildi, sem stýrt er af **Árna Guðmundssyni**, mun fjárfesta fyrir allt að 3,3 milljarða í útboði Arnarlax. Lifeyrissjóðir hefðu getað komið fyrir í hluthafahópin og við það keypt á lægra verði. Áður en norska laxeldið SalMar eignaðist meirihluta í Arnarlaxi, bauðst helstu lifeyrissjóðum að fjárfesta í fyrir-tækinu en þeir afþökkuðu boðið.



50 milljarða

Heiða Björg Hilmis-dóttir borgarfull-trúi, og sam-kvæmt vefsíðu Samfylkingarinnar, varaformaður þess flokks, lét hafa eftir sér um helgina að ríkið ætti að láta 50 milljarða renna til Reykjavík-urborgar. Rókin voru að Reykjavík væri borg allra landsmanna og því ætti skattgreiðendum að vera ljúft og skylt að senda borginni þetta fjárframlag til að takast á við tekju-fall vegna heimsfaraldursins. Nú liggur fyrir að ólíkt ríkissjóði hefur borgin hlaðið upp skuldum í mesta góðæri Íslandssögunnar. Það gæfi ekki gott fordæmi ef skattgreið-endur á landinu öllu væru látnir standa undir slíkri óráðsiu.



Loka öllu

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir var meðal gesta í Silfri Egils þann 15. mars síðastliðinn. Þar sagði hann meðal annars: „Við getum ekki komið í veg fyrir að veiran fari um samfélagið. Við viljum bara að hún sýki ekki veikustu einstaklingana sem fara hvað verst út úr sýkingunni [...] Við erum að reyna að búa til ónæmi í samfélaginu á hægum og öruggan hátt.“ Sóttvarnalæknirinn bætti svo við að það væri þá þegar í mars of seint í rassinn gripið að ætla að loka landamærum. Loks sagði hann: „Fólk er eðlilega hrætt við veiruna og vill að allt sem hægt er sé gert. Þá dettur fólk fyrst í hug að loka öllu,“ en þarna mátti skilja lækninn sem svo að slæm hugmynd væri að skella öllu í lás, hvort sem það heita landamæri eða atvinnustarfsemi. Spurningin er þá sú hvort Þórólfur hafi sjálfur breytt um afstöðu eða hvort hann hafi fengið á sig pólitískan þrýsting?



„Ekki hærri skatta,“ hrópuðu mótmælendur



Mótmælendur komu saman og mótmæltu mögulegu samkomulagi á milli Kosta Ríka og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að hækka skatta á landsmenn. Ríkið reynir nú að fá 1,75 milljarða Bandaríkjadala lán frá AGS. Ríkissjóður Kosta Ríka var rekinn með halla sem nam sex prósentum af landsframleiðslu í fyrra. Horfur eru á að hallinn verði tíu prósent af landsframleiðslu í ár, vegna aðgerða í tengslum við COVID-19. MYND/AFP

Styður fjármálakerfið fyrirtækin?



Ólafur Stephensen
framkvæmda-
stjóri Félags at-
vinnurekenda

Í upphafi kórónaveirukreppunnar stóðu vonir til þess að fjármálakerfi landsins myndi standa þétt við bakið á fyrirtækjum sem hafa tapað stórum hluta tekna sinna vegna heimsfaraldursins og stjórnvöld hafa gripið til ýmissa aðgerða til að gera fjármála-stofnunum það kleift.

Á félagsfundi Félags atvinnurekenda í maí var Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra spurður hvernig mætti mæta vanda fyrirtækja sem fellu rétt utan skilyrða fyrir þátttöku í úrræðum stjórnvalda á borð við stuðning á uppsagnarfresti. Fjármálaráðherrann svaraði því til að við slíkar aðstæður bæri fjármálakerfið „ríkar skyldur“ og lánaúrræði með ríkisábyrgð ættu að tryggja fyrirtækjum lægstu mögulegu vexti. Þar er annars vegar um að ræða brúarlánin svokölluðu með ríkisábyrgð að hluta og hins vegar stuðningslán með fullri ríkisábyrgð á fyrstu tíu milljónum.

Seðlabankinn hefur lækkað stýrivexti niður í sögulegt lágmark og auk þess gripið til ýmissa úrræða sem áttu að greiða fyrir útlánunum

bankanna til fyrirtækja, til dæmis lækkað bindiskyldu og breytt henni til að rýmka lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja, slakað á eiginfjárkröfum, hætt að bjóða 30 daga bundin innlán í Seðlabankanum og veitt tíma-bundna lausafjárfyrirgreiðslu í formi veðlána.

Margir atvinnurekendur upplifa það hins vegar sem svo að fjármálakerfið standi ekki með þeim á þessum erfiðu tímum. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans hafa að sumu leyti ekki skilað sér sem skyldi.

Brúarlánin misheppnuð

Enn sem komið er hefur aðeins frétt af því að eitt brúarlán hafi verið veitt. Ríkið ábyrgist 70% af brúarlánunum og bankarnir virðast mjög tregir að taka þá áhættu sem felst í þeirra 30%. Í lok ágúst gagnrýndi Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri að hluti bankans af eina brúarláninu sem veitt hefur verið, lán Arion banka til Icelandair Hotels, bæri 25% vexti. Brúarlánin eru augljóslega misheppnuð aðgerð sem stjórnvöld þurfa að hugsa upp á nýtt.

Stuðningslánin, sem byrjað var að veita í júlí, hafa reynzt betur. Í lok september hafði verið veitt 651 stuðningslán til fyrirtækja, samtals að upphæð um 4,5 milljarðar króna.

Fyrirtæki í greiðsluhléi voru tæplega 1.800 þegar mest var í lok júlí, en hafði fækkað um helming, eða niður í rúmlega 900, um síðustu mánaðamót. Nú þegar ný bylgja faraldursins

●● Það hlýtur að koma til skoðunar að Seðlabankinn setji meiri kraft í uppkaup á ríkisskuldabréfum til að stuðla að lækkun vaxta á langtíma-skuldbindingum.

riður yfir með lokunum og fallandi eftirspurn er hætt við að fyrirtækjum í greiðsluhléi fjölgi á ný.

Vaxtaálag bankanna á fyrirtækjalánunum rauk upp á síðasta ári, þrátt fyrir vaxtalækkunir Seðlabankans. Þótti mörgum sem kröfur Fjármálaeftirlitsins ynnu þá á móti vaxtalækkunum bankans, en nú hafa þessar stofnanir runnið saman og stjórnækin ættu að vinna saman. Þótt bankinn hafi haldið vaxtalækkunum áfram á þessu ári og stýrivextir hafi aldrei verið lægri hefur vaxtaálagið áfram hækkað. Rannveig Sigurðardóttir varaseðlabankastjóri mat það þó svo á félagsfundi FA í síðasta mánuði að álagið hefði náð hámarki. Seðlabankinn litur augljóslega svo á að vaxtalækkun hans hafi ekki skilað sér sem skyldi til fyrirtækja; þannig hefur seðlabankastjóri ítrekað látið hafa eftir sér að vaxtastefnan hafi síður miðlæzt til fyrirtækja en heimila.

Þrátt fyrir aðgerðir Seðlabankans

til að rýmka um lausafé bankanna hafa mörg fyrirtæki haft síðri aðgang að fyrirgreiðslu hjá bönkunum en þau höfðu fyrir ári, jafnvel þótt þau séu í ágætum rekstri.

Í síðustu þjóðhagsspá Hagstofunnar, sem birt var í byrjun mánaðarins, kemur fram að aðgerðir stjórnvalda hafi enn sem komið er einungis stutt litillega við vöxt útlána til fyrirtækja. Í fyrsta sinn um árabíl eru upp- og umframgreiðslur fyrirtækja á lánunum sínum hærri tala en nýjar lánveitingar bankanna til fyrirtækja. Munurinn er nánar til tekið rúmlega tveir milljarðar króna eins og staðan var í lok júlí.

Stjórnvöld gangi í takt

Ríkisstjórnin og Seðlabankinn hljóta í sameiningu að skoða hvernig megi auðvelda fjármálakerfinu enn frekar að uppfylla þá skyldu sína að styðja við fyrirtækin í kórónaveirukreppunni. Varaseðlabankastjóri nefndi á áður nefndum fundi FA ónotað tæki í verkfæraakistum bankans, sem væru veðlán með útlánahvata, en í þeim fælist að lánastofnanir fengju lán með hagstæðari vöxtum ef þær lánuðu til fyrirtækja. Það hlýtur sömuleiðis að koma til skoðunar að Seðlabankinn setji meiri kraft í uppkaup á ríkisskuldabréfum til að stuðla að lækkun vaxta á langtíma-skuldbindingum. Skoða þarf betur samspil hinna ýmsu stjórnækja Seðlabankans. Ríkisstjórnin þarf að endurskoða sín úrræði til að styðja við útlán bankanna til fyrirtækja.

Er ekki kominn tími?



Ingunn Ólafsdóttir
formaður Félags um innri endurskoðun

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 var farið af stað með endurskoðun á fjármálastjórn ríkisins. Eitt af því sem kom út úr þeirri vinnu

voru lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Markmið laganna er meðal annars að tryggja heildstæða stefnumörkun í opinberum fjármálum, skilvirka og hagkvæma opinbera fjárfstjórn og virkt eftirlit með stjórn og ráðstöfun opinbers fjár.

Nú standa yfir umræður á Alþingi um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 og fjárlagafrumvarp ársins 2021. Ljóst er að skatttekjur munu dragast verulega saman og útgjöld ríkisins þenjast út vegna COVID-faraldursins og þeirra ýmsu aðgerða

●● Samanlagður halli árána 2020 og 2021 stefnir í 600 milljarða.


sem stjórnvöld hafa gripið til við að milda höggið á fyrirtæki og einstaklinga. Samanlagður halli árána 2020 og 2021 stefnir í 600 milljarða og gert er ráð fyrir að skuldasöfnun ríkissjóðs stöðvist við 59% af vergri landsframleiðslu í lok árs 2025 en

til þess að það náist þarf að grípa til mikillar hagræðingar í rekstri ríkisins í lok tímabilsins.

Þetta skuldahlutfall er langt umfram þau leyfilegu mörk sem koma fram í 7. gr. laga um opinber fjármál og því hefur fjármála- og efnahagsráðherra lagt fram frumvarp um breytingar á þeim þess efnis að greinin gildi ekki fyrir árin 2023-2025.

Rétt er að vekja athygli á 65. gr. laga um opinber fjármál sem ekki hefur verið innleidd nú þegar fimm

ár eru liðin frá gildistöku laganna. Þar er kveðið á um að framkvæma skuli innri endurskoðun hjá ríkinu á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur. Innri endurskoðun hefur það hlutverk að stuðla að því að stjórnvöld nái markmiðum sínum með því að hafa óháð eftirlit með ráðstöfun fjármuna en einnig að meta hvort nýting þeirra sé hagkvæm og skilvirk og til þess fallin að ná settum markmiðum. Er þetta ekki rétti tíminn til að huga að innri endurskoðun hjá ríkinu?



Góð yfirsýn yfir reksturinn

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Bókhald / Laun / Skattur / Ráðgjöf



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson



Sjóðbinding

Þegar öllu er á botninn hvolft er íslenska lífeyriskerfið ágætlega heppnað. Það er vissulega þörf á ýmsum finstill-ingum – jafnvel einstaka kerfis-breytingum – en varhugavert er að umbylta kerfi sem heldur utan um sparnaðinn sem landsmenn treysta á að verði til staðar á ævkvöldinu. Allar breytingar þurfa að vera vel ígrundaðar.

Í umfjöllun Markaðarins í síðustu viku var rætt við fjölmarga stjórnendur, sérfræðinga og einka-fjárfesta svo að unnt væri að álykta hvaða breytingar viðskiptalífið vildi sjá í lífeyriskerfinu. Langflestir viðmælendur nefndu þrjú atriði. Í fyrsta lagi væri lífeyriskerfið orðið of stórt fyrir íslenska hagkerfið. Í öðru lagi þyrfti að auka frelsi ein-staklinga við ávöxtun séreignar-sparnaðar til þess að vinna gegn samþjöppun valda í fjármálakerf-inu. Og í þriðja lagi þyrfti að búa svo um hnútana að sjóðfélagar gætu kosið með fótunum ef þeim hugnast ekki stjórn sjóðanna.

Þetta eru skynsamlegar tillögur – að baki þeim búa engar annarlegir hvatir. En, eins og viðbúið var, fóru þær öfugt ofan í verkalýðsforingja sem eru helteknir af róttækri hug-myndafræði. Einn þeirra sagði að tillögurnar væru það sem „stór-eignastéttin kallar að sölsa undir sig lífeyrissjóðina“. Eins og tuttugasta öldin vitnar um er það engin nýlunda að efsta lagið í sósíalísku valdakerfi berjist gegn valddreifingu og frelsi til að kjósa með fótunum þegar til kastanna kemur.

Það verður að teljast ólíklegt að beint lýðræði í sjóðunum sé full-nægjandi lausn. Fátægleg lýðræðis-hefð endurspeglar í því að einungis nokkrir tugir sækja ársfundi hjá sjóðum þar sem fjöldi sjóðfélaga skiptir tugum þúsunda. Kerfi, sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt um ráðstöfun lífeyrissparnaðar, hefur alið af sér sinnuleysi. Sjóðfélagalýð-ræðið þarf fyrst að ná ákveðnum þroska svo að koma megí í veg fyrir að skipulagðir hagsmunahópar geti tekið yfir sjóði á fásóttum fundum.

Eins og kom fram í máli við-mælenda úr viðskiptalífínu þarf að draga úr þeirri fjarlægð sem hefur skapast á milli fólks og sparnaðar þess. Það er gert með því að auka frelsi í ráðstöfun séreignarsparn-aðar og draga úr skylduaðild að lífeyrissjóðum eins mikið og hægt er. Þó að viðfangsefnið sé flókið – sjóðirnir eru mismunandi hvað varðar samsetningu sjóðfélaga og þar með þyngd örorkubyrða – er ekki hægt að fallast á að það sé með öllu óleysanlegt.

Þetta er brýnt mál. Sjóðfélagar eiga að geta gengið að því vísu að ávöxtun lífeyrissparnaðar sé það eina sem vakir fyrir stjórnnum sjóðanna. Enginn vafi má leika á því. Skylduaðild í bland við helm-ingaskipti stjórna á milli samtaka atvinnurekenda og verkalýðs-hreyfinga er einstaklega óheppi-legt fyrirkomulag þegar spennan á milli þessara tveggja fylkinga fer vaxandi.

UMHVEREIÐ



Guðjón Ó

VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Stoðir hagnast um 2,5 milljarða

Stoðir, eitt stærsta fjárfestingafélag landsins, skil-uðu um 2,44 milljarða króna hagnaði á þriðja fjórðungi þessa árs. Það er sambærileg afkoma og á öðrum ársfjórðungi þegar félagið hagnaðist um 2,55 milljarða.

Þetta kemur fram í afkomuyfirliti sem var sent til hluthafa í gær og Markaðurinn hefur undir höndum. Fyrir fyrstu níu mánuði ársins nemur hagnaður Stoða tæplega tveimur millj-örðum króna en í lok september var bókfært eigið fé félagsins um 27,1 milljarður króna.



Fjárfestingaeignir Stoða, sem er stór hluthafi í Siman-um, TM og Arion banka, voru metnar á 23,5 milljarða og þá átti félagið um 3,6 milljarða í reiðufé.

Stærstu hluthafar Stoða eru meðal annars félög á vegum Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Stoða, Einars Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, og Örvars Kjærnested, stjórnar-manns TM. – hae

Jón Sigurðsson,
stjórnarformaður Stoða

09.10.2020



Legg til að stjórnvöld flytji inn sérfræðinga frá Norður-Kóreu til aðstoðar. Þeir vita örugglega hvernig á að loka löndum og allri starfsemi, svo vel sé.



Brynjar Nielsson, þing-maður Sjálfstæðis-flokksins



SKILRÚM



Til á lager

standskilrúm

og borðskilrúm

25%

AFSLÁTTUR



2020

Fransískaeignir

2018-2020

Fyrirmyndarfréttir

Íslenskaeignir

Hirzlan

SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

RAMMASAMNINGUR VIÐ RÍKISKAUP

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opinn mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Auglýstu eftir rétta starfskraftinum í

MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS*

***Samkvæmt prentmælingum Gallup**



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Brosuð og tökum inn góðgerla

Heilsufræðingurinn Viðir Þór Þrastarson mælir með Optibac-góðgerlum sem lifa af ferðalagið í gegnum meltingarveginn, geta byggt upp heilbrigða þarmaflóru og bætt ónæmiskerfið.

Byrjum á að skoða hvað ónæmiskerfið er. Í einföldu máli er það kerfi lífrænna ferla í líkamanum sem starfa saman og vernda okkur gegn meiðslum, eitrefnum, bakteríum og jafnvel streitu,“ útskýrir Viðir Þór Þrastarson, íþrótta- og heilsufræðingur.

Hann segir flesta vita þetta um ónæmiskerfið.

„Hins vegar vita færri að 70 prósent ónæmiskerfisins eru að finna í meltingarveginum. Það gefur til kynna að skilvirkasta leiðin til að styrkja ónæmiskerfið sé að hlúa að heilsu meltingarvegarins, meðal annars gegn flensu og COVID-19.“

Góðgerlar bæta meltinguna

Skoðum nánar hvað felst í því að 70 prósent ónæmiskerfisins séu í meltingarveginum.

„Þegar við erum með heilbrigða þarmaflóru, sem samanstendur að mestu af vinveittum góðgerlum, gefur það gríðarlega sterka vörn gegn bakteríum og vírusum. Að sama skapi getur það boðið hættunni heim sé þarmaflóran í ójafnvægi,“ upplýsir Viðir.

Hann bendir á ýmsar leiðir til að byggja upp heilbrigða þarmaflóru.

„Flestir þeirra ættu að vera „common sense“, ef ég sletti aðeins. Að borða í grunninn fjölbreytta, hreina og ferska matvöru, eins og náttúran gefur okkur, og sem minnst af unnum matvælum. Drekka vel af hreinu vatni, stunda reglubundna líkamsrækt og passa upp á svefninn,“ segir Viðir.

Allur gangur sé þó á hvort farið sé eftir þessu.

„Það er einu sinni svo að við berum sjálf ábyrgð á eigin heilsu og líkami okkar er það mikilvægasta sem við eigum. Ég hvet því alla til að gera sitt besta til að varð-



Viðir Þór Þrastarson er íþrótta- og heilsufræðingur. MYND/ÞSEND

”Venjum okkur á að borða hollan mat, hreyfa okkur reglulega, brosa og taka daglega inn góðgerla.

veita heilsuna eins vel og kostur er. Nútímalífsstíll, með tilheyrandi álagi og streitu, getur unnið á móti árangrinum, en hægt er að fá hjálp til að ná jafnvægi og þar langar mig að nefna góðgerla í fæðubótaformi,“ segir Viðir.

Verðlaunaðir góðgerlar


Breska fyrirtækið Optibac Probiotics sérhæfir sig í góðgerlum með það að markmiði að hjálpa fólki að byggja upp heilbrigða þarmaflóru.

„Góðgerlar styrkja ónæmiskerfið og vörur Optibac eru vel rannsakaðar og virkni þeirra sönnuð. Gerlarnir lifa af ferðalagið í gegnum meltingarveginn, fjölga sér þegar neðar er komið og byggja þannig upp heilbrigða þarmaflóru,“ útskýrir Viðir.


Optibac for everyday er verðlaunuð vara og inniheldur hvert hylki fimm milljarða góðgerla af sex mismunandi stofnum, þar á meðal Lactobacillus, Lactococcus og Bifidobacterium. Einnig 88 mg af trefjum (FOS). Hylkin þarf ekki að geyma í kæli.

„Hylkin mega allir nota frá eins árs aldri og er hægt að opna þau og blanda í grauta, þeytinga eða safa. Venjum okkur á að borða hollan mat, hreyfa okkur reglulega, brosa og taka daglega inn góðgerla,“ hvetur Viðir okkur öll.


Optibac-góðgerlarnir fást í apótekum, í Heilsuhúsinu og í heilsuhillum matvöruverslana.



Optibac for women er mest rannsakaða góðgerlablandan vegna sveppasýkingar á kynfærasvæði kvenna. Rannsóknir hafa sýnt að við inntöku ná gerlarnir að styðja við gerlaflóru legganga.



Optibac for babies and children er fyrir börn með meltingarvandamál, svo sem kveisu, hægðatregðu og bakflæði. Blandan er einstaklega mild þó hún sé áhrifarík og hana má gefa ungbörnum allt frá fæðingu.



Optibac for every day inniheldur vel rannsakaða góðgerla sem dreifa sér um allt meltingarkerfið. Þeir búa til öfluga og vinveitta flóru sem getur bætt meltingarkerfið og styrkt ónæmiskerfið.

Mildari inflúensa í vetur?

Búast má við því að inflúensutímabilið verði mildara í vetur en oft áður. Tíður handþvottur, grímur og spritt dregur úr smiti á COVID-19, en einnig öðrum pestum eins og inflúensu.

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þetta kemur fram á vefnum forskning.no þar sem segir að sóttvarnir og hreinlæti á COVID-tímum leiði mögulega til þess að flensutímabilið verði mildara en undanfarin ár. Vitaskuld veit enginn fyrir vist hver þróun árlegru inflúensunnar verður enda eru veirur óútreiknanlegar. Þess vegna er hvatt til þess að fólk sem hefur undirliggjandi sjúkdóma eða er viðkvæmt þiggi bólusetningu eins og áður.

Í Noregi voru 44 prósent heilbrigðisstarfsfólks bólusett gegn árlegru inflúensu í fyrra. Markmiðið er þó 75 prósent. Bent er á að á þessu ári sé sérstaklega mikilvægt að heilbrigðisstarfsfólk láti bólusetja sig til að forðast eigin veikindi og að bera smit í viðkvæma sjúklinga. Sömuleiðis er það afar óheppilegt á tíma heimsfaraldurs að missa fólk úr vinnu vegna flensu.

Norska landlæknisembættið hefur lýst yfir áhyggjum af því að einn af hverjum þremur heilbrigðisstarfsmönnum telji sig



Þótt sóttvarnir geti að einhverju leyti komið í veg fyrir smit af inflúensu er bólusetning mikilvæg. MYND/GETTY

» Til að forðast veikindi er rétt að þiggja bólusetningu jafnvel þótt allra smitvarna sé gætt.

ekki þurfa bólusetningu gegn inflúensu. Hvatt er til þess að allir heilbrigðisstarfsmenn fái ókeypis bólusetningu á vinnustað og á vinnutíma. Mikilvægt er að vernda sjúklinga og aldraða.

Bólusetning gegn inflúensu hefur engin áhrif á útbreiðslu kórónaveirunnar. Bent er á að hægt sé að smitast af COVID og inflúensu samtímis sem væri mjög slæmt. Sérstaklega er hvatt til þess að fólk í áhættuhópum fari í bólusetningu. Á hverju ári látast í kringum 900 manns af völdum inflúensunnar í Noregi. Margir verða mjög veikir og þurfa að leggjast inn á sjúkrahús. Inflúensan kemur verst niður á gamla fólkinu. Til að forðast veikindi er rétt að þiggja bólusetningu jafnvel þótt allra smitvarna sé gætt.

Venjulega stendur flensutímabilið frá nóvember fram í apríl. Mest er þó um veikindin í lok desember fram í mars.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýir 2020 Mitsubishi Outlander Hybrid. Flottasta typa með öllum búnaði. Listaverð 6.690.000,-
Okkar verð er 800.000 lægra eða 5.890.000,- Til sýnis á staðnum í nokkrum litum.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu

Benz C200 árg. '96 ek. 260þús sk.'21
Verð 200þús. Uppl. í s. 662 8675

Þjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málingarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupungull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500
GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Erum við að leita **að þér?**

Tilkynningar

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi skipulagslýsing.

Þétting íbúðabyggðar á Selfossi – Aðalskipulagsbreyting.
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar kynnir hér með lýsingu á fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni er gert ráð fyrir að um 0,6 ha.. af opnum svæðum innan þéttbýlissvæðis Selfoss verði breytt í íbúðarsvæði og íbúðum fjölgað um allt að 20. Bygðamynstur og þéttleiki verði í samræmi við núverandi byggð.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi skipulagslýsing.

Hjalladæl á Eyrarbakka – Deiliskipulag.
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar kynnir hér með lýsingu vegna deiliskipulags fyrir Hjalladæl á Eyrarbakka, sem tekur til 6,2 ha. svæðis norðan við Túngötu í framhaldi af Hjalladæl til vesturs og austurs. Fyrir á skipulagssvæðinu eru 25 hús. Áætlað er að bæta við allt að 38 íbúðum á 16 par- og raðhúsalóðum.

Samkvæmt 4. mgr 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun.

Víkurheiði – Deiliskipulagsbreyting.
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurheiðar á Selfossi. Tillagan tekur til 6 lóða á gildandi skipulagi. Lóðum fjölgar og verða alls 15. Markmið breytingarinnar er að auka framboð atvinnulóða af ýmsum stærðum og auka nýtingu svæðisins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi, á skrifstofutíma frá 8-12 og 12:30-15. Einnig eru gögnin aðgengileg á vefsíðu Árborgar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir eða gefa ábendingar við tillögurnar.

Skipulagslýsingar eru í kynningu frá 14.10.2020 til og með 4.11.2020. Athugasemdir og ábendingar berist innan þess tíma.

Deiliskipulagstillaga er auglýst með athugasemdafresti frá 14.10.2020 til og með 25.11.2020.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi, eða á netfangið skipulag@arborg.is

Sigurður Andrés Þorvarðarson
Skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.

Yfir 500 Retigo ofnar seldir í íslensk atvinnueldhús

Allt hjá okkur

5 ára ábyrgð

ORANGE Vision **BLUE Vision**

Ný kynslóð Retigo ofna: **Vision Generation II**
Kynntu þér betur ofnana í **Sýningarsal okkar að Draghálsl 4**

VISION

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geirihf.is
STÓRELÐHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsl 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TÍMAMÓT



Elskulegur faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

Jónas Bjarnason

fyrirverandi
rannsóknarlögreglumaður,

lést miðvikudaginn 30. september.

Vegna samkomutakmarkana verða einungis nánustu ættingjar og aðstandendur viðstaddir útförina, sem verður gerð frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 15. október klukkan 13.00. Athöfninni verður streymt á <https://youtu.be/YkjMojT7fyQ> og einnig er hlekkur á heimasíðu Bústaðakirkju, kirkja.is.

Lilja Jónasdóttir
Gunnar Örn Jónasson
Sigrún Jónasdóttir
Óskar Jónasson

Stefán Atli Halldórsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Helgi Hallgrímsson

fyrirverandi vegamálastjóri,

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 15. október kl. 13.00.

Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Athöfninni verður streymt á Youtube, undir: Útför Helga Hallgrímssonar.

Margrét G. Schram

Hallgrímur Helgason

Nina Helgadóttir

Ásmundur Helgason

Gunnar Helgason

Þorgerður Agla Magnúsdóttir

Kjartan Valgarðsson

Elin G. Ragnarsdóttir

Björk Jakobsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,

Stefán Gunnarsson

vörubilstjóri á Djúpavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar laugardaginn 10. október.

Útförin fer fram frá Garðakirkju í Garðabæ, sunnudaginn 18. október kl. 14. Vegna aðstæðna verða

aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir.

Upplýsingar um útsendingu athafnarinna má finna á heimasíðu Djúpavogs: www.djupivogur.is

Nina Sigríður Jónsdóttir

Halla Stefánsdóttir

Gunnar Stefánsson

Anton Stefánsson

Sigurður Örn Magnússon

Gemma Ayu Tirta Nandha

Alma Rún Pálmadóttir

og barnabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Þorsteinsson

bóndi,

Heiði, Biskupstungum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
sunnudaginn 11. október.

Ágústa Sigríður Sigurðardóttir

Þorsteinn Sigurðsson

Guðmundur Bjarnar Sigurðsson

Brynjar Sigurgeir Sigurðsson

og fjölskyldur.

Gísli Þórarinnsson

Abigael Sörine Kaspersen

Guðríður Egilsdóttir

Marta Sonja Gísladóttir



Innilegar þakkir fyrir samúð og
hlyðug við andlát og útför ástkærs
eiginmanns, föður, tengdaföður,
afa og langafa,

Sæbergs Þórðarsonar

fasteignasala.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Vífilsstaða,
þriðju hæð, fyrir alúð og góða umönnun.

Magný Kristinsdóttir

Hekla Karen Sæbergisdóttir

Hulda Katla Sæbergisdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Fríðrik Guðmundsson

Drjúg er lykkjustundin

Á vefsíðunni lykkjustund.is sem Nanna Einarsdóttir rafmagnsverkfræðingur hefur sett í loftið aðstoðar hún þrjónafólk við algenga útreikninga til að auðvelda því lífið.

Hún Nanna Einarsdóttir situr ekki auðum höndum þó verkefnum fækki í vinnunni vegna COVID. „Ég hef unnið við hugbúnaðarþróun síðastliðin sjö ár og þrjónað jafnlangi. Þegar samkomubannið stóð yfir í vor gaf ég mér loksins tíma til að sameina þessar ástríður mínar og þetta er útkoman,“ segir hún um vefsíðuna Lykkjustund. Hún kveðst vilja auka tímann sem fari í þrjónið sjálft, en minnka tímann sem fari í undirbúning. Því hafi hún hannað reiknivél auk þess sem lykkjustund.is bjóði upp á grunnuppskriftir fyrir algengustu þrjónaflíkur, aðlagðar að garni sem notandinn velji sér.

Ég bið Nönnu að útskýra þetta tækniundur enn frekar. „Hugsum okkur að ég eigi garn og setjist niður til að þrjóna vettlinga af vissri stærð. Hversu margar lykkjur á ég að fitja upp og hversu mörgum þarf ég að bæta við eftir stroffið? Til að fá svar við þessum og fleiri spurningum set ég þrjónfestu og óskastærð vettlinganna inn í vettlingauppskriftina á lykkjustund.is og fæ sérsniðna uppskrift til baka. Fyrir þá sem ekki vita er þrjónfesta stærð sem lýsir samspili milli grófleika garnsins, sverleika þrjónanna og hversu fast er þrjónað. Með þessum hætti slepp ég við að leita að passandi uppskrift á netinu eða finna gamla vettlinga til að fara eftir. Það sama gildir um sokka- og húfuuppskriftirnar á Lykkjustund.“

Nanna segir þrjónareiknivélina á síðunni bjóða upp á mikla möguleika. „Það verkfæri getur nýst í svo margt,“ segir hún og lýsir notagildinu í sinni einföldustu mynd. „Ég slæ inn hver þrjónfestan mín er og breidd stykkisins sem ég vil þrjóna og reiknivélin segir mér hvað ég eigi að fitja upp margar lykkjur. Hún getur líka tekið mynsturendurtekninu inn í reikningana. Annað dæmi er að í venjulegum uppskriftum er alltaf jafna gert ráð fyrir ákveðinni þrjónfestu, en ég er kannski með annað garn sem mig langar að nota og aðra þrjónfestu. Í þessu tilviki getur reiknivélin umbreytt lykkju-fjöldanum í uppskriftinni út frá þrjónfestunum tveimur og segir mér hvað eigi að fitja upp margar lykkjur með garninu mínu til að fá sömu breidd eða ummál og er á flikinni, samkvæmt uppskriftinni.“

Lykkjustund er fallett orð, segi ég. „Já, föðursystir mín notar það, hún segir stundum „drjúg er lykkjustundin.“



„Ég hef alltaf verið sjálf með einhverja útreikninga í þrjónaskapnum því ég hef gaman af að hanna eitthvað nýtt og spá í mynstur. Vefsíðan flýtir mikið fyrir mér,“ segir Nanna sem hér er með Helenu dóttur sína á handleggnum.



Ég slæ inn hver þrjónfestan mín er og breidd stykkisins sem ég vil þrjóna og reiknivélin segir mér hvað ég eigi að fitja upp margar lykkjur.

ndin.“ Það festist í mér, enda á sú setning vel við í þessu samhengi því með verkfærum vefsíðunnar verður lykkjustundin drýgri en ella því afköstin verða meiri,“ segir Nanna glaðlega. „Ég hef alltaf verið sjálf með einhverja útreikninga í þrjónaskapnum því ég hef gaman af að hanna og spá í mynstur. Vefsíðan flýtir mikið fyrir mér og ég vona að hún komi með flestum að gagni.“ gun@frettabladid.is



Okkar ástkæra móðir,
tengdamóðir og amma,

Helga Helgadóttir

Álfaskeiði 102,
Hafnarfirði,

er lést á líknardeild Landspítalans 29. september, verður jarðsöngin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 16. október klukkan 15. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: <https://promynd.is/live>

Helgi Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Helga Sigurbjörg Árnadóttir

Hildur Ísfold Hilmarsdóttir

og barnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Okkar ástkæri

Magnús Jóhannsson

Hafnarstræti 16,
Akureyri,

lést 7. október

á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Útför hans fer fram föstudaginn

16. október kl. 10.30 frá Akureyrarkirkju.

Í ljósi aðstæðna verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir en streymt verður frá athöfninni á Facebooksíðunni: jarðarfarir.i Akureyrarkirkju – beinar útsendingar.

Elin Björg Jóhannsdóttir
Ingunn Þóra Jóhannsdóttir
Björn Jóhannsson
Jóhann Gunnar Jóhannsson
Ásta Hrönn Jóhannsdóttir
Sólveig Jóhannsdóttir

Sævar Sæmundsson
Skúli Eggert Sigurð
Sigrún Harðardóttir
Ragna Ósk Ragnarsdóttir
Gísli Agnar Bjarnason
Þröstur Vatnsdal Axelsson
Margrét Alfreðsdóttir
og frændsystkin.

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali



frá 3.995



Viðgerðar-kollur

7.495



Viðgerðarbretti

4.895



Jeppatjakkur 2.25T 52cm

19.995



Hjólattjakkur 2T m/tösku

9.795



Vélagálgi 2T

49.999



Álskóflur

1.999



Vélastandur 500kg

9.985



AirBrush loftdæla

19.995



6T Búkkar 605mm Par

9.999



Startkaplar

frá 1.495



Hleðslutæki 12V 6A

4.995

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



15.995

Ranamyndavél

Lunchbox útvarp ryk/regn/frostpólið

24.995



Sandkassa-grafa

4.995



Verðmæta-skápar

frá 4.995



Verkfærasett

4.995



Barnaverkfærasett

2.985



Lím-byssur

frá 995



Vasaljós og lugtír, yfir 30 gerðir



Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is



Verkfæraskápur á hjólum

34.995



Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

99.999



1/2 Toppasett

7.995



1/4 Toppasett

3.995



Toppasett Kraft-mann 94stk

14.995



Verkfærasett 108 stk

5.995



Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle

6.985



Skrall-lyklar 8-17

4.995



Flísa-sög 80mm

13.995



Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm

9.999



Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)

19.995



Metabo KS216 bútsög

16.995



SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

14.995

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík

10°C | 12°C

↑

Egilsstaðir

8°C | 1°C

↑

Ísafjörður

7°C | 13°C

↑

Kirkjubæjarkl

8°C | 3°C

↔

Akureyri

10°C | 1°C

↑

Hveravellir

3°C | 16°C

↑

Suðaustan 10-15 og rigning um vestanvert landið í dag, en sunnan 5-10 og áfram bjart veður norðaustanlands. Hiti 4 til 10 stig að deginum.

Fimmtudagur

Reykjavík

9°C | 7°C

↔

Egilsstaðir

8°C | 1°C

↔

Ísafjörður

5°C | 1°C

↔

Kirkjubæjarkl

7°C | 4°C

↔

Akureyri

8°C | 2°C

↔

Hveravellir

2°C | 10°C

↑

Föstudagur

Reykjavík

7°C | 0°C

↔

Egilsstaðir

3°C | 2°C

↑

Ísafjörður

6°C | 2°C

↑

Kirkjubæjarkl

7°C | 1°C

↔

Akureyri

2°C | 1°C

↔

Hveravellir

2°C | 1°C

↔

LÉTT

			1		5		6	7
9	3			6		4		1
5		6				2	8	
	2	5						3
7	4			3				
		8			2			4
		3	6		1	8		
	5				7	1		
			8	5		7		

MIDLUNGS

4	6			7	2	9		
	3				4	2	1	
				6		5		
	1		4	2				
		8	6					
	2		1		9		3	8
		6			3			7
9	5					4	2	
1								

PUNG

5				7				
	3		2		9	1		
		4	5				6	
	1					7		6
2	5	7				4		
						5	3	
			1	2	6			8
			4	9				
4		6						

Krossgáta

LÁRÉTT

1 bandhönk
5 tré
6 íþróttafélag
8 salta
10 átt
11 umbúðir
12 högg
13 kvk. nafn
15 vagg
17 guma

LÓÐRÉTT

1 refsingar
2 þolinmæði
3 atvikast
4 baka til
7 álandsvindur
9 altan
12 eingöngu
14 blundur
16 tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8					
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT:

1 hespa, 5 eik, 6 fh, 8 fresta, 10 na, 11 val, 12 bang, 13 amal, 15 röllil, 17 karla

LÓÐRÉTT:

1 hefndar, 2 eira, 3 ske, 4 atfan, 7 haf-gola, 9 svalir, 12 bara, 14 mök, 16 ll

Skák

Gunnar Björnsson

Levon Aronian (2.767) átti leik gegn Alireza Firouzja (2.728) í bráðabanaskák á Altibox Norway Chess-mótinu.

Aronian lék **2...Hc2** sem svarað var með **43. Hg7** og tapaði skákinni um síðar á tíma. Hins vegar hefði **42...Hc3+**! að öllum líkindum tryggt honum sigur í skákinni. Firouzja hefur verið í miklu stuði og var efstur eftir sjö umferðir. Magnús Carlsen var í öðru sæti.

www.skak.is: Altibox Norway Chess.

Svartur á leik

★★★★★

Steinþór Guðbjartsson / MorgunblaðiðSteinþór

ANNE METTE

HANCOCK

EPLAMAÐURINN

Ískyggileg og æsi-spenndandi saga eftir höfund *Líkblómsins*

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

Pondus

Eftir Frade Øverli

Ég segi bara að ég er ekki hrifin af birtingarmynd kvenna í sjónvarpi og sýningarbransanum!

Segðu!

Pú þarft að vera ung! Pú þarft að vera mjó! Pú þarft að vera sexi! Líf þitt þarf að vera eins og glansmynd!

Ey! Ef þú ert ekki tilbúin að kveðja líf þitt skaltu forðast dolluna í smástund! Ég var í rosa affermingum!

Einmitt ekkert sameiginlegt með raunveruleikanum!

Nei...

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Flipp! Stapp!

Swiss! Hraer! Hring!

Ertu búin að vera að skoða tónlistina hans Palla aftur?

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

5 hlutir sem foreldrahlutverkið á sameiginlegt BB með háskóla

3. Heimavinnan er púl.



Í LJÓSI SÖGUNNAR



föstudag kl. 9.05

Í ljósi sögunnar hefur verið eitt allra vinsælasta hlaðvarp landsins síðustu ár. Í þáttunum fjallar Vera Illugadóttir um málefni líðandi stundar í ljósi sögunnar. Þættirnir eru frumfluttir á föstudagsmorgnum á Rás 1 en má svo finna í spilara á RÚV.is og öllum helstu hlaðvarpsveitum.

**RÁS 1**

fyrir forvitna

16

MENNING · FRÉTTABLAÐIÐ

14. OKTÓBER 2020 MIÐVIKUDAGUR

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Sólheimar 90 ára Sólheimar í Grímsnesi fagna 90 ára afmæli í ár. Sýnt frá afmælishátíðinni í júlí í sumar. Umsjón: Linda Blöndal

20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.

21.00 21 - Fréttapáttur á miðvikudegi er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringapáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

21.30 Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar eru rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Spaugstofan 2005 - 2006
10.00 Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum
10.25 Grínistinn Laddi eins og hann leggur sig
11.00 Þöndurnar koma - Kafloðnir diplómatar
11.45 Guðrún
12.40 Herra Bean
12.50 Heimaleikfimi
13.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1993-1994
14.15 Viktoría
15.05 Gettu betur 2016 Kvennó - MS
16.05 Lamandi ótti
16.25 Ferðir vikinga
17.20 Poppkorn 1987
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hruturinn Hreinn
18.08 Kúlugúbbarnir
18.30 Hæ Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.48 Minnsti maður í heimi
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan
20.40 Kæra dagbók. Kære dagbog
21.10 Haltu mér, slepptu mér. Cold Feet
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Safari
23.50 George Floyd. Dráp sem skók heiminn. George Floyd. A Killing That Shook The World
00.20 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.10 PGA Tour 2020 Útsending frá Shriners Hospitals for Children Open á PGA.
10.10 PGA Tour 2020 Útsending frá Shriners Hospitals for Children Open á PGA.
13.10 PGA Tour 2020 Útsending frá Shriners Hospitals for Children Open á PGA.
16.10 PGA Tour 2020 Útsending frá Shriners Hospitals for Children Open á PGA.
19.10 Champions Tour Highlights
20.00 PGA Highlights
21.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá KPMG Women's PGA Championship á LPGA Tour.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

SJÓNVARP SÍMANS

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Single Parents Banda-riskur gamanþáttur um hóp af einstæðum foreldrum sem stofna stuðningshóp.
14.25 The Block
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 American Housewife
20.00 The Block
21.00 Transplant
21.50 68 Whiskey
22.30 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 Blue Bloods
01.00 Law and Order. Special Victims Unit
01.45 Tommy Spennandi þáttaröð með Edie Falco í aðalhlutverki. Hún er fyrsti kvenkyns lögreglustjórinn í Los Angeles en starfið er krefjandi og það eru mörg ljón í veginum.
02.30 How to Get Away with Murder
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Listahátíð í Reykjavík 70 ára (2 af 3)
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú!
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Sólon Íslandus (5 af 32)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.05 Manglehorn
11.40 Jane Fonda in Five Acts
13.45 Two Brothers
15.30 Manglehorn
17.05 Jane Fonda in Five Acts
19.15 Two Brothers
21.00 A Bad Moms Christmas
22.40 American Renegades
00.25 Tale of Tales
02.35 A Bad Moms Christmas

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 The Good Doctor
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Feðgar á ferð
10.25 Masterchef USA
11.05 Brother vs. Brother
11.45 Fósturbörn
12.05 Stelpurnar
12.35 Nágrannar
12.55 Falleg íslensk heimili
13.25 Grand Designs
14.15 Gulli byggir
14.40 Hvar er best að búa?
15.10 Kórar Íslands
16.25 Ásiski draumurinn
17.05 Bold and the Beautiful
17.25 Nágrannar
18.00 Fréttir Stöðvar 2
18.22 Sportpakinn
18.28 Veður
18.30 Fréttayfirlit
18.35 UEFA Nations League 2020-2022 Útsending frá leik Ísland - Belgía í Þjóðadeild UEFA.
20.40 Vikinglottó
20.45 The Commons
21.30 The Deceived
22.20 Sex and the City
22.50 Barry
23.20 LA's Finest
00.05 NCIS. New Orleans
00.50 ShriII
01.10 ShriII
01.35 ShriII
02.00 The Bold Type
02.40 The Bold Type
03.20 The Bold Type

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

18.40 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Mom
21.05 Warrior
21.50 His Dark Materials
22.50 Friends
23.10 Ríkið
23.35 Friends
23.55 High Maintenance
00.25 Mom

STÖÐ 2 SPORT

08.15 Dominos körfuboltakvöld
09.30 Markaðáttur Þjóðadeildar Evrópu
09.55 Færeyjar - Lettland
11.35 Spánn - Sviss
13.20 Úkraína - Þýskaland
15.00 Keflavík - Grindavík Útsending frá leik í Lengjudeild karla.
16.40 Pepsi Max mörkin - kvenna
17.45 Ísland - Belgía. Upphitun Hitað upp fyrir leik Íslands og Belgíu í Þjóðadeild Evrópu.
18.35 Ísland - Belgía Bein útsending frá leik í Þjóðadeild UEFA.
21.30 Pepsi Max mörkin - kvenna
22.30 Fréttapáttur Meistaradeildarinnar 2020/2021
22.55 Seinni bylgjan - karla

STÖÐ 2 SPORT 2

06.55 Írland - Wales Útsending frá leik Þjóðadeild UEFA.
08.35 England - Belgía
10.20 Frakkland - Portúgal
12.00 Ísland - Danmörk
13.55 Markaðáttur Þjóðadeildar Evrópu
14.25 Þýskaland - Sviss
16.05 Úkraína - Spánn
17.45 Markaðáttur Þjóðadeildar Evrópu
18.15 The Fifth Quarter
18.35 England - Danmörk Bein útsending frá leik í Þjóðadeild UEFA.
20.45 Markaðáttur Þjóðadeildar Evrópu
21.10 Valencia Basket - Unicaja
22.50 Ítalía - Holland



LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn.
Snertilausar afgreiðslur.



Apótek Lyfsalans:

LYFSALINN GLÆSIBÆ
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI
LYFSALINN URÐARHVARFI

Opið 8.30 - 18.00
Opið 10.00 - 22.00
Opið 8.30 - 18.00

Sími 517 5500 / lyfsalinn@lyfsalinn.is
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

Klár í matarheimsendingar á þyrlu

Jón Þór Þorleifsson opnaði nýlega sýndarmathöll sem kennd er við 101. Honum fannst hugmyndin ekki síst góð þar sem hún leysir persónulegan matarvalkvíða hans með því að tengja saman flatbökur og franskar.

Þetta hefur farið mjög vel af stað og þetta er náttúrlega kjörtíminn til að keyra á svona hugmynd,“ segir Jón Þór Þorleifsson sem ásamt félögum sínum opnaði nýlega 101 Mathöll á netinu.

Hugmyndafræðin á bak við staf-rænu mathöllina er að sögn Jóns Þórs í grunninn sú sama og hjá þeim mathöllum sem hafa fest sig í sessi í raunheimum þar sem alls konar ólíkir veitingastaðir starfi undir sama þaki eins og til dæmis á Hlemmi og úti á Granda.

101 Mathöll er þó aðeins á netinu þar sem fólk getur pantað mat og fengið hann sendan heim. „Það er búin að vera stemning og þetta hentar einhvern veginn vel núna en þetta var á teikniborðinu áður,“ segir Jón Þór þegar hann er spurður hvort um beint COVID-viðbragð sé að ræða.

Engir skilnaðir

„Aðalhugmyndin er þessi togstreita sem ég held að allir hafi lent í þegar það er verið að panta mat og einn langar í pítu en annan í hamborgara og svo er alltaf endað á því að panta það sama þannig að sá sem langaði í hamborgarann eða pítuna er einhvern veginn alltaf að tapa,“ segir Jón Þór um þann sem verður undir í deilunni um hvað eigi að vera í matinn.

„Núna er þetta bara leyst á einu bretti og þú getur bara tæklað þetta allt í einu og fengið allt frá sama staðnum,“ heldur Jón Þór áfram fjallbrattur. „Þetta er náttúrlega bara frikað. Hér er bara fullt af kokkum, geðveikt stuð og allir að elda í sinni stemningu. Síðan kemur þetta bara allt í einum pakka heim og engir hjónaskilnaðir og allir í stuði.“

Pítsa og franskar

Jón Þór er titlaður smali í síma-skránni en hefur meðal annars starfað við kvikmyndagerð og er ekki síst þekktur sem fyrrverandi rokkstjóri tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður þannig að það er ekki alveg úr lausu lofti gripið að spyrja hvernig hann leiddist úr í veitingarekstur.

„Þetta bara bara skemmtileg hugmynd og þegar skemmtilegar



Rokkstjórinn fyrrverandi var í vandræðum með að geta pantað sér þann mat sem hann langar í þangað til hann rakst á góða lausn á því skemmtilega vandamáli.

FRÉTTABLAÐID/
VALLI

SÍÐAN KEMUR ÞETTA BARA ALLT Í EINUM PAKKA HEIM OG ENGIR HJÓNA-SKILNAÐIR OG ALLIR Í STUÐI.

hugmyndir koma upp þá einhvern veginn vill maður taka þátt. Ég held það sé alveg hægt að segja að þetta sé góð og skemmtileg hugmynd og svo eru góðir vinir mínir með mér í þessu,“ segir Jón Þór og fer út í enn persónulegri ástæðu.

„Ég bara þoli ekki að geta ekki pantað mér mat sem mig langar í. Pítsa og franskar er það besta sem ég get fengið saman og það er hvergi hægt að panta pítu og franskar saman nema þarna.“

Heimsending í þyrlu

Jón Þór er lausnamiðaður á fleiri sviðum veitingarekstrar þar sem hann á sér þann draum að geta sinnt heimsendingum eins og fuglinn fljúgandi. „Svo náttúrlega er ég þyrluflugmaður og draumurinn er að það komi einhvern tímann pöntun sem við þurfum að fljúga með á þyrlu. Að einhver hafi fjármagn í það. Það er aldrei að vita hvað gerist,“ segir smalinn og rokkstjórinn fyrrverandi sem tók upp á því á miðjum aldri að læra þyrluflug í Svíþjóð.

„Okkur, sem erum að búa þetta til, finnst svo gaman í vinnunni og þess vegna held ég að þetta verði alltaf bara betra og betra,“ segir Jón Þór og bendir á að mathöllin sé í stöðugri þróun, veitingastaðir bætist jafnt og þétt við og úrvalið eykst þannig að þyrlusendingarnar eru ekkert alveg út úr kortinu.

„Það þarf að vera einhver þróun og þetta er kannski bara í eðli sínu

SÍÐAN ERU LÍKA BARA ÞEIR SEM ERU Í SÓTTKVÍ EÐA EITTHVAÐ OG ÞÁ ER GOTT AÐ GETA BARA LÍKA PANTAÐ PÍTSU OG MJÓLK.

þannig að við getum leyft okkur hraðari og öðruvísi þróun,“ segir Jón Þór og bætir við að ísbúðin Valdís hafi bæst við í síðustu viku og að sushi-staður sé handan við hornið.

Letikastinu bjargað

„Svo er eitt sem maður getur lent í til dæmis á sunnudagskvöldi þegar maður er geðveikt latur, nennir ekki

að elda þannig að það kemur upp hugmynd um að panta mat og allir eru í stuði fyrir það þangað til að einhver fattar að það vantar Cheerios í morgunmatinn. Eða mjólk eða ost eða brauð eða eitthvað svoleiðis. Þá kemur spurningin „eigum við ekki bara að elda?“ ef það þarf hvort eð er að fara út í búð,“ segir Jón Þór með leikrænum tilþrifum.

„Nú er ég að tapa þessum díl hérna um að panta matinn,“ heldur hann áfram þegar hann lýsir angst hins lata. „En við erum búnir að leysa það af því að Bjössabúð er hérna og þú getur pantað allt svona í leiðinni. Þannig að Bjóssi sér um þetta. Ég held það geti oft bjargað letikastinu að við erum bara með litla búð hérna með einhverju svona smotterií og við hugsum þetta þannig að þú getir þá nýtt ferðina. Síðan eru líka bara þeir sem eru í sóttkví eða eitthvað og þá er gott að geta bara líka pantað pítu og mjólk.“ **toti@frettabladid.is**

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

Íslenskt – láttu það ganga

Næstu vikur og mánuði verður þema Fólks – sérblaðs Fréttablaðsins, sem kemur út á föstudögum tileinkað áttakinu Íslenskt – láttu það ganga.

Þegar þú verslar á Íslandi skilar það sér aftur til þín.

ÍSL=NSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

Mark30 plus

skrifstofustóll

TILBOÐ

30% afsláttur

Verð 67.418 kr. án arma

Verð 75.706 kr. með örmum

Hæðarstilling á baki

Armar hæða- og
dýptarstillanlegir,
fæst með og án arma

Pumpa í baki, stillir
stuðning við mjóhrygg

Hallastilling á baki

Hæðarstilling setu og baks

Samhæfð stilling setu
og baks fylgir hreyfingu
notandans



Fjöldi áklæða í boði

Dýptarstilling á setu

Hægt að stilla stífleika setu
og baks eftir þyngd notanda

Mjúk hjól



Á. GUÐMUNDSSON EHF.
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur

sími 510 7300
www.ag.is
ag@ag.is

BAKÞANKAR

Bjarna
Karlssonar



Gríman

Hey, þú!
Þú sem lest þessi orð núna. Ég veit fátt um lífið þitt. Þótt þú segðir mér allt um þig myndi ég lítið skilja. Maður skilur ekki sjálfan sig. Hvað þá aðra. Eitt veit ég þó: Við erum að anda að okkur sama súrefni og þurfum ca. 13 kíló af því á sólarhring. Annað veit ég líka: Þú þráir öryggi og heilsu fyrir þig og þína líkt og ég. Við erum sem sagt stódd í sama loftmassa með sams konar hagsmuni. Kannski ættum við að tala saman.

Hefur þú tekið eftir því hvað fólk fer óvenju varlega þessa daga og reynir að brosa hvert til annars bak við andlitsgrímurnar? Getur verið að við séum öll að hugsa það sama bak við grímuna? Við sem höfum vanist þeirri hugsun að hver rembist við að hámarka eigin árangur í vinnu, líkams-hreysti, fjármálum, ástamálum og öllu öðru. Allt í einu erum við ekki ein að rembast heldur komin í úníform og þjóðfélagið orðið að allsherjar heræfingu. Óvinurinn er ósýnilegur og gerir engan mann-mun svo ekkert dugir nema virk samstaða í þágu heildarinnar. Við sem ætluðum að vera frjáls á eigin vegum sjáum í hendi okkar að ekkert frelsi mun fást nema því sé deilt með öllum. Um leið og við æfum veiruvarnir útvíkkum við hugann og uppgötvum hvað allt er innbyrðis tengt og háð hvað öðru á hnettinum bláa. Landamæri og peningar eru til hliðsjónar en loftstraumar og hafstraumar eru öflin sem ráða.

Erum við kannski öll að hugsa að nú sé tíminn kominn? Tíminn til að leggja saman af stað inn í breytingaferli þar sem við gerum það sem gera þarf svo að við ekki bara komumst út úr Kófinu heldur varðveitum loftmassann okkar og höfin heilbrigð og tryggjum þannig ófæddum kynslóðum öryggi og heilsu? Erum við tilbúin?

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk
ON THE GO

ORKAN

CORNY
PROTEIN BAR
45 G
299
KR/STK
6644 KR/KG



Kvikk
ON THE GO

ORKAN



Verður sönn
vinátta metin til fjár?

Hinir geysivinsælu gamandramapættir **Venjulegt fólk** snúa aftur. Í þriðju þáttaröðinni hangir leikferill Völu og Júlíönu á blápræði. Fjármál Völu stórbatna og Júlíana lendir í fjárhagslegum hremmingum. En sönn vinátta stendur af sér allt, jafnvel gjaldþrot – eða hvað?

Ný þáttaröð af Venjulegu fólki kemur í dag í **Sjónvarp Símans Premium**.

Svona á sjónvarp að vera



VENJULEGT
FÓLK

KFC

orkusalan

HAGKAUP

lays